

HÁKON HÁKONARSON

Tók lagið House of the Rising Sun í Sun Studio

• ferðir • börn

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



112 DAGURINN

Öryggisnet í slysum og áföllum í samfélaginu

Sérblað um 112 daginn

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON

Leikur Þorgeir Hávarsson í Þjóðleikhúsinu

Baltasar Kormákur leikstýrir Gerplu

FÓLK 22



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. febrúar 2009 — 37. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Tvöföld tímamót

Daníel Bjarnason stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn á morgun auk þess sem nýtt verk eftir hann verður frumflutt.



TÍMAMÓT 12

Spilar fyrir milljónir

Pétur Ben kemur fram í vinsælasta tónlistarþætti þýska ríkissjónvarpsins.



FÓLK 22

Tími félagshyggju

„Eftir langan óvissutíma er loksins tekin við ríkisstjórn á Íslandi sem hefur vilja til breytinga,“ skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 10

Krefst sigurs

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari gerir þá kröfu að hans menn leggi Liechtenstein í vináttuleik í dag.




ÍPRÓTTIR 19

VEÐRIÐ Í DAG



ÞYKKNAR UPP Í dag verður vaxandi austanátt suðvestan til, 8-13 m/s síðdegis, annars hægar. Stöku él norðan og austan til annars bjart með köflum. Þykkjar upp sunnan- og vestanlands síðdegis. Talsvert frost.

VEÐUR 4



Fréttablaðið er með 97% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...



Meðalrestur á tölblað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Símanum Capasent í November 2008 - January 2009



BÆNDUR MEÐ KÁTAR KÝR Í KJÓSSINNI Þau Dóra Ruf og Kristján Oddsson að Neðra-Hálsi í Kjós stunda lífrænan búskap. Kýrnar fá því einungis gras að bíta en engan fóðurbæti og svo fara þær inn og út úr fjósi eftir eigin hentisemi. Kristján segir þær hraustar enda fari þær um skellihlæjandi. Þær héldu þó aftur af sér meðan ljósmyndari smelti af.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umboðin í nauðvörn vegna 98% samdráttar

Kaupþing hefur tekið yfir rekstur Heklu. Önnur bílaumboð standa frammi fyrir miklum erfiðleikum vegna erfiðrar skuldastöðu og hruns í bílasölu. Vel á annað þúsund störf undir að mati BGS. Sameining B&L og IH er nauðvörn.

VIÐSKIPTI Kaupþing tók í gær yfir eignarhald bílaumboðsins Heklu. Um 200 manns starfa hjá fyrirtækinu og vona stjórnendur þess að ekki þurfi að koma til uppsagna.

„Hekla hefur verið til í 75 ár, og við stefnum á að fyrirtækið verði til í önnur 75 að minnsta kosti,“ segir Sverrir Viðar Hauksón, framkvæmdastjóri bílasviðs Heklu. Fyrirtækið er með umboð fyrir Audi, Skoda og Volkswagen.

Erfiðleikar Heklu eru ekki einsdæmi meðal bílaumboða. Þar spilar saman hækkan erlendra lána og algert hrun í sölu á nýjum bílum.

Kalla má það áfangasigur fyrir starfsfólk Heklu að rekstur fyrirtækisins haldi áfram, segir

Sverrir. Eigendur fyrirtækisins hafi tekið þá afstöðu að lyklatríði sé að verja fyrirtækið. Vonandi takist það.

„Starfsmenn munu halda áfram að gera sitt besta og vinna sig í gegnum erfiðleikana,“ segir Sverrir. Það sé trú manna að reka megji félagið í núverandi ástandi í gegnum ríkjandi öldudal.

Fyrirverandi eigendur Heklu eiga áfram Öskju og Árfell-Kia, aðskilin en tengd fyrirtæki.

„Það segir sig sjálfst að illa gengur hjá öllum,“ segir Ózur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins. Hann segir umboðin hafa búið sig undir 20 til 35 prósentu samdrátt. Reyndin hafi orðið

algert hrun eftir bankahrunið með samdrætti upp á 95 til 98 prósent.

Bílgreinasambandið hefur bent á tvær leiðir til að bæta stöðu umboðanna. Önnur sé að ríkið lækki vörugjöld á bílum og hin að skattar og gjöld af nýjum bílum reiknist af því gengi sem var þegar bíllinn var fluttur til landsins, ekki tollafgreiðslugengi.

Á annað þúsund manns starfa hjá bílaumboðunum, segir Ózur. Mikið sé því í húfi. Samkeppniseftirlitið samþykkti í síðustu viku kaup bílaumboðsins Ingvars Helgasonar á bílaumboðinu B&L. Líta verður á sameininguna sem nauðvörn í erfiðum aðstæðum, segir Ózur.

- bj

Virtur bandarískur matarrýnir: Íslenskur matur í heimsklassa

FÓLK „Við erum himinlifandi yfir viðbrögðum hans og ég er ekki hissa á að honum hafi líkað hrossalundirnar,“ segir Úlfar Eysteinnsson, veitingamaður á Premur frökkum.

Raymond Sokolov, einn þekktasti matarrýnir Bandaríkjanna, birtir grein í Wall Street Journal um fimm íslenska veitingastaði sem hann snæddi á fyrir nokkrum vikum. Hann hvetur útlendinga til að bregða sér til Íslands og kaupa sér mat á „útsölu“.

- jma / sjá síðu 16

Slökkvilið kallað á Litla-Hraun: Fangi kveikti eld í klefa sínum

LÖGREGLUMÁL Fangi kveikti í ruslafötu í klefa sínum á Litla-Hrauni í gærkvöld. Slökkvilið var kvatt á vettvang og slökkti eldinn. Fangar voru lokaðir fyrir inni í klefum sínum en venja er í gær.

Margrét Frímansdóttir, forstöðumaður fangelsisins, segir að rík ástæða hafi verið til þeirrar aðgerðar. Hún vildi ekki staðfesta hvers vegna gripið hefði verið til þessa, en hugsanlegar ástæður fyrir slíkri lokun væru meðal annars einelti og fíkniefnaneysla.

- kg

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur
6 tommu bátur
349 kr.

SUBWAY

Gildir í febrúar 2009
 Gildir ekki með öðrum tilboðum
 Gildir ekki í Stjórnumáli



Óðinn, var allt í járnnum?

„Já, enda er ég ávallt með mörg járn í eldinum.“

Óðinn Gunnarsson jarðsmíðameistari var valinn iðnaðarmaður ársins 2008 um helgina.

Verkefni ríkisstjórnarinnar: Margt á döfinni

STJÓRN MÁL Forsætis- og fjármálaráðherra kynntu í gær þau verkefni sem ríkisstjórnin hefur á þróunum.

Áætlun um endurreisn fjármálakerfisins liggur fyrir og verður kynnt sérstaklega í dag.

Frumvarp um útgreiðslu séreignarsparnaðar hefur verið samþykkt í ríkisstjórn og ráðgert er að frumvarp um rýmkuð gjaldþrotalaga verði afgreitt á föstudag. Þá stendur líka til að kynna frumvarp um greiðsluþjófnum vegna erlendra lána.

Þá vinnur félagsmálaráðherra að því að koma á fót sérstakri velferðarvakt sem fylgjast á með félags- og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins. - bps

Þorgerður K. Gunnarsdóttir: Vill halda varaformennskunni

STJÓRN MÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir segist muna freista þess að halda áfram sem



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

varaformaður Sjálfstæðisflokksins þegar forystumenn flokksins verða kosnir á landsfundi í lok næsta mánaðar.

Hún hefur setið á þingi fyrir flokkinn síðan 1999. Hún var kjörin varaformaður á landsfundi árið 2005 en þá lét Geir H. Haarde af varaformennskunni. Ekki náðist í Guðlaug Þór Guðlaugsson, þingmann og fyrrverandi heilbrigðisráðherra, sem orðaður hefur verið sem líklegur mótframbjóðandi Bjarna Benediktssonar sem býður sig fram til formanns. - jse

Öryrki dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að misnota seinþroska barn:

Misnotaði kornunga dóttur sína

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt karlmann í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir að brjóta ítrekað kynferðislega gegn dóttur sinni, sem nú er tæplega þriggja ára gömul. Manninum er gert að greiða dóttur sinni 900 þúsund krónur í skaðabætur.

Brotin framdi maðurinn frá sumri 2006 fram í nóvember 2008. Hann mun ekki hafa haft samfarir við stúlkuna, en brotið gegn henni á ýmsan annan hátt, meðal annars sleikt kynfæri hennar ítrekað.

Fram kemur í dómnum að maðurinn eigi við mjög alvarlega persónuleikaröskun að stríða, en sé þó sakhæfur. Enn fremur sé stúlkun

LITLA STÚLKAN ER MJÖG LÖSKUÐ Á SÁL

Stúlkun, sem verður þriggja ára í maí, þykir, að mati dómsins, hafa orðið fyrir miklum sálrænum erfiðleikum af völdum brotanna. Forstöðumaður Barnahúss tók stúlkuna í meðferð og segist „aldrei áður hafa séð svona sterka kynferðislega hegðun hjá svona ungu barni“. Hún biðji fólk ítrekað um að stunda með sér kynferðislegt athæfi, snerti kynfæri sín í tíma og ótíma, klæði sig óumbeðin úr fötum og líki eftir kynmökum með tuskudýrum.

seinþroska. Foreldrar stúlkunnar eru báðir öryrkjar. Í febrúar 2007 kærðu barnaverndaryfirvöld fólkid og kröfðust þess að þau yrðu svipt forsjá yfir barninu. Við því var ekki orðið.

Við leit á heimili mannsins fundust kynlífshjálpartæki og klámefni. Á heimili föðurömmu stúlkunnar,

sem gætti hennar oft, fundust einnig kynlífshjálpartæki og klámspólur, meðal annars ein sem sýnir hálfbróður mannsins, dæmdan kynferðisbrotamann, stunda kynlíf. Sá býr nú í Taílandi.

Maðurinn neitaði sök en þótti ótrúverðugur. Stúlkun býr nú hjá fösturforeldrum. - sh

Opnað á útgreiðslu séreignarsparnaðar

Fjármálaráðherra telur að um fjörutíu milljarðar af séreignarsparnaði landsmanna kunni að koma til útgreiðslu á næstu árum. Opnað verður fyrir útgreiðslu með nýjum lögum. Séreignarsparnaðurinn verður ekki aðfararhæfur.

STJÓRN MÁL Eigendum séreignarsparnaðar í lífeyrissjóðum og bönkum verður gert kleift að taka út sparnað sinn á næstu árum. Útgreiðslur verða háðar ýmsum skilyrðum.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra greindu í gær frá því að frumvarp um málið hefði verið samþykkt í ríkisstjórn í gærmorgun. Það fer að líkindum fyrir þingflokka stjórnarflokkaanna í dag og verður í framhaldinu lagt fram á Alþingi.

Steingrímur segir að samkvæmt frumvarpinu geti fólk sótt um að taka út séreignarsparnað frá gildistöku laganna, sem vonandi verði 1. mars, og fram til hausts 2010. Útgreiðslur geti staðið fram á haust 2011. Fólk geti sótt um að fá útgreiðslur samkvæmt tilteknum reglum, greiðslunum verði dreift í jafnar upphæðir sem komi til útgreiðslu á einu ári.

Ekki fást upplýsingar um hvaða reglur munu gilda um útgreiðslur.

Landsmenn eiga alls um 300 milljarða króna í séreignarsparnaði en miðað við þær takmarkanir sem frumvarpið ráðgerir að verði á útgreiðslum segir Steingrímur að hámarksfjárhæð sem lögín munu ná til sé á milli 80 og 90 milljarðar.

„Við gerum að sjálfsgöðu ekki ráð fyrir að nema hluti af því verði tekinn út, ekki síst vegna þess að þetta er hagstætt sparnaðarform,“ segir Steingrímur. Þeir sem ekki séu í þörf fyrir að nota þessa peninga ávaxti þá því áfram.

Steingrímur telur að 40 til 50



MÁLID KYNNT Forsætis- og fjármálaráðherra kynntu í gær áform sín um að opna á útgreiðslu séreignarsparnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

prósent fjárhæðarinnar kunni að koma til útgreiðslu en það eru á bilinu 36 til 45 milljarðar króna. Hann segir að svo verði búið um hnútana að kröfuhafar geti ekki gert tilkall til séreignar skuldnauta. „Kröfuhafar geta ekki á nokkurn hátt þvingað viðkomandi í þessum efnun og eigandinn á rétt á að stöðva greiðslurnar til sín ef beita á hann slíku,“ segir Steingrímur.

Hann tekur skýrt fram að málið sé útfært á þann veg að sjóðirnir komist ekki í vandræði sem og að útgreiðslur verði ekki á kostnað þeirra sem áfram geyma sitt fé í þeim.

Hrafn Magnússon, fram-

kvæmdastjóri Landsamtaka lífeyrissjóða, segir að sjónarmið samtakanna hafi hlotið skilning ríkisstjórnarinnar. Mikilvægt sé að staðið sé að opnun útgreiðslna með ákveðnum skilyrðum.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur lagt fram frumvarp sama efnis. Hrafn segir það ekki gott. „Frumvarp Sjálfstæðisflokksins er algjörlega opið. Þar er gert ráð fyrir að sparnaðurinn geti farið til greiðslu húsnæðislána. Okkur finnst það alltof mikil opnun því það er ljóst að lífeyrissjóðir geta átt í vandræðum með að innleysa sínar eignir.“

bjorn@frettabladid.is, ghs@frettabladid.is



NAUMT FORSKOT Tzipi Livni utanríkisráðherra fagnaði útgönguspám í gærkvöld. - bps

Kosningar í Ísrael: Kadima með nauma forystu

ÍSRAEL Kadimaflokkurinn, sem Tzipi Livni utanríkisráðherra leiðir var með naumt forskot á Likud-flokkinn samkvæmt útgönguspám í gærkvöldi í kosningum til Knesset, ísraelska þingsins.

Samkvæmt þeim fengi hann 28-30 þingsæti af 130 en Likud-flokkurinn, sem Benjamin Netanyahu, fyrrverandi forsætisráðherra leiðir, fengi 26 til 28 sæti. Likud-flokknum hafði verið spáð sigri í kosningunum en Netanyahu hefur sagt að hann taki ekki til greina að skila Gólanhæðum til Sýrlendinga til að liðka um fyrir friðarviðræðum. - jse

Nágrannar festa ekki svefn: Meint vændi við Hverfisgötu

LÖGREGLUMÁL Íbúar í fjölbýlishúsi við Hverfisgötu segja vændi vera stundað þar í húsinu og kvarta þeir undan hávaða sem af því hefur hlotist og haldið fyrir þeim vöku í þrjár vikur. Lögreglan hefur málið til skoðunar. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 en fréttamaður fór í umrædda íbúð og var þar sagt að kona að nafni Catalina Ncoco ræki starfsemina sem þar færi fram. Aðspurð sagði hún að konurnar í íbúðinni „skemmtu körlum“ og ekkert væri athugað við það. - jse

Heilbrigðisráðherra segir form dagdeildar geðdeildar ekki skipta mestu máli:

Vongóður um St. Jósefsspítala

HEILBRIGÐISMÁL Unnið er samkvæmt því markmiði að viðhalda starfsemi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, segir heilbrigðisráðherra, Ógmundur Jónsson. Spurður hvort hann sé vongóður um að þetta takist, svarar hann játandi.

„En ég er að leita eftir sjónarmiðum og það verða engar ákvarðanir teknar fyrr en þeirri vegferð er lokið,“ segir hann. Það ætti að gerast innan skamms.

Um það bil 400 milljónir eiga að sparast með því að hætta að mestu starfsemi spítalans. Spurður um þær, segist ráðherrann vilja tjá sig betur síðar.

Árni Sverrisson, forstjóri St. Jósefsspítala, hefur fundað með ráðherra vegna þessa og segir engar niðurstöður af þeim fundi. En mjög gott hljóð hefði verið í ráðherranum.

Ógmundur hefur einnig horft til dagdeildar geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri, sem á að sameina göngudeildinni. Hann segir þau mál einnig í skoðun.

„Ég vil sannfæra um að fólk fái viðunandi þjónustu, en formið er kannski ekki það sem ég horfi mest til,“ segir hann.



ST. JÓSEFSSPÍTALI Mikill styr hefur staðið um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi St. Jósefsspítala. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Halldór Jónsson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri, segir að fundur sinn með ráðherranum hafi verið til upplýsingar, en ekki ákvörðunar. - kóp

20% MEIRA MAGN

ostur.is NÝJAR OG HANDHÆGARI UMBÚÐIR

Fermingartilboð 2009



Crown
heilsurúm



Aðeins
kr. 10.330,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 117.440,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro standard
heilsurúm



Aðeins
kr. 11.987,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 136.640,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro Deluxe
heilsurúm



Aðeins
kr. 12.665,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 144.640,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Sjá nánar á www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	111,78 112,32
Sterlingspund	165,56 166,36
Evra	144,85 145,67
Dönsk króna	19,435 19,549
Norsk króna	16,707 16,805
Sænsk króna	13,767 13,847
Japanskt jen	1,2238 1,2310

SDR	167,45	168,45
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	179,944	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Fjármálaráðherra biður bankaráðsformenn að draga til baka uppsagnir sínar:

Vilja hætta bankanna vegna

STJÓRNSÝSLA Stjórnarformenn Nýja Kaupþings og Nýja Glitnis tilkynntu afsögn sína í bréfi til fjármálaráðherra í gær. Ráðherrann bað þá hins vegar um að endurskoða uppsagnirnar og sitja áfram fram í apríl.

Valur Valsson hjá Kaupþingi og Magnús Gunnarsson hjá Glitni sendu sameiginlegt uppsagnarbréf. Þeir segja sér vera ljóst, í kjölfar ríkisstjórnarskipta, að óskir séu uppi í stjórnarflokkunum um mannabreytingar í stjórnun bankanna, líkt og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur raunar staðfest. Því sé rétt, með hagsmuni bankanna í huga,



VALUR VALSSON MAGNÚS GUNNARSSON

að gefa strax svigrúm til þeirra mannabreytinga. Steingrímur bað þá hins vegar í

gær um að endurskoða ákvörðunina og sitja fram að aðalfundum bankanna í lok apríl. Hann segir það gert í samráði við forsætisráðherra. „Við teljum að mörgu leyti óheppilegt að vera að skipta akkúrat núna,“ segir hann.

„Ég þekki það vel að þetta var ekkert sem þeir sóttust eftir sérstaklega. Þeir tóku að sér fyrir tilmæli og kannski þrúbeidni að fara í þetta erfiða verkefni,“ segir Steingrímur og vonar að þeir taki tilmælum hans vel. „Nú ef ekki, þá bara leysum við það.“

Valur segir þá Magnús ætla að íhuga málið og svara Steingrími í dag.

Formaður Landsbankans: Fylgist með tvímenningunum

„Fjármálaráðherra beinir til þeirra Magnúsar og Vals að sitja fram að aðalfundi og ég mun fylgjast með hvað þeir gera,“ segir Haukur Halldórsson, starfandi formaður bankaráðs Landsbankans.

Haukur gegnir formennsku í leyfi Ásmundar Stefánssonar.

Hann segir að þegar skipað var í bankaráðið í haust hafi verið miðað við setu fram að aðalfundi. Hann verði að líkindum haldinn síðari hluta aprílmánaðar.

Athygli vekur að Magnús og Valur sögðu af sér í einu lagi. Haukur segir þá ekki hafa boðið sér að vera með í pakkanum og kveðst ekki vita hvort þeir ræddu málið við Ásmund. - bps



KÓALABIRNI BJARGAÐ Ástralskur slökkviliðsmaður hlynnir að særdóm kóalabirni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldarnir í Ástralíu:

Stjórnvöld vilja neyðaráætlun

ÁSTRALÍA, AP Stjórnvöld í Ástralíu segja nauðsynlegt að endurskoða reglur um brottflutning fólks frá hættusvæðum þegar kjarreldar geisa. Nú eru reglur þannig, að ekki er hægt að flytja fólk gegn vilja sínum út af heimilum sínum.

Stjórnvöld leggja áherslu á að hafa hendur í hári þeirra sem grunaðir eru um íkveikjur. Kevin Rudd forsætisráðherra hefur nefnt þá sem kveikja í á þurrkátímum fjöldamorðingja.

Lögreglan í Ástralíu lét í gær útbúa teikningu af manni sem grunaður er um íkveikju. - gb

BLÖNDUÓS

Einn í minnihluta

Nýr meirihluti hefur verið myndaður í bæjarstjórn Blönduóss en sá er starfað hafði þar á launum sprakk eftir ágreining um laun þáverandi bæjarstjóra. Jóna Fanney Friðriksdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri, er ein í minnihluta en meirihlutann mynda sex karlmenn.

LEIÐRÉTTING

Vegna fréttar um skjaldarmerki sem verslunin Dogma hefur prentað á bol er rétt að taka fram að Guðni Valberg er höfundur skjaldarmerkisins en ekki Hallgrímur Helgason.

Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, tekur ekki þátt í tilboði í Senu ásamt Jóni Diðríki Jónssyni líkt og talið var hugsanlegt á forsiðu Fréttablaðsins í gær.

Selt ríkisland verður ekki síðar þjóðlenda

Ríkið getur ekki selt jarðir og síðar tekið þær aftur sem þjóðlendu, segir í dómi í máli Orkuveitunnar sem stefndi ríkinu vegna landadeilu á Hellisheiði. Annar úrskurður óbyggðanefndar um þjóðlendu á svæðinu var hins vegar staðfestur.

DÓMSMÁL Orkuveita Reykjavíkur á fullkominn eignarrétt á því landi sem fyrirtækið keypti í kringum aldamótin síðustu úr tilteknum jörðum á Hellisheiði. Ríkið, sem átt hafði stóran hluta jarðanna, ætlaði að taka þær til baka sem þjóðlendu en Héraðsdómur Suðurlands segir það ekki standast lög.

Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar sem sjálfur rak málið fyrir dómi, segir fyrirtækið fagna þessari niðurstöðu dómstólsins.

„Það kom auðvitað flatt upp á okkur þegar ríkisvaldið gerði kröfu um að eiga land sem það var búið að selja og ekki síður að óbyggðanefndin skyldi fallast á kröfuna. Dómurinn er viss af fall fyrir nefndina,“ segir Hjörleifur.

Þrátt fyrir að ríkið hafi ásamt meðeigendum selt Orkuveitunni jarðpartana á Hellisheiði tók óbyggðanefnd síðar undir með fjármálaráðuneytinu og úrskurdaði að umræddar spildur væru þjóðlendu og heyrðu þar með aftur undir ríkið. Orkuveitan stefndi þá ríkinu til að fá eignarhald sitt staðfest. Landið hafði fyrirtækið keypt til jarðgufuvinnslu.

Héraðsdómur Suðurlands segir að landspildurnar hafi á sínum tíma verið seldar með heimild Alþingis. Orkuveitan hafi mátt vænta þess að ríkið gerði ekki síðar kröfu um það fyrir óbyggðanefnd að hluti hins selda lands teldist til þjóðlendu. Krafa ríkisins væri ósamrýmanleg fyrri gerningi.

Enn er ekki ljóst hvort ríkið óskar eftir því að bera málið undir



Á HELLISHEIÐI Orkuveitan hefur keypt mikil land á Hellisheiði þar sem jarðhiti er virkjaður úr jörðu. Forstjóri fyrirtækisins segir þjóðlendudóm vera áfall fyrir óbyggðanefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég geri ekki ráð fyrir að ríkið áfrýi þessum dómi því það hefur heldur verið að draga úr offorsi ríkisvaldsins í þjóðlendumálunum.“



HJÖRLEIFUR KVARAN FORSTJÓRI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Hæstarétt. „Ég geri ekki ráð fyrir að ríkið áfrýi þessum dómi því það hefur heldur verið að draga úr offorsi ríkisvaldsins í þjóðlendumál-

unum frá því sem lagt var upp með,“ segir Hjörleifur um mögulegt framhald málsins.

Fyrir Héraðsdómi Suðurlands var hins vegar staðfestur úrskurðar óbyggðanefndar um að Selvogsafreittur og Ölfusafreittur væri þjóðlenda en ekki eignarland eins og Sveitarfélagið Ölfus hélt fram. Taldi sveitarfélagið sig með hefð hafa unnið eignarrétt á svæðinu þar sem meðal annars er hluti Bláfjalla, Heiðin há og svæði vestur af Henglinum. Meðal mannvirkja sem Ölfus hefur leigt land undir á þessu svæði eru Litla-Kaffistofan, Ármannsskálinn og námur í Jósepsdal og Lambafelli.

gar@frettabladid.is

AGS um seðlabankafrumvarp: Umsögnin kemur fyrir þingið

ALÞINGI Stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar skylduðust dágóða stund í þinginu í gær um upplýsingaleynd.

Fram kom í fyrradag að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefði sent forsætisráðuneytinu „tæknilegar athugasemdir“ við frumvarp um breytingar á yfirstjórn Seðlabankans. Þær væru leyndarmál að ósk sjóðsins.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins báðu um að athugasemdirnar yrðu gerðar opinberar. Það fannst stjórnarliðum hlálegt enda hefðu sjálfstæðismenn áður haldið leynd yfir gögnum frá sjóðnum.

Upplýst var þó að umsögnin kæmi fyrir þingið þegar leynd hefði verið aflétt. - bps

Nýr forstjóri Mjólkursamsölu:

Einar hættir hjá Árvakri

VIÐSKIPTI Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs, hefur verið ráðinn forstjóri Mjólkursamsölnunnar, og hefur hann störf 1. apríl.



EINAR SIGURÐSSON

Hjá Árvakri er nú unnið að aðkomu nýrra hluthafa að félaginu.

Ráðning Einars hefur borið brátt að því hann kann aðist ekki við að þetta stæði til, spurður af Fréttablaðinu hinn 5. febrúar.

„Á meðan ég er í þessu starfi þá hef ég ekki rætt við nein önnur fyrirtæki eða gert samninga við þau. Þannig að ég geri ráð fyrir að klára þetta verkefni. Svo koma nýir eigendur að [Árvakri] og þá tekur maður á því í framhaldinu,“ sagði Einar þá. - kóp

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ísland og ESB á mannamáli

- námskeið fyrir almenning um áhrif þess að Ísland sækir um inngöngu í ESB

Kennari: Maria Elvira Mendez Pinedo, lektor við lögfræðideild HÍ

Fjögurra kvölda námskeið hefst 16. febrúar

Verð: 8.900 kr.

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
veðurfræðingur

HLÝNAR Á MORGUN
Í dag verður keimlíkt veður og verið hefur en í kvöld fer áhrifa lægðar að gæta. Vindur vex þá með sunnan og vestanverðu landinu og hlýndi ganga smám saman inn á landið eftir því sem líður á morgundaginn. Á ég von á að á morgun verði komin stíf suðaustan átt sunnan og vestan til með slyddu og síðar rigningu. Á föstudag verður víðast frostlaust á láglandi.

Á MORGUN 10-15 m/s sunnan til og vestan annars hægari.

FÖSTUDAGUR 5-10 m/s.

HEIMURINN	
Alicante	16°
Amsterdam	4°
Basel	1°
Berlín	1°
Billund	1°
Eindhoven	5°
Frankfurt	3°
Friedrichshafen	-1°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	22°
London	4°
New York	13°
Orlando	27°
Ósló	-9°
París	7°
Róm	11°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

80 + 260 
1. vinningur

340
MILLJÓNIR

Jú, þú átt góða möguleika – ef þú ert með

Potturinn í Víkingalottóinu stefnir nú í 80 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 260 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is

**Fáðu þér miða fyrir kl. 17
í dag eða taktu séns á
að missa af þessu!**

V Í K I N G A
LOTTO
Alltaf á miðvikudögum!

KJÖRKASSINN



Hefur þú farið í leikhús í vetur?

Já 31,7%
Nei 68,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti Davíð Oddsson að segja af sér starfi seðlabankastjóra?

Segðu skoðun þína á Vísí.is

VÍSÍ

Þýskir sparifjáreigendur hjá Kaupþingi hreldir af Financial Times Deutschland:

Fár um meint ummæli forseta

ÞÝSKALAND Uppsáttarfrétt þýskrar útgáfu Financial Times í gær, þar sem fullt var í fyrirsögn að innstæður þýskra sparifjáreigenda hjá Kaupþingi væru glataðar, olli í gær nokkru fári í fjölmiðlum þar í landi.

Fréttin var byggð á viðtali við Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, og ummæli hans tóku þannig að þau réttlættu hina neikvæðu æsifréttafyrirsögn. Blaðið hefur eftir forsetanum að Þjóðverjar verði að skilja að Íslendingar hafi tapað öllu. Ekki sé hægt að bjóða íslenskum skattgreiðendum upp á að til viðbótar þurfi þeir að borga tap þýskra sparifjáreigenda.

Ólafur Ragnar tjáði Ríkisút-



FRÉTT FTD Í yfirfyrirsögn er Ísland kallað „Krisland“. Í aðalfyrirsögn segir: „Þýskir Kaupþings-fjárfestar að tapa öllu“.

varpinu í gær að blaðamaðurinn hefði ekki haft rétt eftir sér. Hann og blaðamaðurinn hefðu átt langt og ítarlegt spjall sem blaðamaður hafi soðið frétt sína úr. Ólafur Ragnar telur ekki hægt að túlka

um mæli sín á þann veg, að Íslendingar ætli ekki að greiða innstæðurnar. Hann segir ekki óvæðigandi að forseti Íslands tjái sig um slík mál, hann hafi viljað vekja athygli á því að Íslendingar stæðu sjálfir frammi fyrir alvarlegum efnahagsvandum. Hann segist ekki hafa áttá sig á því að þetta yrði svona eldfimt umræðuefni því hann hefði fullvissað blaðamanninn um að Íslendingar hefðu staðið við allar skuldbindingar sínar. Því átti hann sig ekki á því hvers vegna blaðamaðurinn hefði misskilið það.

Forsetinn kvaðst ætla að sjá til þess að misskilningurinn yrði leiðréttur í þýskum fjölmiðlum.

- aa

Reglur um eignir þingmanna:

Frjálslyndir hafa ekki skilað

STJÓRNMÁL Allir stjórnmálaflokkar, aðrir en Frjálslyndi flokkurinn, hafa nú skilað umsögnum um drög að reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum þingmanna.

Drögnum, sem kveða meðal annars á um að þingmenn upplýsi um eignir sínar, var útbýtt í mars 2007. VG og Framsókn voru búnar að skila sínum umsögnum síðasta haust. Fóru þeir flokkar fram á að reglurnar, sem eru að danski fyrirmynd, yrðu hertar frekar en hitt. Eftir því sem næst verður komist skiluðu Samfylking og Sjálfstæðisflokkur sínum umsögnum í þessari viku. - kóp

Gæti þýtt holskeflu mála gegn bönkum

Úrskurður héraðsdóms um að bann gegn málsóknum á hendur fjármálaframtækjum væri brot á stjórnarskrá gæti þýtt holskeflu mála. Ríkisstjórnin hyggur á nýja lagasetningu. Óljóst hvort gömlu bankarnir verða settir í gjaldþrot.

EFNAHAGSMÁL Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, segir mega búast við fjölda málsókna í kjölfar úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur um að lög um bann við málsóknum á fjármálastofnanir í greiðslustöðvun stönguðust á við stjórnarskrá. Atli varaði við því á sínum tíma. „Það er óhjákvæmilegt að það spretti upp fjölmörg málaferli“, segir Atli.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir niðurstöðu héraðsdóms ekki koma á óvart og brugðist verði við málinu. „Við þessu var varað í þinginu þegar málið fór í gegn að þarna væri gengið of langt og það segir sig í raun sjálf að það er ekki hægt að svipta menn rétti sínum til að bera ágreining undir dómstóla í réttaríki þannig að þessu þarf að kippa í liðinn hið snarasta.“

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir unnið að nýju frumvarpi sem muni breyta umgjörðinni um bankana og gera stöðu þeirra líkari því sem gildir um önnur fyrirtæki í líkri stöðu. Viðskiptabankarnir þrjú hafa ekki verið gerðir gjaldþrota, heldur hafa þeir verið í greiðslustöðvun frá bankahruninu. Gylfi vildi ekki segja til um hvort í frumvarpinu felist að bankarnir verði settir í gjaldþrot. Það fari eftir því hvernig mál þróist.

Ágúst Ólafur Ágústsson, sem var formaður viðskiptanefndar, segist harma að gengið hafi verið of langt í lagasetningunni. „Við töldum að við værum að vinna að hagsmunum bankanna og kröfuhafanna. Við vissum að þetta myndi orka tvímælis og kölluðum því sjálf eftir endurskoðun laganna í okkar nefndaráli.“

Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, segir rétt að bíða úrskurðar Hæstaréttar, sem



GÖMLU BANKARNIR Úrskurður þess efnis að bann við málsóknum á bankana bryti gegn stjórnarskrá gæti haft fjölda málaferla í för með sér. Viðskiptaráðherra undirbýr nýtt lagafrumvarp.

ÁSETNINGSBROT

Atli Gíslason stóð einn fyrir minnihlutamáli viðskiptanefndar þar sem hann sagði lögin vera brot við stjórnarskrá. Hann segir að ekkert hafi verið hlustað á viðvaranir, hvorki sínar né annarra löfgræðinga. Þeir Markús Sigurbjörnsson, formaður réttarfarsnefndar, og Benedikt Bogason, sem á sæti í réttarfarsnefnd, hafi báðir varað við frumvarpinu. Ákvæðinu um málsóknaþannig hafi þó verið bætt inn í eftir að þeir sáu frumvarpið.

„Þetta er ásetningsbrot gegn stjórnarskránni. Það var ekkert hlustað á þá sem sögðu í hvað stefndi. Þá var frumvarpinu geryreytt, frá því það var lagt fram þar til það var samþykkt, í grundvallaratriðum. Þetta var endalaus bútasamur og nú sjáum við afleiðingarnar af því. Menn vissu, eða máttu vita, hvert stefndi, en frumvarpið var keyrt í gegn þrátt fyrir allar viðvaranir.“

Í minnihlutamáli Atla segir um málsóknumarþannig: „Með því er tekinn af stjórnarskrárbundinn réttur einstaklinga og lögaðila til að leita til dómstóla um ágreining auk annarra frávika.“

væntanlega eigi síðasta orðið, áður en yfirlýsingar eru gefnar út. „Stjórnskipun Íslands gerir ráð fyrir, að dómstólar hafi um það úrskurðarvald hvort lög standast stjórnarskrá. Mig undrar, ef það kemur Atla Gíslasyni þingmanni á óvart.“



ATLI GÍSLASON


Hvorki náðist í Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra og fyrsta flutningsmann frumvarpsins, né Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, við vinnslu fréttarinnar.

kolbeinn@frettabladid.is
brjann@frettabladid.is

SIEMENS

Ryksuga VS 01E1800

Létt og lipur. Kirsuberjarauð. Stillalegt afl mótors frá 300 upp í 1800 W. Sjálfinnregin snúra, hleðsluskynjari. 3 lítra poki. Vinnuradius: 8 m. Vinnuhollt handfang. Stillanleg lengd á sogröri.



ATARNA

Tilboðsverð: **14.900 kr. stgr.**
(Verð áður: 17.900 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLÖKKI

Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Skyndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýttir fyrir því að jafnvægináist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.



HVITA HUSID / SIA

25% AFSLÁTTUR

Lakkrís + Classic



Nicotinel



SKIPHOLTS APÓTEK

Skipholts 50b · 105 Reykjavík

Fjöldi þeirra sem njóta atvinnuleysisbóta kominn yfir 14 þúsund á landinu öllu:

Atvinnuleysi mun aukast enn

VINNUMARKAÐUR Atvinnulausir eru nú yfir 14 þúsund talsins á landinu öllu. Flestir búa atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu, eða rúmlega níu þúsund, og næstflestar á Suðurnesjum, eða rúmlega sextán hundruð. Margir atvinnulausir eru einnig á Norðurlandi eystra en fæstir á Vestfjörðum, eða innan við hundrað. Fleiri karlar eru atvinnulausir en konur.

„Það liður ekki á löngu áður en þau met verða slegin. Því miður held ég að atvinnuleysið eigi bara eftir að vaxa því að stórir hópar eru að koma inn. Nú eru bara fleiri sem koma í hlutabætur, það er öðruvísi nú en áður,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags

ATVINNULEYSI

	Einstaklingar
Höfuðborgarsvæðið	9.212
Vesturland	434
Vestfirðir	89
Norðurland vestra	167
Norðurland eystra	1.341
Austurland	375
Suðurland	918
Suðurnes	1.609
Samtals	14.145

Heimild: Vinnumálastofnun

Keflavíkur. Hann segir atvinnuleysistölurnar ekki koma mikið á óvart. Reyknesingar hafi löngum verið Íslandsmeistarar í atvinnuleysi, sennilega sé atvinnuleysið

á svæðinu nú um fjórtán prósent. Það sé þó misjafnt innan svæðisins og mjög lítið til dæmis í Grindavík. Atvinnuleysið sé einkum í bygginga- og mannvirkjageiranum, hjá almennu verkafólki og í fiskvinnslu. „Staðan er mjög kröpp og erfið en ég hef fulla trú á að við risum upp úr þessu, vonandi fyrr en landið almennt,“ segir Kristján.

Margt er að fara af stað í atvinnumálum á Suðurnesjum. Kristján vonast til að framkvæmdir fari á fleygiferð með vorinu í Helguvík „þannig að ég er ekkert án vonar“, segir hann.

Upp úr 1990 varð atvinnuleysið á Suðurnesjum um 25 prósent.

- ghs



**Komdu
nordur!**



Vetrarfrí á Akureyri

Skíði, menning, skemmtun!

Einstök upplifun fyrir alla fjölskylduna í sannkallaðri ævintýraferð.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

Menning: Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar og viðburðir.

Afþreying: Vetrarparadís, skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, sleðabrekkur, sundlaugar, líkamsræktastöðvar, heilsulindir, kvikmyndahús, skemmtistaðir, keilusalur, gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og útivistarsvæðið í Kjarnaskógi.

Gisting: Fjölbreyttir möguleikar, hótél, gistiheimili, íbúðir, bústaðir auk sveitahótela í næsta nágrenni.

Matur og drykkur: Úrval kaffihúsa og veitingastaða, matur úr Eyjafirði.

Verslun: Fjölbreytt og gott úrval verslana í miðbænum, Glerártorgi og víðar.

Stuttar vegalengdir, frítt í strætó og frí bílastæði – munið bílastæðaklukkurnar.

Við tökum hjartanlega á móti þér!
visitakureyri.is og nordurland.is



Brostu
með hjartanu!



1. Hvaða Íslendingur fékk Grammy-verðlaun á dögnum?
2. Leiðtogi hvaða þjóðar er Dalaí Lama?
3. Hver var helsti keppinautur Benjamins Netanyahu í ísraelsku þingkosningunum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 22

Davíð Oddsson sagði fall stóru viðskiptabankanna nánast óhugsandi í mars:

Sagði bankana sterka í mars

EFNAHAGSMÁL Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði efnahag íslensku ríkisins og íslensku bankana vera með eindæmum sterka og að ekkert í líkingu við fall stóru viðskiptabankanna væri líklegt til að eiga sér stað, í viðtali við ensku sjónvarpsstöðina Channel 4 í byrjun mars 2008. Í viðtalinu heldur Davíð því einnig fram að þó svo bankarnir féllu yrði ekki um slíkar fjárhæðir að ræða að íslenska ríkið réði ekki við þær.

Í ítarlegri úttekt Faisal Islam, fjármálafréttamanns Channel 4, frá því í mars er sjónun beint að íslensku bönkunum og háu skuldatriygingaálagi þeirra. Meðal ann-



DAVÍÐ ODDSSON Sagði efnahag Íslands sterkan viðtali við Channel 4 í mars.

ars er rætt við fulltrúa breska fjármálaeftirlitsins og ráðleggur hann almenningi eindregið að hafa varann á í viðskiptum við íslensku bankana.

Í viðtali Íslams við seðlabankastjóra segir Davíð að skuldatriygingarálagið á suma af íslensku bönkunum sé allt of hátt og ósann- gjarnt og þarfnist útskýringar við. Spurður hvort innlán í íslenskum bönkunum á erlendri grund séu tryggð myndu bankarnir falla segir Davíð: „Þessir bankar eru svo traustir að ekkert slíkt er líklegt til að gerast, og ef það myndi gerast værum við aldrei að tala um alla upphæðina, því það er aldrei þannig. En jafnvel þá, með íslensk- an efnahag og íslenska ríkið skuld- laust, yrði þetta ekki of mikið fyrir ríkið til að ráða við.“

- kg

Björgunaraðgerðir Obama: Aðeins þrír rep- úblikanar með

BANDARÍKIN, AP Aðeins þrír rep- úblikanar greiddu atkvæði með frumvarpi Baracks Obama Banda- ríkjaforseta um björgunaraðgerðir í efnahagsmálum.

Það nægði þó til að frumvarpið fékk meira en 60 atkvæði í deild- inni, sem þýðir að það fer nú til fulltrúadeildar sem þarf að taka afstöðu til breytinga sem öldunga- deildin gerði á því.

Aðgerðapakinn frá þinginu kostar meira en 800 milljarða dala. Timothy Geithner viðskipta- ráðherra sagði þó að heildarkostna- áður aðgerðanna gæti farið í 2.000 milljarða dala, með fjármunum frá sjóðum úr einkageiranum. - gb



EGÓ ROKKABI VIÐ SEÐLABANKANN Bubbi Morthens, forspraki Egó, bað starfsfólk Seðlabankans að fá Davíð Oddsson til að yfirgefa bankann.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölmennt við Seðlabankann:

Mótmælt í morgunsárið

MÓTMÆLI Hópur fólks lét í ljós óánægju sína með ákvörðun seðlabankastjóranna tveggja sem ekki ætla að víkja. Fólkið mætti við Seðlabankann og mótmælti frá því fyrir klukkan átta í gærmorgun fram að hádegi. Að sögn Harðar Torfasonar voru um hundrað manns þegar mest var.

Hljómsveitin Egó spilaði fyrir mótmælendur. - jse

Bíla rekstur ríkisbankans:

Glitnir rekur bíla fyrrverandi starfsmanna

ALÞINGI Glitnir greiðir rekstur bifreiðar eins núverandi starfs- manns og 21 fyrrverandi starfs- manns bankans.

Eygló Harðardóttir, Framsókn- arflokkur, upplýsti það á Alþingi í gær.

Í desember spurði hún fjár- málaráðherra um bifreiðahlunn- indi starfsmanna hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins.

Eygló greindi frá því í þinginu í gær að enn hefði ekkert svar borist frá ráðherra en skilanefnd Glitnis hefði upplýst hana um ofangreint. - bps

Segir mjólkina holl- ari og kýrnar kátari


Hyggst reisa sláturhús, fjárhús og hænsnabú og hefja lífrænan búskap. Bóndi sem það hefur gert í áratugi segir afurðina hollari og kýrnar fari leiðar sinnar „skelli- hlæjandi“. Ráðunautur segir Íslendinga eftirbáta annarra þjóða í þessari þróun.

LANDBÚNAÐUR Ólafur R. Dýrmondson, ráðunautur hjá Bændasamtök- um Íslands, segir áhuga bænda á lífrænum búskap og landnýtingu stigvaxandi en stjórnvöld fylg- ist illa með þeirri þróun og hafi enga stefnumörkun í þeim málum. Ísland er aftarlega á merinni í lífrænum búskap en hlutfall lífrænt ræktaðra landbúnaðarafurða er um fimmtán prósent í Austur- ríki og um tíu prósent í Svíþjóð en innan við eitt prósent hér á landi.

Hann segir að helstu iðnjóðir séu nú í auknum mæli farnar að huga að matvælaöryggi sínu og Íslendingar verði að gera það ein- nig. Besta leiðin til þess sé að hlúa að starfsemi í lífrænum búskap því þar er nær einungis treyst á inn- lenda framleiðslu. „Við þurfum að fá stefnu frá stjórnvöldum og styrk fyrir þá sem vilja laga sinn búskap að þessu og þá held ég að við fáum þá aura margfalt til baka,“ segir Ólafur.

„Það er vaxandi eftirspurn eftir þessum vörum,“ útskýrir Ólafur. „Svo í seinni tíð hefur verið gríðar- leg verðhækkun á aðföngum fyrir bændur eins og áburði og eiturefn- um og ýmsu en í lífrænum búskap er þessi kostnaður alveg í lágmarki þar sem bóndinn er að mestu óháð- ur aðföngum.“

Kristján Oddsson og kona hans, Dóra Ruf, að Neðra-Hálsi í Kjós, hafa stundað lífrænan búskap frá árinu 1987 og reka þau einnig fyr- irtækið BioBú sem framleiðir jóg- úrt og fleira úr lífrænum afurðum. Hann er með fjórutíu mjólkandi kýr og fara flestar þeirra út og inn úr fjósinu eftir því sem þær kjósa.



PÉTUR JÓNSSON Nú þegar byggingabransinn bregst hyggst Pétur hefja lífrænan búskap.



KRISTJÁN, DÓRA OG KÁTU KÝRNAR Flestar kýrnar að Neðra-Hálsi fara út og inn úr fjósi eftir því sem þeim hentar og éta einungis gras.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann ber mykju á tún en engan áburð og kýrnar eru einungis aldar á grasi. „Þær mjólka minna en mjólkin er hollari og heilsa kúnna sjálfrá er betri, ég myndi segja að heilsufarsvandamál hér væri hverfandi,“ segir Kristján.

„Enda fara þær um skelli- hlæjandi,“ segir hann kankvís. Hann segir einnig að vissulega taki það tíma og fjármagn að breyta yfir í lífrænan búskap en þegar hann er kominn af stað séu bændur nær óháðir gengi og vöxtum. „Þá ertu á grænni grein meðan grasið grær,“ segir hann og brosir við.

Einn þeirra sem undirbýr bú með lífrænum búskap er Pétur Jónsson á Þúfukoti, einnig í Kjós. „Ég er með verktakafyrirtæki og það er allt frosið í þeim geira svo ég ákvað að vinda mér í þetta,“ segir hann. Hann hefur fengið jörðina vottaða fyrir lífrænan búskap og hyggst reisa þar fjár- hús, hænsnabú og sláturhús sem öll verða vottuð fyrir lífrænan búskap. „Ég held að það séu tæki- færi í þessu,“ segir Pétur.

jse@frettabladid.is

Forstöðumenn ríkisstofnana: Farið sé að gild- andi lögum

STJÓRNSÝSLA Haukur Ingibergs- son, formaður Félags forstöðu- manna ríkisstofnana, vill ekki



HAUKUR INGIBERGSSON

leggja mat á deilu forsæt- isráðherra og bankastjóra Seðlabank- ans. Hann segir félagið ekki fjalla um mál- efni einstakra forstöðumanna ríkisrekstrarins. Almennt segir hann félagið leggja áherslu á að við ráðningu og samningsgerð við forstöðumenn sé farið að gildandi lögum og reglum. Á sama hátt sé það hlutverk forstöðumanna að stjórna stofnunum í samræmi við lög og reglur sem um starfse- ina gilda.

Bankastjórn Seðlabankans eru ekki í Félagi forstöðumanna ríkisstofnana. - bps

Magnús Þorsteinsson:

Krafinn um tæpan milljarð

VIÐSKIPTI Íslensk skattayfirvöld krefja Magnús Þorsteinsson um tæpan milljarð vegna sölu árið 2005 á hlut hans í Samson eignar- haldsfélagi sem hann átti ásamt Björgólfi Guðmundssyni og syni hans Björgólfi Thor. Félagið Mirol Investment, sem var skráð fyrir hlut Magnúsar, er skráð á Bresku Jómfrúaeypjum. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðv- ar 2 í gær. Yfirmaður skattasviðs hjá KPMG, sem vinnur að máli- nu fyrir hönd Magnúsar, segir félagið hafa verið flutt til Lúxemborgar frá Bresku Jómfrúaeypjun- um hálfu ári fyrir sölu. Vegna tvísköttunarsamnings við Lúxemborg liggja skattlagningarrétt- urinn á söluhagnaðinum hjá yfir- völdum þar en ekki á Íslandi. - jse

HÚSFÉLÖG • FASTEIGNAEIGENDUR • ÍBÚÐAEIGENDUR

Er kominn tími á VIÐHALD?

Tökum að okkur margvísleg viðhaldsverkefni og endurbyggingar.

Fáðu tilboð frá traustum aðila með áratuga reynslu.

Virðisaukaskattur af vinnu fæst endurgreiddur

Upplýsingar gefur Konráð í síma 693 7303

Byggingafélag Gylfa og Gunnars • Borgartún 31 • www.bygg.is



ÚTSÖLUNNI

LÝKUR Á

LAUGARDAGINN

20-60%

AFSLÁTTUR!

Prýstjófnumar-
svamprúm
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
**KOSTAR NÚ
99.300 kr.**

RÚMSTÆBI MEB
LATEX HEILSUDÝNU
**ALLT AD
40%
AFSLÁTTUR**



COMODO
Svefnstæfi
Verð áður 398.950 kr.
**KOSTAR NÚ
279.265 kr.**

SÆNGURVER
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
3.710 kr.




SVEFNSÓFAR
**ALLT AD
30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
38.000 kr.



FJÖLSTILLANLEG
HEILSURÚM
**ALLT AD
30%
AFSLÁTTUR**

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð áður 155.455 kr.
**KOSTAR NÚ FRÁ
89.900 kr.**

HEILSUKODDAR
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
5.530 kr.



rekkjan

Stjórnmalaskóli Charles Darwin:

Skrifað í genin

JÓN KALDAL SKRIFAR

Verkamannaflokkurinn er ákaflega afslappaður yfir því að fólk verði viðbjóðslega ríkt. Þessi frægu orð Peters Mandelson, eins helsta hugmyndafræðings breska Verkamannaflokksins og ráðgjafa Tony Blair, féllu 1998, ári eftir að flokkur hans tók við völdum í Bretlandi. Þau þóttu, eins og gefur að skilja, marka mikil tímamót fyrir flokk sem fyrir daga Blairs hafði kennt sig við sósíalisma.

Stjórn Verkamannaflokksins sat ekki við orðin tóm. London varð á undraskömmum tíma höfuðborg milljarðamæringa hvaðanæva að úr heiminum vegna mjög hagstæðrar skattalöggjafar Bretlands.

Hérna megin við hafið var svipað upp á teningnum. Hægri stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fylgdu í grófum dráttum línu bresku jafnaðarmannanna. Skattar voru lækkaðir, umfram allt og mjög hraustlega af fjármagnstekjum og á fyrirtæki. Hugmyndafræðin var sú sama. Minni álögur á fjármagn og rekstur áttu að skapa aukin umsvif og þar með meiri velsæld fyrir allt samfélagið.

Lengi vel sýndist þetta módel ætla að virka með ágætum. Á sama tíma og ný og áður óþekkt stétt ofsaríkra Íslendinga reis upp, hækkuðu ráðstöfunartekjur þeirra sem höfðu lægstu launin. Frjáls-hyggjan, höfuðkennisetning þess kerfis, virtist vera hinn útvaldi sigurvegari. En eins og svo oft áður varð sama afl og keyrði kerfið áfram því að falli á endanum. Eyðingarmáttur græðginnar reyndist sterkari sköpunarmætti hennar. Margir þeirra sem voru við topp tekjupírámíðans virtust aldrei fá nóg, jafnvel ekki þótt þeir ættu meira en hægt er að eyða á heilli ævi.

Hvað er það sem veldur slíku háttalagi? Mannlegt eðli, er svar þeirra sem hafa unnið með og rannsakað kenningar enska náttúrufræðingsins Charles Darwin.

Á morgun eru tvö hundruð ár liðin frá fæðingu Darwins og á þessu ári eru 150 ár frá útgáfu lykilverks hans, Uppruna tegundanna. Í grein, sem birtist í Economist í desember í tilefni þessara tímamóta, kemur fram að rannsóknir og tilraunir með kenningar Darwins benda eindregið til þess að afstaða fólks til peninga og annarra verðmæta sé ekki mótuð af siðferði, menntun, trú eða uppeldi, heldur að stærstum hluta skrifuð í genin.

Keppnin um verðmæti, og þá stöðu sem þeim fylgir, er svo rík í mannskeppunni að fólk heldur áfram kapphlaupinu jafnvel þó það hafi nóg af öllu. Vissulega sýna rannsóknir að ríkidæmi fylgir hamingja. Það merkilega er þó að fólk er ekki hamingjusamara að meðaltali í ríku löndum en fátækum. Ástæðan er að auður og fátækt eru að vissu leyti afstæð fyrirbrigði. Mælistikan er breytileg milli samfélaga. Fólk miðar sig við næsta nágranna, eða þá sem það les um í blöðum og sér í sjónvarpi. Þannig getur sá sem var fyllilega sáttur við gamla bilinn sinn skyndilega fyllt megnri óhamingju þegar á hlaði næsta húss birtist splunkunýr og gljáfægður jeppi, svo hlutirnir séu dregnir upp í mjög einfaldaðri mynd.

Látalæti hinna ofsaríku, sem fljúga til dæmis í einkapotum og aka um í glæsibifreiðum, geta haft svipuð áhrif. Ef eitthvað er að marka kenningar Darwins er óhóflegur áberandi íburður ávísun á almenna óánægju meðal hinna sem minna hafa, þótt þeir hafi meira en nóg. Maðurinn er ekki fullkomnari en þetta. Viðbrögðin eru genetísk.

Og þetta leiðir okkur aftur að orðum Mandelsons um hina „viðbjóðslega“ ríku. Því samkvæmt stjórnmalaskóla Darwins geta þeir sem móta samfélagsgerðina ekki leyft sér að láta hlutina þróast á þann veg. Ákveðinn jöfnuður er hagsmunir heildarinnar. Hvar jafnvægið liggur er hin pólitíska kúnst sem verður seint fullmótuð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Bifreiðaeigendur athugið!

Tímareimaskipti.
Bremsuviðgerðir.
Kúplingsviðgerðir.
Smurþjónusta.

Tímapantanir í síma
5355826

FRAMTAK
BLOSSI ehf

Drangahrauni 1 – 220 Hafnarfirði – Sími 535 5822

FRÁ DEGI TIL DAGS

Mjólurfurstarinn

Greint var frá því í fréttum í gær að Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs, myndi brátt standa upp úr stóli sínum þar og taka við forstjórastarfi Mjólkursamsölnunnar þar sem Magnús Ólafsson hefur ráðið ríkjum. Einn helsti samkeppnisaðili Mjólkursamsölnunnar er Mjólka, en svo skemmtilega vill til að forstjórinn þar heitir Ólafur Magnússon. Svo gæti farið að Mjólka gæti líka þurft að skipta um forstjóra, þar sem Ólafur hefur viðræðumöguleika á þingframboði fyrir Framsóknarflokkinn. Gefur ekki auga leið að ráða í hans stað Sigurð Einarsson, fyrrverandi stjórnarformann Kaupþings, þó ekki væri nema til að halda samhverfunni í nöfnum mjólurfurforstjóranna.

Dorrit litla

Meðal verka sem talið er í hópi klassískra heimsbókmennta er saga sem kom út í Bretlandi upp úr miðri 19. öld. Um er að ræða satíru þar sem deilt var á galla ríkjandi stjórnarfarar og þjóðskipulags, ekki sist hið ómannúðlega fyrirkomulag að hneppa skuldara í fangelsi. Þetta er bókin *Little Dorrit* eftir Charles Dickens. Hálfri annari öld síðar stígur Dorrit litla aftur fram á sjónarsviðið í öðru landi og talar máli þeirra sem bundnir eru á skuldaklafa, jafnvel þótt að þannig megi hún ekki tala.

Þriggja flokka stjórn?

Marsibíl Sæmundardóttir varaborgarfulltrúi hefur gengið til liðs við Samfylkinguna eftir að hafa verið utanflokka í nokkra mánuði. Marsibíl er varamaður Óskars Bergssonar, oddvita Framsóknarflokksins, en sagði skilið við flokkinn vegna óánægju með samstarfið við Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórn. Hún sagðist þó ekki munda stunda tækifærismennsku og fella meirihlutann kæmi til þess að Óskar forfallaðist. Það stendur væntanlega enn. Sú staða gæti því komið upp að í forföllum Óskars sitji meirihlutastjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar með fulltingi varaborgarfulltrúa úr röðum Samfylkingarinnar. bergsteinn@frettabladid.is

Tími félagshyggju

Eftir langan óvissutíma er Elokksins tekin við ríkisstjórn á Íslandi sem hefur vilja til breytinga. Svigrúm hennar til athafna er hins vegar þröngt og miklu máli skiptir hvernig henni tekst að fóta sig á næstu mánuðum. Það eina sem er öruggt er að miklar byrðar munu leggjast á Íslendinga næstu misserin. Á hinn bóginn getur skipt máli hvernig þær byrðar dreifast og hvernig samfélagið þróast í framhaldinu.

Það lífsmynstur sem varð til á þenslutímanum skilaði flestum Íslendingum litlu; heldur miðaði það í átt að auknum mannamun og ójöfnuði á Íslandi. Stjórnendur banka og stórfyrirtækja fengu gríðarlegar launahækkunar sem áttu að vera umbun fyrir árangur í starfi. Við vitum nú að svo var ekki heldur voru þessi fyrirtæki keyrð í þrot með áhættusækni og glannaskap. Hrun bankanna tengdist vissulega þróun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum en það bar ekki vott um mikla framsýni að gera ekki ráð fyrir mögnum árum í kjölfar ofpenslu. Helstu postular kapitalismans á Íslandi reyndust ekki þekkja sögu hans eða vera færir um að draga lærdóm af henni. Enda trúðu þeir á endalok sögunnar með sigri frjáls-hyggjunnar.

Marklaus hræðsluáróður

Viðbrögð fyrri ríkisstjórnarar við hruninu einkenndust af því að nán tengsl voru á milli ráðamanna og forystumanna í viðskiptalífnum. Hinir pólitísku valdhafar höfðu stuðlað að þenslu banka og viðskiptalífs með öllum tiltækum ráðum og gumað af árangrinum. Allri pólitískri andstöðu við þessar breytingar var svarað með hræðsluáróðri – ef þið gerið ekki



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Ný ríkisstjórn

eins og við boðum þá mun efnahagslíf á Íslandi hrynjast. Þannig tókst þeim að standa vörð um efnahagsstefnu sem bar feigðina í sér.

Þess vegna er það ekki trúverðugt þegar sömu aðilar, nýstaðnir upp úr valdastólunum, ætla að halda sama hræðsluáróðrinum áfram. Nýrri ríkisstjórn er ætlað að halda áfram varðstöðu um hagsmuni fjármagnsins og þeirra sem mest mega sín í landinu. Hinu er ósvarað hvað verður þá um þá sem skulda eða þá fjölmörgu sem núna eru að missa vinnuna. Er það hagsmunamál þeirra að skattkerfið verði áfram klæðskerastnið að hagsmunum þeirra ríkustu? Er það þeim í hag að vextir verði áfram háir – með tilheyrandi fjármagnsflutningum frá skuldurum til fjármagnseigenda? Eiga þessi lögmál virkilega að gilda áfram þegar þjóðarþúið er komið í þrot og erfið staða blasir við fjölmörgum heimilum í landinu? Á að halda áfram viðskiptum eftir sömu reglum, eins og ekkert hafi í skorist?

Neyðarúrræði

Framundan blasa erfiðar ákvarðanir við Íslenskum stjórnmalámonnum. Ljóst er að við þurfum öll að axla auknar byrðar en framkvæmdin á því er

úrslitaatriði. Það getur ekki talist heillavænlegt að láta meginþungann af þeim falla á þá sem eru í mestum erfiðleikum eða á þá sem græddu lítið eða ekkert á uppsveiflunni. Þess vegna verður nú að hverfa frá leikreglum sem settar voru til að vernda peningaöflin og lágmarka þannig skaðann sem kreppan á eftir að valda heimilunum í landinu. Þetta þarf að gera í skattkerfinu með því að auka skatta þeirra sem hafa bolmagn til að taka meira á sig en minnka álögur á þá sem berjast í bökkum. Það þarf að efla velferðina svo að efnahagsleg skakkaföll verði ekki að raunverulegum móðuharðindum. Og fyrst og fremst þarf að skapa störf með stuðningi hins opinbera en ekki að kyrkja fyrirtæki með háum vöxtum. Til þess þarf að breyta reglum um Seðlabanka þannig að barátta við atvinnuleysi verði eitt af mikilvægustu verkefnum hans en ekki bara gengisstjórn. Þetta er líklegasta mikilvægasta verkefni næstu missera; að hverfa frá þeim hagstjórnarrétttrúnaði sem metur verðlag og gengi ofar atvinnustigi. Það er ekki spurning hvort tími neyðaráðstafana sé kominn heldur einungis hverjir þær eigi að vera.

Þegar frá líður má svo búast við því að efnahagslífið hverfi í eðlilegt horf og að ekki verði lengur þörf á slíkum neyðaráðstöfunum. Á hinn bóginn þarf sú velferð sem þá verður vonandi orðin til að hvíla á traustari grunni en uppgrip þensluáranna og vera fleirum til hagsbóta. Þess vegna er nú kominn tími félagshyggjunnar því að hún tryggir ekki einungis réttlátara samfélag heldur einnig efnahagslega farsæld sem ekki mun springa eins og loftból.

Tvær flugur í einu höggi

UMRÆÐAN

Ásta Möller skrifar um atvinnuuppbyggingu

Um 14 þúsund manns eru nú á atvinnuleysisráði og fer þeim fjölgandi. Þetta er fólk með fjölbreytta menntun og ólíkan bakgrunn. Það hrópar á tækifæri til að nýta þekkingu sína og reynslu til að sjá sér farborða og taka þátt í að byggja upp nýtt samfélag.

Stjórnvöldum ber skylda til að skapa þessu fólki tækifæri til að standa á ný á eigin fótum og takast á við krefjandi verkefni. Um leið gefst þeim kostur á að auka hagkvæmni í rekstri ríkisins.

Í því skyni þurfa stjórnvöld að endurskoða verkefni hins opinbera og auka samstarf við einkaaðila. Einkaaðilar hafa mun meira svigrúm en ríkið til bregðast við nýjum viðskiptahugmyndum, útvíkka starfsemi sína og fjölga atvinnutækifærum og síðast en ekki sist að standa fyrir fjölbreyttri starfsemi jafnt í þágu opinberra aðila og einkaaðila.

Með þessari áherslubreytingu taka stjórnvöld að sér hlutverk upplýsts og krefjandi kaupanda þar sem aukin áhersla er lögð á árangur og bætt nýtingu



ÁSTA MÖLLER

fjármagns. Ávinningurinn felst í því að með því að tiltekin starfsemi flyst til einkaaðila frá opinberum stofnunum eykst samkeppni um opinber verkefni og kaupandahópur fyrirtækjanna stækkar. Þeim er sköpuð betri starfsskilyrði með því að færa þeim stór og krefjandi verkefni og ný þekking verður til innan fyrirtækjanna sem styrkir stöðir þeirra til frekari afurðasköpunar.

Nefnum tvö dæmi af ólíkum toga. Hugbúnaðarfyrirtæki hafa árum saman kallað eftir auknum verkefnum frá opinberum stofnunum, sem hafa rekið eigin tölvudeildir.

Lagabreyting sem varð á árinu 2003 gerði einkaaðilum kleift að setja á stofn þjónustufyrirtæki, utan ríkiskerfisins, til að annast heilsuvernd, heilsufarskoðanir og áhættumat á vinnustöðum. Fjölmörg fyrirtæki fagmenntaðra heilbrigðisstarfsmanna spruttu upp í kjölfarið, sem hafa skapað atvinnu og um leið létt verkefnum af opinberum starfsmönnum.

Með útvistun verkefna ríkisins geta stjórnvöld slegið tvær flugur í einu höggi, skapað fleirum atvinnu og aukið hagkvæmni í rekstri ríkisins.

Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.



-25%

Mazda6 Touring

2,0 bensín sjálfskiptur station
Fast númer NE348
Skrd. 10/2006. Ek. 72.000 km.
Ásett verð 2.390.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.
Tilboðsverð 1.790.000 kr.



-17%



Mazda6 Touring

2,0 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer MX591
Skrd. 07/2007. Ek. 50.000 km.
Ásett verð 2.640.000 kr.
Afsláttur 450.000 kr.
Tilboðsverð 2.190.000 kr.

-15%



Mazda3 Touring

1,6 bensín beinskíptur 4 dyra
Fast númer SS285
Skrd. 07/2007. Ek. 42.200 km.
Ásett verð 2.460.000 kr.
Afsláttur 370.000 kr.
Tilboðsverð 2.090.000 kr.

Fjöldi annarra Mazda bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515-7000.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig - farðu síðan á bgs.is og sannreynðu tilboð dagsins í dag. Komdu í Brimborg

Við erum á tánum í dag - fyrir þig

Semdu við okkur um verð.



Fáðu þér notaðan bíl hjá Mazda í dag, Bíldshöfða 8.

selja gamla

kaupa nýjan notaðan

-31%



Citroën Berlingo Van
1,4 bensín beinskíptur 6 dyra
Fast númer DY566
Skrd. 07/2005. Ek. 49.500 km.
Ásett verð 1.440.000 kr.
Afsláttur 450.000 kr.
Tilboðsverð 990.000 kr.

-22%



Citroën C4 Comfort Saloon
1,6 bensín sjálfskíptur 5 dyra
Fast númer TE728
Skrd. 07/2006. Ek. 24.000 km.
Ásett verð 2.430.000 kr.
Afsláttur 540.000 kr.
Tilboðsverð 1.890.000 kr.

-24%



Citroën C5 X
1,8 bensín beinskíptur 5 dyra
16" álfelgur
Fast númer RF244
Skrd. 09/2005. Ek. 42.000 km.
Ásett verð 2.220.000 kr.
Afsláttur 530.000 kr.
Tilboðsverð 1.690.000 kr.

Áfram Ísland:

- Nýtum það sem við eigum;
- Endurnýtum gjaldeyrinn;
- Kaupum notaðan bíl;
- Komdu í Brimborg í dag.

Fáðu þér notaðan bíl hjá Citroën í dag, Bíldshöfða 8.

Notað

Eingöngu bílar sem sérfræðingar Citroën og Mazda mæla með

Fjöldi annarra Citroën bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515 7000.



Öruggur staður til að vera á

JENNIFER ANISTON ER 40 ÁRA Í DAG

„Þegar ég kyssti Brad í fyrsta skipti kiknaði ég í hnjúnum. Ég missti bókstaflega andann.“

Bandaríska leikkonan Jennifer Aniston sló í gegn sem Rachel Green í gamanþáttunum vinsælu Friends sem hófu göngu sína árið 1994. Hún giftist hjartaknúsaranum Brad Pitt árið 2000 en þau skildu fimm árum síðar.



PETTA GERÐIST: 11. FEBRÚAR 1990

Nelson Mandela sleppt úr fangelsi

Þennan dag árið 1990 var Nelson Mandela sleppt úr fangelsi í Suður-Afríku eftir að hafa verið pólitískur fangi í 27 ár.

Mandela leiddi baráttu gegn kynþátta- aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku og var dæmdur ábyrgur fyrir skemmdarverkum og fleiri afbrotum. Meirihluta fangelsisvistarinnar var hann látinn dúsa í litlum fangaklefa á Robben-eyju.

Eftir að Mandela var sleppt úr haldi fór hann fyrir Afríka þjóðarráðinu í samninga- viðræðum um lýðræðislegar kosningar. Þær fóru fram hinn 27. apríl 1994 og varð Mandela fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Suður-Afríku. Hann sat í embætti til ársins 1999 en þá tók Thabo Mbeki við.

Hin síðari ár hefur Mandela, sem hlaut Friðarverðlaun Nóbels árið 1993, einbeitt sér fyrir baráttunni gegn alnæmi.



MERKISATBURÐIR

- 1752 Pennsylvania Hospital, fyrsta sjúkrahús Bandaríkjanna, er opnað.
- 1809 Robert Fulton fær einkaleyfi fyrir gufuskipi.
- 1814 Noregur lýsir formlega yfir sjálfstæði.
- 1973 Kvikmyndin Brekkukotsannáll, eftir skáldsögu Halldórs Laxness, er frumsýnd í sjónvarpinu.
- 1980 Loðnuveiði var betri en áður hafði verið, 23.180 lestir á einum sólarhring. Metið var slegið tíu árum síðar, eða 11. janúar 1990.
- 2007 Portúgalar samþykktu með þjóðaratkvæðagreiðslu að leyfa fóstur-eyðingar.

tímamót

tíamot@frettabladid.is

Skóli fyrir alla

Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar (RSÁA), í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og menntaráð Reykjavíkurborgar standa fyrir ráðstefnu um skóla án aðgreiningar. Ráðstefnan er á morgun, fimmtudaginn 12. febrúar, frá klukkan 13.15 til 17 og ber heitið Skóli án aðgreiningar: Erum við á réttri leið í vöndunarsínum? Horft fram á við.

Ráðstefnan fer fram í fyrirlestrarsalnum Skriðu í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Markmiðið með ráðstefnunni er að ígrunda skólustefnuna skóli án að-

greiningar, hvaða merkingu við leggjum í hana, hvort hún er framkvæmanleg í reynd, og hvaða vísbendingar rannsóknir og reynsla gefa um það hverju þarf að breyta svo skólarnir mæti öllum nemendum skólakerfisins, veiti þeim góða og viðeigandi menntun og búi þá undir að taka þátt í lýðræðis- þjóðfélagi og atvinnulífi sem virkir og ábyrgir borgarar.

Þetta er fyrsta ráðstefnan af þremur sem RSÁA gengst fyrir um skólustefnuna skóli án aðgreiningar. Hinar tvær verða haldnar haustið 2009 og vorið 2010. Ráðstefnan er öllum opin og er þátttakendum að kostnaðarlausu.



Ráðstefnan á morgun fer fram í húsnæði menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN



SPENNTUR Morgundagurinn leggst bara vel í Daniel enda mun hann bara horfa framan í kunnugleg andlit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

DANÍEL BJARNASON: STÝRIR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITINI OG FRUMFLYTUR VERK

Frumraun og frumflutningur

Tvöföld tímamót verða í lífi tónskáldsins og hljómsveitarstjórans Daníels Bjarnasonar á morgun, fimmtudag. Þá mun hann stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta skipti auk þess sem píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson mun frumflytja eftir hann píanó-konsert.

„Dagurinn leggst vel í mig og ég er bara spenntur,“ segir Daniel sem hefur unnið með mörgum af meðlimum hljómsveitarinnar og mun því bara horfa framan í kunnugleg andlit. „Ég hlakka bara til að takast á við þetta.“

Píanókoncertinn samdi Daníel sérstaklega fyrir Víking Heiðar. „Við Víkingur erum góðir vinir og hefur mig lengi langað til að semja eitthvað fyrir hann. Þegar þetta tækifæri kom upp í hendurnar á mér ákvað ég að slá til,“ segir Daniel. Hann vill lítið annað gefa upp um konsertinn en segir þó um fremur stórt verk að ræða. „Það

er í þremur köflum og frekar stórt í sniðum eins og píanókonserter áttu til að vera í gamla daga. Ég skoða gömul gildi, eins og er svo gott að gera um þessar mundir, þó að þetta sé auðvitað að ný tónlist. Ég horfi því bæði fram og aftur.“

En hvernig fer það saman að semja og stjórna? „Það helst að vissu leyti í hendur og þótt það hafi verið algengara hér áður fyrr þá eru þó nokkur tónskáld sem stjórna sínum og annarra verkum. Mér finnst það bara gefast mjög vel,“ segir Daniel sem lauk tónsmíða- og hljómsveitarstjórnunarnámi við Tónlistarskólann í Reykjavík vorið 2003.

„Ég held að ég sé fyrsti og gott ef ekki eini nemandinn sem hefur útskrifast með einhvers konar gráðu í hljómsveitarstjórnun úr Tónlistarskólanum í Reykjavík,“ upplýsir Daniel en hann fór síðar í framhaldsnám í

hljómsveitarstjórnun til Þýskalands.

Daníel hefur þratt fyrir ungan aldur víðað að sér talsverðri reynslu og bæði stjórnað í Íslensku óperunni og kammersveitinni Ísafold svo dæmi séu tekin en hann er hljómsveitar- og listrænn stjórnandi Ísafoldar. Þá gekk hann nýverið til liðs við plötufyrirtækið Bedroom Community og er plata með verkum hans væntanleg næsta haust. Á meðal verka á plötunni verður fyrsti píanókoncert Daníels sem hann samdi árið 2003.

Auk frumflutningsins á verki Daníels á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á morgun flytur Einar Jóhannesson klarínettukonsert Jóns Ásgeirssonar í tilefni áttíundisafmælis tónskáldsins. Þá verða flutt verkin Ríma eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Dialogo nýtt verk Hauks Tómassonar sem hann samdi fyrir Sinfóníuhljómsveitina í Stafangri. vera@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóna Magnúsdóttir

lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, föstudaginn 30. janúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Aðstandendur þakka vinsemd og auðsýnda samúð. Sérstakar þakkir til Hraunbúða og Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja fyrir góða umönnun og hlýju.

Jóhann Hjartarson
Björg Hjartardóttir
Viktor Hjartarson
Hjördis Hjartardóttir
Guðni Hjartarson
barnabörn og barnabarnabörn.

Þórunn Gunnarsdóttir
Sveinbjörn Jónsson
Ágústa Magnúsdóttir
Finnur Jóhannsson
Rósa Benónýsdóttir

TILBOÐSDAGAR

30-50% afsláttur af völdum legsteinum á meðan birgðir endast


MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



KÁRI JÓNASSON, fyrrverandi ritstjóri, er 69 ára.



VALUR VALSSON, fyrrverandi formaður bankaráðs Glitnis, er 64 ára.



LESLIE NIELSEN, leikari er 83 ára.




SHERYL CROW söngkona er 46 ára.



GEIR MAGNÚSSON, fyrrverandi forstjóri Essó, er 67 ára.

ROLEX



M

MICHELSEN

URSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Vistvæna prentsmiðjan!

GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 11. febrúar 2008 - 6. tölublað - 5. árgangur

Veffang: visir.is - Sími: 512 5000

Jón Ólafsson

Vill aftur í Skífuna með bandarískum risum



2

Tryggingar innstæðna Ábyrgðin er ríkisins



4

Erlendur Hjaltason Hvað hefur breyst?



5

Aukin hætta á greiðslufalli

Greiðslufallsáhætta Moody's á heimsvísu var 4,8 prósent í janúar, en var 1,1 prósent fyrir ári. Spá Moody's gerir ráð fyrir að greiðslufallsáhætta hækki hratt og verði 16,4 prósent í nóvember en lækki svo aftur aðeins í desember.

Tuttugu og tveir skuldabréfaútgjafendur í einkarekstri, sem lánsfjármatsaðilinn Moody's greinir, urðu gjaldþrota í janúarmánuði, eftir því sem fram kemur í janúarskýrslu Moody's. Þar af voru tólf skuldabréfaútgjafendur í Bandaríkjunum, þrír í Kanada, þrír í Evrópu og fjórir annars staðar frá.

Lyondell Chemical Company var stærsta gjaldþrot mánaðarins, með 19 milljarða dala skuld. Þar á eftir kom Nortel Networks með um fjóra milljarða dala. - ss

Mettap hjá UBS í Sviss

Svissneski risabankinn UBS tapaði 8,1 milljarði franka á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Þetta jafngildir rúmum 777 milljörðum íslenskra króna. Heildartap bankans í fyrra nam 19,7 milljörðum franka, sem er met í Sviss.

Afkoman er langtum verri en gert var ráð fyrir og skrifast að mestu á tap af fjárfestingarstarfsemi og afskriftir lána.

Bloomberg-fréttaveitan hafði eftir Marcel Rohner, forstjóra UBS, í gær að hagræðingaradgerðir bankans muni snúa honum til betri vegar á nýju ári. - jab

HELST Í ÚTLÖNDUM

Kreppan komin | Efnahagsdýfan nú er sú versta í hundrað ár. Þetta segir Ed Balls, fyrrverandi efnahagsráðgjafi Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands, í samtali við breska fjölmiðla. Kreppan er verri en sú sem reid yfir á þriðja áratug síðustu aldar og mun hafa víðtæk áhrif á stjórnmál, að hans mati.



Kynningar beðið | Fjórir fjárfestar eru sagðir bera víurnar í sænska fjárfestingarbankann Carnegie. Milestone átti tíu prósent í bankanum áður en sænska ríkið þjófnotaði hann í fyrrihaust. Reynt hefur verið að selja bankann síðan þá.

Loka álveri | Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls, hefur ákveðið að loka einu af álverum sínum í Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum. Ákvörðunin byggist á lágu álverði síðustu misserin.

Enn í plús | Sænski bankinn Handelsbanken hagnaðist um 4,56 milljarða sænskra króna á fjórða ársfjórðungi. Þetta er 29 prósent samdráttur á milli ára og skrifast að mestu á lánaafskriftir og tap þeim tengdum. Hagnaður var talsvert hærri í hittifyrri þegar líftryggingafyrirtækið SSP var selt til fjármálafyrirtækisins Storebrand.

Landsbankinn varð af 48 milljörðum

Bankakreppur hægðu í tvígang á samþættingu fjármálafyrirtækja Landsbankans í Evrópu. Bankinn greip of seint til varúðarráðstafana áður en skellurinn dundi yfir.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Skilanefnd Landsbankans fékk 50 milljónir evra, jafnvirði um sjö milljarða króna, fyrir írsku fyrirtækjaráðgjöfina Merrion Capital og franska greiningar- og verðbréfafyrirtækið Kepler við sölu til stjórnenda fyrirtækjanna í fyrravetur, samkvæmt heimildum Markaðarins. Skilanefnd bankans hefur ekki gefið upp tölur varðandi sölu en fréttastofa Reuters birti kaupverð Merrion fyrir helgi.

Þetta er 330 milljónum evra minna en Straumur samdi um að greiða að viðbættu breska verðbréfa- og ráðgjafafyrirtækinu Teathers Limited, áður en skilanefnd Fjármálaeftirlitsins tók yfir stjórn bankans í október í fyrra. Miðað við þetta varð gamli bankinn af 48 milljörðum króna, sé miðað við gengi krónu gagnvart evru í dag. Taka verður tillit til þess að með sölnunni var komið í veg fyrir að fyrirtækin færu í þrot. Við það hefði gamli bankinn ekki fengið til baka það fé sem hann hafði lagt þeim til.

Ekki liggur fyrir hvað Straumur greiddi fyrir nafn Teathers í enda október.

Landsbankinn greiddi um tuttugu milljarða króna fyrir Kepler og 84 prósent hlut í Merrion árið 2005. Við það bætast um þrettán milljarðar vegna Teather & Greenwood og Bridgewell, en það síðasttalda var keypt um mitt ár 2007. Fyrirtækin voru sameinuð undir merkinu Landsbanki Securities Ltd sama ár. Heildarverðmæti fyrirtækjanna lá í rúmum 31 milljarði króna.

Viðmælendur Markaðarins segja samþættingu

fjármálafyrirtækja Landsbankans í Evrópu hafa gengið hægar en til stóð og hafi stjórnendur ekki náð því flæði á milli þeirra sem stefnt var að.

Tvennt skýrir tafirnar: bankakreppan hér á vordögum 2006 sem varð til þess að íslenska fjármálalífið lagði allt kapp á að verjast gagnrýni erlendra greiningaraðila og fjármálakreppan, sem tók að bíta af krafti á seinni hluta árs 2007.

Um mitt síðasta ár varð alvarlegs lausafjárskorts vart í sjóðum Landsbankans enda veikt bakland í Seðlabankanum. Eftir því sem næst verður komist horfðu stjórnendur bankans til þess að selja eignir bankans ytra og losa bankann við þungar byrðar á meginlandinu sem ekki hafði náð að samþætta samstæðu bankans.

Í framhaldinu hafði Sigurjón Þ. Arnason, annar bankastjóra Landsbankans, samband við William Fall, forstjóra Straums, um kaup á fyrirtækjunum. Salan var handsöluð um miðjan september en tilkynning send út í byrjun október. Kaupverð átti að nema 380 milljónum evra, jafnvirði 55,4 milljarða króna að þávirði. Þar af voru 50 milljónir evra í reiðufé en rest með víkjandi láni og útlánun.

Níu dögum síðar tók Fjármálaeftirlitið lykjavöldin í Landsbankanum og frystu bresk stjórnvöld eigur Landsbankans ytra í kjölfarið. Samningi bankans og Straums var rift daginn eftir þegar ljóst var að bankinn gæti ekki staðið við ákvæði um sölu.

Hvorki náðist í Sigurjón Þ. Arnason né Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, þegar eftir því leitað í gær.

ERT ÞÚ Í ÖRUGGUM HÖNDUM?

Fáðu hjálp frá sérfræðingum EJS við tölvubúskapinn

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

Sérfræðingar EJS koma á staðinn og aðstoða við að leysa úr vanda- málum og tryggja þér öruggan rekstur á tölvukerfinu þínu.

AFBURÐA ÞEKING

Reynslan skiptir máli - sérfræðingar EJS í tölvurekstri eru 120 talsins og búa þeir yfir þekkingu og reynslu sem fá önnur fyrirtæki geta státað af.

FYRIRKOMULAG ÞJÓNUSTU

EJS býður upp á samningsfyrirkomulag sem hentar öllum, smáum sem stórum, hvort sem um ræðir tilfallandi verkefni eða til lengri tíma.

Það er til lausn á öllu

Opið 9-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-1,5%	-7,4%
Bakkavör	13,6%	-16,1%
Eimskipafélagið	-1,0%	-20,0%
Icelandair	-0,1%	0,8%
Marel	-4,2%	-26,7%
SPRON	0,0%	0,0%
Straumur	45,2%	22,6%
Össur	0,8%	-2,6%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.
Úrvælisitalan OMXI15 321
Úrvælisitalan OMXI6 947

Kastljóssviðtal pantað að utan

Eftir að fjármálakrisan skall á hefur færst í aukana að útlendingar panti þýðingar á fréttum og viðtölum við íslenska ráðamenn frá Fjölmiðlavaktinni. Þannig er fylgst með því sem gerist hér á landi, segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Sem dæmi sé viðtalið við Davíð Oddsson seðlabankastjóra í Kastljósinu, þar sem hann sagði að íslenska ríki myndi ekki greiða skuldir „óreiðumanna“.

„Þegar svona viðtal birtist við svona mann má eiginlega treysta því að það er pantað til útlanda.



HORFT Á DAVÍÐ Útlendingar panta æ meira af þýðingum á viðtölum við íslenska ráðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN

Viðtalið við Davíð var pantað af innlendum og erlendum aðilum og svo birtist okkar þýðing allt í einu

í Wall Street Journal,“ segir hún. Síðustu ár hafi verið beðið um þýðingar á umræðu um útrásarfyrirtæki, sérstaklega bankana, en nú séu það stjórnsmálin.

„Þau ummæli sem eru mest pöntuð eru hjá ráðherrunum sem hafa verið áberandi í fjármálaumræðu,“ segir Rakel.

Fyrirtæki hennar hafi stungið upp á því fyrir um tveimur og hálfu ári að umfjöllun um Ísland á erlendra grundu yrði vöktuð og þýdd hingað heim: „Það hefði nú verið gott að geta brugðist við í almannatengslum þegar allt fór að hrynja,“ segir Rakel. - kóp

Úr viðtalinu við Davíð Oddsson

Davíð: „Menn sem ekki geta borgað eru upp á gamlan máta taldir óreiðumenn, það lærði ég hjá ömmu minni. Við ætlum ekki að borga annarra manna skuldir. Við ætlum ekki að borga skuldir bankanna, sem hafa farið dálítið gáleysislega.“

Richard Portes, prófessor í hagfræði, sagði síðar í Financial Times að þessi orð hefðu verið túlkuð sem svo að Íslendingar myndu ekki standa við skuldbindingar sínar í Bretlandi.



DAVÍÐ ODDSSON

Gera hlutina sjálf

„Við ákváðum að taka uppgjör og greiðslumiðlun inn til okkar sjálf. Það er hagkvæmara og því réðum við til okkar fleira starfsfólks,“ segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital.

Fyrirtækið hefur ráðið til sín sex nýja starfsmenn á sama tíma og vinnumarkaðurinn er svo til botnfrosinn.

Starfsmennirnir hafa allir dágóða reynslu af fjármála- viðskiptum og vinna þessa dagana að þessum breytingum innan veggja Saga Capital.

Arion verðbréfavarsla, dóttur-



ÞORVALDUR LÚÐVÍK SIGURJÓNSSON Saga Capital telur betra að taka sjálft við uppgjöri og greiðslumiðlun félagsins.

félag Kaupþings, sá um uppgjörin áður en sagði samningum upp við fjármálafyrirtækin um mitt síðasta ár. Uppsögnin var síðar dregin til baka og framlengd fram á mitt þetta ár, að sögn Guðrúnar Blöndal, framkvæmdastjóra Arion.

Þorvaldur segir uppsögnina hafa hvatt Saga Capital til að taka eigin mál inn í hús og hafi samningurinn við Arion því ekki verið endurnýjaður. „Við teljum okkur geta dregið úr kostnaði og veitt viðskiptavinum okkar betri þjónustu en áður,“ segir hann. - jab

Jón Ólafsson verði stjórnarformaður Senu

Nái Jón Ólafsson og ein umsvifamesta umboðsskrifstofa heims ekki að kaupa Senu á samt að hefja hér starfsemi.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Við vorum að leggja grunninn að rekstri hér með Jóni þegar við fréttum af því að Sena væri til sölu. Þá gerðum við tilboð í félagið. Verði því tekið er það gott. Verði því ekki tekið munum við halda settum markmiðum og setja saman á laggirnar fyrirtæki sem við stefnum á að leiði til þess að kvikmyndir verða teknar upp í mun meiri mæli hér en áður auk ýmiss konar annarrar framleiðslu og dreifingar á hugverkum auk tónleika- og viðburðahalds,“ segir Mike Simpson, annar tveggja stjórnenda kvikmyndadeildar bandaríska umboðsrisans William Morris Agency.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur Jón Ólafsson gert tilboð í Senu í félagi við William Morris Agency. Simpson segir möguleika Senu takmarkaða í dag án utanaðkomandi erlendra aðila. „Við teljum okkur geta bætt miklu við starfsemi Senu,“ segir hann og bætir við að talsverðar fjárfestingar séu í bígerð í þá átt. Vænta megi umtalsverðra hlíðaráhrifa af því fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf.

Simpson hefur verið hér á landi ásamt kollega sínum, John A. Mass, aðstoðarframkvæmdastjóra hjá William Morris Agency, síðan á laugardag að kynna sér aðstæður og ræða við menn, þar á meðal hjá Latabæ, en fyrirtækið er umboðsaðili Latabæjar vestanhafs. Þeir fóru af landi brott í gær.

Mass hefur umsjón með landnámi fyrirtækisins á nýja markaði og kannar viðskiptatækifæri þar sem þau gefast. „Við teljum Ísland afar spennandi kost þrátt fyrir þrengingarnar nú. Auðvitað ganga þær yfir eins og allt annað,“ segir Mass og bendir á að umboðsskrifstofan flaggi rúmlega aldargamalli sögu.



Á SUNDANCE Jón Ólafsson og Mike Simpson standa hér hlið við hlið á Sundance-kvikmyndahátíðinni í Utah í Bandaríkjunum.

Hluthafar William Morris Agency eru starfsmenn sjálfir og er umboðsskrifstofan lítið skuldsett. Velgengni hennar felist ekki síst í því að hún hugsi til margra ára, stundum áratuga, í einu. „Við [William Morris Agency] erum mjög þolinmóðir fjárfestar,“ bendir Mass á.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær voru tilboð opnuð í Senu í gær og sá Straumur um söluferlið að beiðni stjórnar Íslenskrar afþreyingar, móðurfélags Senu.

Ásamt þeim Jóni og William Morris Agency gerðu þeir aðrir tilboð í félaginu. Þar á meðal voru bióköngurinn Árni Samúelsson, Þóroddur Stefánsson, löngum kenndur við Bónusvíd-eó og Vídeóhöllina, og Jón Diðrik Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Glitnis. Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, mun ekki standa að tilboðinu líkt og sagt var í gær. Niðurstöður úr tilboðsferlinu liggja fyrir á næstu dögum. Gangi áætlanir þeirra Jóns og manna Williams Morris eftir verður Jón stjórnarformaður Senu. Ekki er stefnt að breytingum á stjórnarteyminu að öðru leyti.

William Morris framleiðir ekki kvikmyndir með beinum hætti en hefur víðtæk tengsl í bandarískum afþreyingariðnaði, hvort heldur er við leikarastéttina, leikstjóra, sviðs- og íþróttafolk, tónlistarstjórnur og rithöfunda. Er horft til þess að nýta tengslin til útvíkkunar á starfsemi fyrirtækisins hér á landi, líkt og Mass bendir á.

„Jón er einn fárra einstaklinga utan Bandaríkjana sem hefur mjög nán og dýrmæt tengsl við nokkra af æðstu stjórnendum í kvikmyndaheiminum í Hollywood,“ segir Simpson en þeir Jón hafa þekkt um árabíl og lengi velt fyrir sér ýmsu samstarfi á borð við það sem þeir nú stefna að. „Saman sjáum við mikil tækifæri hér,“ segir hann.

HVAD ER SENA?

Sena samanstendur af fjórum kvikmyndahúsum, umboði og dreifingu á tölvuleikjum og PlayStation-tölvum, Tónlist.is, útgáfufyrirtækinu Cod Music auk útgáfufyrirtækis Senu. Þá hefur fyrirtækið reynslu á sviði tónleikahalds. Eitt fyrirtækja Senu er D3, sem meðal annars á og rekur netþjónustuna Einkamá.is. Sena er auk þessa umboðsaðili fyrir dreifingu á kvikmyndum á ýmsu formi.



LITA LASERPRENTARI
SKANNI OG LJÓSRITUN
FAXTÆKI

SAMSUNG

SAMSUNG
CLX-3160FN

ÖFLUGT & FALLEGT FJÖLNOTATAÆKI

LITA LASERPRENTARI: Prenthraði: 16 í sv/hv og 4 í lit - Upplausn: 2400 X 600
SKANNI OG LJÓSRITUN: Upplausn: 600 X 1200 (max 4800 X 4800) - Scan to USB and Scan to e-mail
FAXTÆKI: Leshraði: 3 sek pr/bls - Númeraminni: 30 beint, 240 í skammvelli - Minni: 4 MB
ALMENNT: Pappírskáki inn/út: 150/100 blöð - Minni: 128 MB
TENINGI: USB 2.0, Ethernet 10/100BaseTX

ORMSSON

SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

TILBOÐSVERÐ

NÚ: 69.900,-

ÁÐUR: 89.900,-

AFKASTAMIKLAR OG SVÍKJA ALDREI LIT

Litaljósritunarvélarnar frá Konica Minolta eru einfaldar og hagkvæmar í notkun, gefa kost á ódýrri litprentun og krefjast lítills viðhalds. Tryggar, traustar og alltaf í vinnunni.



KONICA MINOLTA

BIZHUB C203

Litur: Já
Afköst: 20 bls/mín
Pappírskúffur: 1.150 - 3.650 bls
Pappírþykkt: 64-271 g/m2
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritunar, prentun, skönnun, email
Aukabúnaður: Fax, frágangsbúnaður

BIZHUB C353

Litur: Já
Afköst: 35 bls/mín
Pappírskúffur: 1.150 - 3.650 bls
Pappírþykkt: 64-271 g/m2
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritunar, prentun, skönnun, email
Aukabúnaður: Fax, frágangsbúnaður

BIZHUB C550

Litur: Já
Afköst: 55 bls/mín
Pappírskúffur: 3.650-6.650 bls
Pappírþykkt: 64-256 g/m2
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritunar, prentun, skönnun, email
Aukabúnaður: Fax, frágangsbúnaður

PROLOGUS kynnir nýjungar í húsgögnum



í s l e n s k h ö n n u n o g f r a m l e i ð s l a

FIRMA

CONSULTING

Ráðgjöf til fyrirtækja

Firma Consulting er óháð ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig í stórum og millistórum fyrirtækjum



Magnús Hreggviðsson viðskiptafræðingur og lög-giltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali. Magnús er með áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum, sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi, „land-developer“ í Smárahvammi og starfandi stjórnarformaður í nokkrum fyrirtækjum. Er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting. (magnus@firmaconsulting.is)

Firma Consulting, Þingaseli 10, 109 Reykjavík, GSM: (+354) 820 8800 og (+354) 896 6665, Fax: (354) 557 7766, Vefang: firmaconsulting.is



EVRRUR OG KRÓNUR Í áætlunum fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að 150 milljarðar króna falli á ríkið vegna ábyrgða sem tengjast Icesave-innlánsreikningum Landsbankans. Endanleg upphæð fer þó eftir því hversu miklar eignir reynast í þrotabúi bankans þegar upp verður staðið.

MARKAÐURINN/GVA

Ríkið ber ábyrgð á lágmarksvernd innstæðna

Tómt mál virðist að vafi leiki á ábyrgð ríkisins á tryggingum innlána samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins. Þó hafa verið dregin upp í umræðunni meint lögfræðileg álitaefni. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér málið.

Evrópuþjóðir munu seint taka undir að vafi kunni að leika á gildi tilskipunar Evrópusambandsins (ESB) um innstæðutryggingar. Yfirlýst meginmarkmið hennar er að allar innstæður einstaklinga í viðskiptabókum á evrópska efnahagssvæðinu öllu skuli tryggðar upp að skilgreindu lágmarki, 20.887 evrum, eða sem svarar um þremur milljónum króna.

Þetta má ráða af viðtölum við sérfræðinga í Evrópurétti. Illa gengur þó að fá fólk til að tjá sig um málið, þar sem margir helstu sérfræðingar landsins í þessum málum eru bundnir af verkefnum sem þeir eru að vinna við, hvort heldur það er fyrir stjórnvöld hér eða erlendar stofnanir. „Ég tel ekki rétt að ég tji mig um þetta mál á þessari stundu,“ segir Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, en hún er formaður stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Helsta niðurstaðan er hins vegar að með því að gangast undir tilskipun ESB um innstæðutryggingar og leiða ákvæði hennar í lög hafi ríki búið til réttmætar væntingar hjá sparifjáreigendum (á Evrópska efnahagssvæðinu) um að innstæður þeirra væru tryggðar upp að ákveðnu lágmarki. Þar af leiðandi standi krafan ekki einungis upp á innlánstryggingakerfin, heldur aðildarríkin, burt séð frá því hvaða leiðir hafa verið valdar í hverju landi til að fjármagna þessi kerfi.

LÁGMARKIÐ ER LYKILATRÍÐI

Íslensk stjórnvöld hafa gengist undir meginmarkmið tilskipunar ESB um innlántryggingakerfi með innleiðingu tilskipunarinnar í lög um innstæðutryggingar (númer 98 frá árinu 1999). Í tilskipun ESB er gert ráð fyrir að hver þjóð komi á fót tryggingarkerfi til að mæta lágmarkskröfum um innstæðutryggingar. Í aðfararorðum og meginefni tilskipunarinnar kemur fram að aðeins er verið að draga fram útlínur mögulegs tryggingarkerfis, án þess að skilgreint sé út í hörgul fyrirkomulag þess eða fjármögnun. Samræmingin á öllu EES-svæðinu snýst því um tvennt: Meginlínur í fyrirkomulagi innstæðutrygginga og að tryggja greiðslur til innstæðueigenda á grunni samræmds lágmarks.

Skilningur þeirra sem leitað

hefur verið til í skoðun á málinu er að lágmarkið sé lykiltríðið og fyrirkomulag innstæðutrygginganna aðeins leið til þess að nálgast slíka tryggingu. Hefði ætlunin verið önnur væri augljóst að megináherslan hefði verið lögð á fulla samræmingu tryggingarkerfanna og staða þeirra samkvæmt sjóðseign verið látin ráða lágmarksupphæð tryggðra innstæðna.

Þannig kemur fram í 24. grein aðfararorða tilskipunarinnar að ekki sé nauðsynlegt að samræma fjármögnun tryggingarkerfanna vegna þess að kostnaðurinn við fjármögnun þeirra verði sem meginregla á herðum fjármálastofnananna sjálfra og að fjármögnun kerfisins þurfi að vera í samræmi við skuldbindingar þeirra. Um leið þurfi að sjá til þess að fjármögnunin ögni ekki fjármálastöðugleika í landinu.

STÆRÐ RÍKJA SKIPTIR ENGU

Í lögum um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta er kveðið á um fjármögnun útgreiðslna á innstæðutryggingum og í þriðja kafla laganna innleitt lágmarksinnstæðutrygging í samræmi við tilskipun ESB. Skuldbindingin er án undantekninga í lögum rétt eins og í sjálfri tilskipuninni. Hvergi er gert ráð fyrir því að sjóðurinn greiði út minna en sem nemur lögboðnu lágmarki óháð eignum sjóðsins. Í annarri málsgrein tíundu greinar laganna er svo jafnframt gert ráð fyrir að dugi eignir innstæðutryggingadeildar ekki fyrir lágmarkinu þá sé sjóðnum heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum: „Hrökkvi eignir sjóðsins ekki til og stjórn sjóðsins telur til þess brýna ástæðu er henni heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum.“ Hvorki er í tilskipun Evrópusambandsins, né lögum um sem innleiddu hana hér, vikið að mismunandi skyldum ríkja til að standa við lágmarksinnstæðutryggingar á grundvelli stærðar aðildarríkjanna. Kröfur um slíka sérmeðferð hefðu enda líklegast átt að koma fram við setningu tilskipunarinnar eða innleiðingu hennar af hálfu smærri ríkja.

Þá hefur því verið haldið fram að í aðfararorðum tilskipunarinnar segi að aðildarríki beri ekki ábyrgð gagnvart innstæðueigendum hafi það komið á fót innlánstryggingarkerfi í samræmi við til-

skipunina. Sérfræðingar sem leit að hefur verið til telja þarna um mislestur á 25. efnisgrein hennar að ræða, en þar segir: „Whereas this Directive may not result in the Member States' or their competent authorities' being made liable in respect of depositors if they have ensured that one or more schemes guaranteeing deposits or credit institutions themselves and ensuring the compensation or protection of depositors under the conditions prescribed in this Directive have been introduced and officially recognized.“ Þetta þýði að óvíst sé að ábyrgð falli á aðildarríki hafi verið komið upp tryggingarkerfi samkvæmt tilskipuninni.

PREF TAFÐI FYRIRGREIÐSLU AGS

Innstæðutryggingar hafa verið til umfjöllunar í mörgum öðrum löndum vegna bankakreppunnar í heiminum, víðast hvar vegna þess að ríki hafa talið að lágmarksupphæðin væri of lág. Bretar tryggja þannig innstæður upp í um átta milljónir króna (50 þúsund pund) og Írar hækkuðu trygginguna í yfir 14 milljónir króna (í 100 þúsund evrum). Ekki hefur hins vegar verið deilt um að lágmarkstrygging innstæðna haldi.

Áður hafa hins vegar komið upp vangaveltur um hvort tilskipun ESB um innstæðutryggingar nægði, kæmi til kerfislegar kreppu. Um þetta er til að mynda fjallað í skýrslu sem bankanefnd Frakklands samdi árið 2000, þegar Jean Claude Trichet (nú bankastjóri Seðlabanka Evrópu) var þar formaður bankanefndarinnar. Óvarlegt væri hins vegar lesa úr þeirri umfjöllun að efast hafi verið um lágmarksábyrgð á innlánunum, eða að hún ætti ekki við kæmi til bankahruns. Líkast til var bankanefndin einmitt að benda á að grípa þyrfti til annarra aðgerða en innstæðutryggingarsjóðsins til að geta staðið við lágmarkið kæmi til slíks hruns.

Síðan má velta fyrir sér hver hafi verið áhrif þess að vöflur virtust fyrsta kastíð vera á stjórnvöldum hér varðandi ábyrgð á innstæðum í erlendum útibúum bankanna. Í það minnsta virðist hún hafa tafið fyrir afgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) en forsenda fyrir afgreiðslu framkvæmdastjórnar sjóðsins á efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar var að önnur fjármögnun hefði

BJÖRN BORG	J.LINDBERG	DOLCE&GABBANA
ROBERT LA ROCHE	ROBERTO CAVALLI	BVLGARI
CHANEL	PRADA	TOM FORD
RALPH LAUREN		BELLINGER
PERSOL		D&G
CUTLER AND GROSS		RAY BAN
TOM FORD	PRADA	VERSACE
J.LINDBERG	TOM FORD	CHANEL
PRADA	BVLGARI	DONNA KARAN
RAY BAN	TIGER OF SWEDEN	PRADA
BURBERRY	BJÖRN BORG	ROBERTO CAVALLI
VERSACE	TOM FORD	PERSOL
ROBERT LA ROCHE	DONNA KARAN	BVLGARI
DOLCE&GABBANA	CUTLER AND GROSS	J.LINDBERG
FACE	BJÖRN BORG	PEAK PERFORMANCE
PRADA	CHANEL	BVLGARI
BURBERRY	BELLINGER	VERSUS
PERSOL	BRUUNS BAZAAR	RAY BAN

FRÍAR SJÓNMEIÐINGAR TIL 1. MARS NK.

Pantaðu tíma: SMÁRALIND 528 8500 KEFLAVÍK 421 3811

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



BÓKASAFNSSKÍRTEINI Borgarbókasafns
Reykjavíkur kosta ekkert fyrir börn og unglínga að 18 ára aldri. Flestum börnum finnst gaman að sækja sér spennandi bækur á safnið til að hafa með sér heim.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Teoretyczny kurs na maszyny
budowlane oraz dźwigi

Kurs będzie prowadzony w języku
polskim .Rozpoczęcie 13. 02 g18.00



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.

Miejsce kursu Mjódd www.ovs.is

Zapisy pod nr.tel. 5881414 lub ovs.is

VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”



Félagarnir frá vinstri: Svavar Helgason, Sigbór Hákonarson og Hákon Hákonarson á Bealy Street fyrir framan BB King blúsbarinn.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Fetað í fótspor kóngsins Í Sun Studio í Memphis

Heimkynni Elvis Presley komu Hákon Hákonarsyni á óvart. Þau voru minni en hann átti von á. Hins vegar fannst honum mikið til Sun Studio-hljóðversins, þar sem kóngurinn tók upp sína fyrstu plötu, koma.

Tryggingamiðlarinn Hákon Hákonarson var viðstaddur brúðkaup í Flórída síðastliðið haust. Hann ákvað að nýta tækifærið og bregða sér ásamt fjölskyldu og vinum yfir til Memphis Tennessee til að skoða Graceland, heimkynni Elvis Presley. Þar kom honum ýmislegt á óvart.

„Heimili kóngsins var mun minna en ég átti von á og heldur ósmekklegt verð ég að segja,“ segir Hákon og hlær en teppalögð gólfín og veggirnir voru honum ekki að skapi. „Við fengum að skoða neðri hæðina og kjallarann en engum er hleypt upp á efri hæðina þar sem Presley lét lífið.“

Umgjörðin í kringum búgarð-

inn er öllu fburðarmeiri og eyddi Hákon heilum degi í að skoða kadiðillakkana, bleiku bílana og þoturnar sem voru í eigu söngvarans. Daginn eftir hélt hann ásamt félögum sínum í Sun Studio þar sem Presley tók upp sína fyrstu plötu. Það segir hann að fólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara. „Það kom mér verulega á óvart hversu gaman var að fara þarna í gegn.“

Hákon og félagar voru leiddir um hljóðverið af skemmtilegum leiðsögumanni. Þeir heyrðu gamlar upptökur og hlýddu á samtali þeirra Presleys, Johnny Cash, Jerry Lee Lewis og Garry Parker sem allir hafa átt viðkomu í hljóð-

verinu. „Svo fengum við hver um sig að taka upp þriggja laga plötu. Einn félaganna er mikill Elvis-aðdáandi og tók bara Presley lög en ég tók Dream með Everly Brothers, Bítlalag og svo House of the Rising Sun,“ segir Hákon sem á nú vínplötu merkta sér og hljóðverinu.

Frá Sun Studio héldu félagarnir á Beale Street þar sem blúsinn ræður ríkjum en Hákon er mikill blúsaðdáandi. „Þarna spila blúsbönd fyrir opnum tjöldum á hverju götuhorni og var sérstaklega gaman að koma á BB King blúsbarinn. Því miður var King ekki á staðnum í þetta sinn.“

vera@frettabladid.is

BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Smurþjónusta
15% afsláttur

Nýttu tækifærið, 15% afsláttur af smurvinnu.

Tilboð
á teflonbóni
Láttu okkur um þrífín
SÆKJUM & SENDUM



- Hjólbarðþjónusta
- Smurþjónusta
- Alþríf og teflon Bón
- Djúphreinsun Mössun
- Mössun
- Dekkjahótel
- Rafgeymar Perur
- Rúðuþurkur Bremsuklossar
- Sækjum og sendum Flestar stærðir dekkja á lager

BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Á FERÐINNI

LANDAKORT.IS er vefsíða þar sem finna má ýmsar landfræðilegar upplýsingar um Ísland. Á síðunni eru einnig tenglar í aðrar vefsíður sem sýna kortagögn og annað landfræðilegt efni innanlands sem utan.



Gengið á Snæfell. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Námskeið á GPS-tæki

Peir sem stefna á ferðalög um hálendið þurfa að huga að öryggi. Námskeið í rötun og notkun staðsetningartækja verða haldin í mars.

Endurmenntunarskólinn stendur fyrir námskeiði í rötun og notkun GPS-staðsetningartækja, dagana 3. og 5. mars. Kennari á námskeiðinu er Sigurður Jónsson, björgunarsveitarmaður og leiðbeinandi í rötun og ferðamennsku.

Á námskeiðinu mun Sigurður fara yfir notkun á staðsetningartækjum. Þátttakendur læra að finna punkta, setja þá inn í tækin og merkja á korti. Nauðsynlegt er að hafa með sín eigin tæki á námskeiðið. Námskeiðið tekur tvö kvöld og svo verður ein útiæfing 7. mars.

Verð á námskeiðið er 12.500 krónur og er skráning hafin á vefsíðu Endurmenntunarskólans, www.tskoli.is.



Nýkomnir glæsilegir dómuskór úr leðri með skinnfóðri. Margir litir
Stærðir: 37 - 41
Verð: 14.450

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Útivist, hreyfing og slökun

Golfferðir eru nokkuð sem kylfingar eiga erfitt með að neita sér um, enda smitandi sport sem gaman er að lengja eftir íslenska golftímabilið með ferðalögum á erlenda grund þar sem dagurinn fer í leik og fjör.

„Íslendingar eru frábærir farþegar, kurteisir, þrúðir og alltaf í góðu skapi. Stemningin er því ávallt með því besta og alltaf betri og betri eftir því sem meiri sólar og blíðviðris nýtur,“ segir Peter Salmon, fararstjóri og framkvæmdastjóri VITA-golfferða, sem undanfarið hefur selt hundrað sæti á viku í fyrirhugaðar golfferðir um páskana, en þá verður meðal annars farið utan á golfvelli í námunda við menningarborgina Sevilla í Andalúsíu á Spáni.

„Golfferðir þýða einstaklega áhyggjulaust líf þar sem sest er að dekkjuðu borði kvölds og morgna, og dagurinn nýttur í ótakmarkað golf á stórkostlegum golfvöllum í yndisfögru umhverfi. Slíkar ferðir sameina útivist, hreyfingu og afslöppun, og víst er að margir sleppa öðrum ferðum í ár til þess að komast í golf í útlöndum,“ segir Peter sem þessa dagana skipuleggur sérstaka golfferð til Írlands, en býður einnig golfreisú til Skotlands um páskana.

„Við leggjum áherslu á fyrsta flokks þjónustu og fararstjórn, og erum með úrvals golfkennara á okkar snærum sem kenna byrjendum sem lengra komnum golfíþróttina. Áhugi Íslendinga á golfi er alltaf að aukast og æ fleiri sem ferðast út fyrir landsteinana til að stunda golf á nýjum slóðum, en í golfferðum er einnig upplagt að



Peter Salmon hefur sinnt þörfum íslenskra kylfinga í yfir sextán ár; fyrst hjá Úrvali Útsýn en nú með ferðaskrifstofunni VITA. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Frá einum golfvallanna í námunda við Sevilla á Spáni.

kynnast íþróttinni í fyrsta sinn með því að skrá sig í golfskóla,“ segir Peter sem hlakkar til að fara með golfsettið utan um páskana

með VITA-ferðum sem stofnaðar voru í sumarlok síðasta árs. „Viðtökur hafa verið frábærar og eitt-hvað erum við að gera upp á tíu úr því ferðirnar seljast upp jafnóðum, en nú eru laus örfá sæti í páskaferðirnar. Spánn nýtur ævinlega vinsælda því þangað er stutt að fljúga, veður og verðlag með því besta í Evrópu, golfvelli stórkostlegir og öll aðstaða til fyrirmyndar.“

Nánari upplýsingar um ferðirnar eru á www.vitaferdir.is/golf.

thordis@frettabladid.is

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Er skiptinemadvöl eitthvað fyrir þig?

Fjölmörg lönd í boði. Ársdvöl, hálfársdvöl, 3 mánaða dvöl og 4-6 vikna dvöl. **Hafðu samband!**

Skiptinemar sjá heiminn með öðrum augum

AFS
AFS á Íslandi
Alþjóðleg fræðsla og samskipti

www.afs.is • info-isl@afs.org • 552 5450

OTTO CHEMIE

Þéttiefni - Límefni

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. - www.jarngler.is

Skrúfur í miklu úrvali



Litskrúðugir bátar prýða hafnir þorpanna í Cinque Terre.

MYND/HEIMSFERDIR



Þorpin virðast hanga utan í hlíðunum.



Cinque Terre heitir eftir fimm þorpum.

Suðræn náttúrufegurð

Heimsferðir bjóða upp á vikulanga gönguferðir um ströndina og þorpin í Cinque Terre á Ítalíu. Svæðið býr yfir gríðarlegri náttúrufegurð, menningu og sögu auk þess sem þorpin mynda sérstaka stemningu.

Cinque Terre heitir eftir fimm þorpum sem virðast hanga utan í bröttum hlíðunum við ströndina sunnan Genúa á Ítalíu. Sérstök stemning er í þorpunum þar sem eru fallegar hafnir, fullar af litskrúðugum fiskibátum, og þröng stræti liðast milli húsanna.

Heimsferðir hafa boðið upp á ferðir til Cinque Terre í nokkur ár og í þeim er öll þjónusta innifalin. „Þetta er fimmta árið í röð sem við bjóðum upp á þessar ferðir sem hafa verið rosalega vinsælar. Cinque Terre er þjóðgarður og er göngusvæðið þar yndislegt,“ segir Sigríður Árnadóttir hjá Heimsferðum, en á milli þorpanna

liggur fjöldi göngustíga um hvernhnípta kletta og iðagrænar hæðir sem þaktar eru vínviði og ólívuvíðarlundum.

„Við höfum notað sama hótelið frá byrjun og er það í raun orðið eins konar Íslendingahótel,“ segir Sigríður en hótelið sem um ræðir heitir Marina Hotel og er miðsvæðis í smábænum Monterosso. Þar eru 25 vel búin herbergi. „Hótelið er heimilislegt og þaðan er farið í dagsgöngur þar sem gengið er í um fjóra til sex tíma á dag,“ segir hún og nefnir að ferðirnar flokkist sem léttar til miðlungserfiðar og henti því flestum sem eru í nokkuð góðu formi. „Við segjum

oft að ef þú kemst upp á Esjuna þá kemstu líka í þetta,“ segir Sigríður og brosir.

Heimsferðir eru með vikulanga gönguferðir þar sem hótél, akstur og leiðsögn eru innifalin. „Landsvæðið er stórkostlegt og sérstaklega gefandi að vera í þessu fallega umhverfi,“ segir Sigríður en þessi gönguleið er ein sú vinsælasta sem Heimsferðir bjóða upp á. „Hver hópur er hámark tuttugu manns þannig að þetta sé viðráðanlegt fyrir fararstjórnann, en þá myndast líka oft góður andi. Einnig bóka stundum heilu gönguhóparnir alla ferðina.“

hrefna@frettabladid.is

Úrvalsfolk á ferð um heiminn

Úrval-Útsýn býður upp á sérstaklega ferðir fyrir 60 ára og eldri.



Í ferðunum er boðið upp á fjölbreytta dægurvöl. NORDICPHOTOS/GETTY

Úrvalsfólk er klúbbur á vegum Úrval-Útsýnar sem er ætlaður ferðalöngum 60 ára og eldri. Boðið er upp á ferðir til Benidorm, Kanarí, Marmaris, Tenerife, Alpanna, Austur-Karíbahafsins og Orlando.

Í ferðunum er boðið upp á fjölbreytta dægurvöl og má þar nefna

leikfimi, spilavist, skemmtikvöld, dans og danskennslu, skoðunarferðir og ýmislegt fleira. Í sól-arlundaferðunum er sérstakur skemmtanastjóri með í för.

Allir meðlimir í klúbbnum fá sent fréttabréf á hverju ári þar sem ferðirnar eru kynntar auk þess sem meðlimir hittast reglulega á ferðakynningum og árlegum haustfagnaði, enda myndast oft góður kunningsskapur í ferðunum.

- ve

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Íslenskt ökuskírteini er tekið gilt á öllum Norðurlöndunum og í Vestur-Evrópu. Þeir sem eru með gömlu útgáfunu ættu þó að athuga að það er ekki tekið gilt alls staðar í Vestur-Evrópu. Í flestum öðrum löndum ber einnig að framvísa alþjóðlegu ökuskírteini.



www.fib.is

Skíðaveisla í Austurríki

14. og 21. febrúar

frá kr. **49.990**



Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða þér aðgang að bestu skíðasvæðum Austurríkis, s.s. Flachau, á Lungau og Zell am See. Bjóðum nú frábært sértíðboð á flugsætum og gistingu 14. og 21. febrúar. Trygðu þér flugsæti og gistingu á besta verðinu og taktu þátt í skíðaveislu Heimsferða í Austurríki. Athugið aðeins örfá sæti laus í hvorri brottför og mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði á þessum frábæru kjörum!

Ath. sérstakur 20% afsláttur af skíðapössum Lungausvæðinu í boði.

Kr. **49.990**

Netverð á mann. Flugsæti með sköttum. Sértíðboð 14. og 21. febrúar. Mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði á þessum kjörum.

Kr. **149.990**

– Vikuferð með hálfu fæði ****
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Unterberghof **** í Flachau með hálfu fæði í 7 nætur. Sértíðboð 14. og 21. febrúar.

Kr. **99.990**

– Vikuferð með morgunverði
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á gististað án nafns í Zell am See / Schuttdorf með morgunverði í 7 nætur. Sértíðboð 14. og 21. febrúar. Aukagjald fyrir einbýli kr. 20.000.



Skögarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is





Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



SNÚÐUR OG SNÆLDA eru kettlingar sem flest börn kannast við. Bækurnar um þau skötuþjú eru gefnar út af Setbergi og löngu orðnar klassískar barnabókmenntir.

NÝKOMNIR AFTUR OFUR VINSÆLU AÐHALDS BOLIRNIR



teg. Tanktop - í stærðum S,M,L,XL,2X,3X,4X
litur: húðlitur, verð kr. 5.560,-"

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14

www.misty.is

Gefandi starf fyrir alla

Leiklistarnámskeið á vegum Leynileikhússins hafa notið vinsælda og er boðið upp á þau í fjölmörgum grunnskólum. Þar læra krakkar að tjá sig, efla sjálfstraust og samskiptahæfni og fá að njóta sín.

„Námskeið Leynileikhússins hafa verið starfrækt í á þriðja ár og er það skipulag sem við vinnum eftir að mörgu leyti til komið vegna samskipta við foreldra sem hafa bent á leiðir til hagræðingar eins og að færa námskeiðin í skólana. Síðan má fara með sýningarnar eitthvert annað. Þannig minnkast allt skutl og skólarnir nýttast betur,“ segir Agnar Jón Egilsson, leikstjóri, leikari og leikskáld sem er einn af kennurum Leynileikhússins.

„Við reynum að vera í samfelldum skóladegi barnanna þannig að yngstu börnin klára skólann, fá sér nesti og koma svo beint í leiklistartíma,“ segir Agnar og bætir við að það auki á gleði og auðveldi börnum að taka þátt. „Strúktúrinn í starfinu verður auðveldari fyrir börnin. Þau vinna þá í öruggu rými og fara svo í stuðnið í lok námskeiðsins þegar búið er að gera leikrit sem sýnt er í leikhúsi. Þá kynnast börnin töfrum þess. Þetta virkar eins og gulrót fyrir þau og er áhugahvetjandi. Síðan höfum við staðið fyrir stór-sýningum með krökkum en börn hafa mest gaman af að sjá önnur börn leika.“

Agnar segir að það taki að minnsta kosti tvær annir að þjálfa upp einbeitingu og læra leikhúsreglur. „Þetta eru reglur í sambandi við jákvæðni og að geta kveikt á sköpunargáfunni. Hvort



Agnar Jón segir að auk þess að vera með námskeið í grunnskólum þá sé Leynileikhúsið nú að skipuleggja námskeið fyrir fullorðna þar sem allir 20 ára og eldri eru velkomnir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sem um er að ræða fullorðinn eða barn þá tekur þetta tíma og ef eitthvað er þá eru börnin betri en fullorðnir,“ segir hann og hlær. Í hverjum hópi eru hámark tólf nemendur og eru krakkarnir á aldrinum 7 til 15 ára, tveir til þrjár árgangar í senn. „Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á þessum skrítnu tímum og greinilegt er að fólk er umhugað um hamingju barna sinna. Þannig breiðum við út fagnaðarerindi leiklistarinnar til fleiri einstaklinga,“ segir Agnar og nefnir að námskeiðin geti hjálpað

ad börnum og unglingum út í félagslegri einangrun.

Umboðsmaður Leynileikhússins er í góðu sambandi við framleiðendur. „Krakkarnir hafa fengið hlutverk í Söngvaseiði, Kardimommubænum, auglýsingum, kvikmyndum og meira að segja aðalhlutverk í útvarpsleikriti,“ segir Agnar og nefnir að áhugi og iðjusemi fleyti mörgum langt. Upplýsingar og skráning eru á leynileikhúsið.is en þess ber að geta að Leynileikhúsið tekur frístundakort bæjarfélaganna. hrefna@frettabladid.is

ALLT
512 5473
AUGLÝSINGASÍMI

ALLT
512 5447
auglýsingasími

Strigaprentun

20% afsláttur í Febrúar

Verðdæmi með afslætti

20x30	4.320kr.
30x45	5.120kr.
40x50	6.320kr.
40x60	7.200kr.
60x90	10.720kr.
70x105	15.280kr.
40x40	5.280kr.
50x50	7.360kr.


myndval
Löngjabakka 4 (Mjódd) sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is

Auglýsingasími

512 50 50

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið



RECARO



0-13kg.



9-18kg bakvísandi



9-18kg



15-36kg



9-36kg

Bílasmiðurinn hf, Bídshöfða 16, 110 R. S-5672330 www.bilasmidurinn.is

112



11.2
EINN EINN TVEIR
dagurinn 2009

112-dagurinn er í dag

Gott samfélag byggist á trausti og sam hjálp. Mikilvægt er að allir geti treyst á öryggisnet samfélagsins og viti hvert á að leita ef bregðast þarf við áföllum, eins og slysum eða erfiðleikum. Þá er mikilvægt að allir kunnir neyðarnúmerið einn-einn-tveir og viti líka að það er ekki aðeins hægt að hringja í 112 ef slys ber að höndum eða það kviknar í; 112 er líka númerið fyrir barnavernd á Íslandi.

Eftir 6. október í haust hefur mikið verið talað um erfiðleika á Íslandi, bæði í fjölmíðlum og annars staðar. Við verðum öll fyrir áhrifum af þessari umræðu og það er gott að muna að það eru ekki aðeins fullorðnir sem hafa áhyggjur heldur líka börn. Við verðum því að muna að þó að sumt hafi breyst er margt af því sem mestu máli skiptir í lagi og meðal þess er öryggisnetið sem við höfum öll aðgang að í gegnum eitt símanúmer: einn-einn-tveir.

Þegar hringt er í 112 komumst við á augabragði í samband við vel þjálfað og gott fólk um allt land sem er tilbúið til að hjálpa okkur þegar mest á reynir.

Börn og unglingar eru ekki síður dugleg en fullorðnir við að hugsa um öryggi sitt. Margir krakkar eru í björgunarsveitum og vinna með Rauða krossinum, læra um brunavarnir, læra skyndihjálpar á námskeiðum og geta komið öðrum til hjálpar í neyð. Það er samt alltaf skylda hinna fullorðnu að veita börnum það öryggi sem allir eiga að finna til.



Dagur neyðarnúmersins 112 er í dag. Í til-efni af 112-deginum fá nemendur og kennarar í grunnskólum landsins heimsókn frá þeim sem tengjast neyðarnúmerinu 112 en það eru til dæmis Neyðarlínan, slökkvilið, lögregla, Rauði krossinn, björgunarsveitirnar, Landhelgisgæslan og fleiri.

Heimsóknir dagsins í dag eiga eflaust eftir að skapa dýrmætt samband milli nemenda, kennara og þeirra sem starfa við að hjálpa öðrum í neyð. Það er mikilvægt að við skynjum alltaf að við erum ekki ein. Það er alltaf einhver sem getur hjálpað manni.

Og 112 er símanúmerið sem við þurfum að muna.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðgjafi



• **VISSIR ÞÚ AÐ** starfrækt eru 46 slökkvilið í landinu? Nokkur þeirra eru eingöngu skipuð atvinnumönnum og nokkur lið hafa einn starfsmann eða fleiri í fullu starfi en í mörgum tilvikum hefur slökkviliðsstjóri í hlutastarfi yfir að ráða liði skipaðra slökkviliðsmanna. Slökkviliðsmenn í landinu eru um það bil 1.600 talsins en langflestir þeirra eru skipaðir.

Þetta kemur fram á brunamal.is.

Útgefandi: Neyðarlínan ohf. Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, sími 570 2000 - 112@112.is - www.112.is
Ábyrgðarmaður: Dagný Halldórsdóttir **Umsjón:** Garðar H. Guðjónsson **Ljósmynd á forsiðu:** Guðmundur Freyr Jónsson **Bláðið er gefið út í tilfni af 112-deginum. Að honum standa:** 112, Neyðarlínan - Barnaverndarstofa - Brunamálastofnun - Flugstöðir - Landhelgisgæslan - Landlæknisembættið - Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna - Rauði kross Íslands - Ríkislögreglustjórnin - Slysavarnafélagið Landsbjörg - Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Fræðslubæklingur fyrir aðstandendur ungra barna

Það helsta sem hafa þarf í huga til að koma í veg fyrir köfnun hjá börnum, ásamt leiðbeiningum um skyndihjálpar vegna aðskotahlutar í hálsi barna.

Fæst ókeypis á heilsgæslustöðvum og hjá www.lydheilsustod.is - Útgáfur

LYDHEILSUSTOÐ NEYTENDASTOFA

MCIST Rauði kross Íslands



Sigurður Viðar Ottesen hefur starfað í áratug sem neyðarvörður á Neyðarlínunni. Hann segir börn eiga sameiginlegt að vera sterk á lífsins erfiðu stundum og halda stillingu sinni þegar mest á reynir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Börnin best innhringjenda

Á hverjum degi hringja börn í Neyðarlínuna vegna minni og stærri atburða lífsins.

„Við fáum daglega símtöl frá börnum, sem eiga sameiginlegt að vera sannsögul og segja mjög nákvæmlega frá. Því er einstaklega gott að tala við börn, því þau upplifa hlutina á sinn sérstaka hátt og halda stillingu og innri styrk, sama hvað á gengur,“ segir Sigurður Viðar Ottesen, neyðarvörður á Neyðarlínunni. Hann bætir við að börn búi yfir ríkri réttlætiskennu. „Dæmi er símtal frá dreng sem hafði orðið fyrir því að annar hafði tekið af honum Pókemón-myndirnar hans. Hann fékk strax samband við lögreglu sem gekk í verkið þannig að myndirnar komust aftur til eiganda síns,“ segir Sigurður, sem í starfi sínu vinnur náið með lögreglu, slökkvi- og sjúkraliði.

„Mörg símtöl barna snúast um einelti, sem er ofbeldi í sjálfu sér og búið að vera mikill áróður fyrir. Því eru þau meðvituð um birtingarmynd eineltis og oftast hringir þolandinn í miklu uppnámi.

Hann vill þá gjarnan fá aðstoð lögreglu því hann finnur á sér að eitt-hvað er í aðsigi sem þarf að fyrirbyggja eða sér eitthvað sem þarf að stoppa. Að sjálfsgöðu treystum við börnum svo fyrir að vera okkar augu á vettvangi og erum þjálfað í að taka á móti slíkum símtölum, róm börnin niður á okkar nótum og reynum að leysa þeirra mál með því annaðhvort að senda lögreglu eða sjúkrahúsi, eða beina þeim í aðrar áttir, enda með ýmis úrræði í slíkum tilfellum.“

Sigurður staðfestir að íslensk börn eigi mörg hver ekki sjö dagana sæla og lifi í miskunnarlausri tilveru. „Við erum með pulsinn á þjóðfélaginu allan ársins hring og margt sem gerist þar úti sem enginn fréttir af, nema við. Allt eru það þó trúnaðarsímtöl sem fara ekki lengra, en fá alltaf viðeigandi meðferð og úrræði. Mörg símtöl barna snúa að heimilisofbeldi sem ýmist varðar þau sjálf eða foreldra þeirra, sem kannski eru í annarlegu ástandi, en börn þola slík lífsskilyrði og bága tilveru mjög illa. Systkinaerjur koma einnig inn á borð til okkar,

eins og „bróðir minn tók sokkana mína og faldi þá“, þannig að til-efnin eru misjöfn eins og þau eru mörg; oft broslög líka og snúast um gleðilegri atburði lífsins, eins og óvæntar fæðingar þar sem mest þúður fer í að róa pabba þegar litla fólkið vill ekki láta biða eftir sér lengur í heiminn.“

Að sögn Sigurðar berast allt að 1.000 símtöl til Neyðarlínunnar á hverjum degi. „Oft fáum við símtöl þar sem fólk spyr um símanúmer Jóns á Framnesveginum, en það sýnir hve vel fólk þekkir númerið,“ segir Sigurður, sem í áratug hefur tekið á móti símtölum 112.

„Þetta er taugatrekkjandi starf því hvert símtal inniheldur óvissu. Þannig hafa starfsmenn tekið á móti símtölum sem varða ættingja í neyð, en við þösum upp á hver annan og förum ekki af vakt nema ljúka deginum fyrst. Smám saman þykkest svo skrápurinn gagnvart átakanleika lífsins, þótt víst getum við fundið til með fólki líka, enda á stundum óbærilega erfitt. En svo koma góðir dagar á milli þar sem minna er um erfiða atburði og þá verður vinnan léttari.“

- þlg

Barnanúmerið einn, einn, tveir

112 er ekki bara neyðarnúmer þegar slys verða eða kviknar í. Það er líka barnanúmerið á Íslandi.

Ísland verður að fara eftir ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eiga lög og reglur sem gilda hér á landi að vera í samræmi við hann. Barnaverndarstofa er með úrræði eins og Barnahús, Stuðla og meðferðarheimili til að aðstoða börn. Á heimasíðu Barnaverndarstofu, www.bvs.is, er hægt að fá upplýsingar um þessi úrræði.

Flestum börnum líður vel. Eiga góða að og öruggt og gott heimili. En sum börn búa við vanhírðu og verða jafnvel fyrir áreitni og ofbeldi. Önnur stefna heilsu sinni og þroska í hættu, til dæmis með vímuefnaneyslu. Þekkir þú barn sem býr við slíkar aðstæður? Býrð þú við slíkar aðstæður? Þá áttu að ræða við 1-1-2 í fullum trúnaði. Þegar ástæða er til höfum við samband við barnaverndarnefnd sem hefur það hlutverk að aðstoða börn og fjölskyldur þeirra. Hringdu - þótt þú sért í vafa!

112

EINN EINN TVEIR



112

þegar velferð barns er í húfi

112 er ekki bara neyðarnúmer þegar slys ber að höndum eða kviknar í. Það gegnir einnig mikilvægu hlutverki í velferðarkerfinu fyrir börnin í landinu. Tilkynningar til barnaverndarnefnda fara í gegnum 112 samkvæmt samningi við Barnaverndarstofu og barnaverndarnefndirnar í landinu.

Hafi fólk ástæðu til að ætla að barn búi við óviðeigandi uppeldisaðstæður, það verði fyrir áreitni eða jafnvel ofbeldi, að þroska þess eða heilsu sé stefnt í alvarlega hættu ber að hringja í 112. Við bregðumst þá við í samræmi við verklagsreglur barnaverndarnefnda, alvöru málsins, lög og reglugerðir. Samskiptin fara fram í fullum trúnaði gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd.

Þekkir þú barn sem býr við óviðunandi aðstæður?
Ert þú í þeirri stöðu?

Hringdu þá – þótt þú sért í vafa!

112
EINN EINN TVEIR

Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
sími á skrifstofu 570 2000
fax 570 2001
112@112.is
www.112.is



Finnur Leó sýndi mikið snarræði þegar hann bjargaði litlu systur sinni, Dórotheu Huldu, á aðfangadagskvöld árið 2006.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég bara gerði þetta

Þegar Finnur Leó Hauksson var átta ára sýndi hann mikið snarræði er hann bjargaði þriggja ára systur sinni. Nú er hann tíu ára og er atburðurinn honum enn í fersku minni.

„Þetta var á aðfangadagskvöld árið 2006 og þetta gerðist hratt. Fjölskyldan var öll inni í eldhúsinu en við krakkarnir vorum inni í stofu. Litla systir mín var með brjóstsykur og hætti allt í einu að anda þegar hann hrökk ofan í hana. Þá sagði ég við Eyrúnu frænku mína að hún gæti ekki andað og þá hljóp hún inn í eldhús og kallaði á foreldra okkar og á meðan setti ég systur mína á hnéd og sló í bakið á henni. Þá hrökk brjóstsykurinn úr henni,“ segir Finnur Leó og bætir við að hann hafi einhvern veginn bara gert þetta án þess að hugsa. „Í skólanum var okkur sýnd skyndihjálpar og hvernig ætti að bregðast við.“

Finnur Leó var að vonum ánægður með að hafa bjargað systur sinni og hlaut hann viðurkenningu frá Rauða krossinum fyrir. „Þá fékk ég viðurkenningarskjal, fékk að sjá myndband um hvernig Rauði krossinn varð til og líka skyndihjálpartösku sem hefur komið sér vel,“ segir hann spóskur og viðurkennir að áhugi hans á skyndihjálpar hafi aukist til muna og að hetjusagan hafi oft vakið lukku.

Rauði krossinn býður upp á fjölbreytt námskeið í skyndihjálpar og má fræðast nánar um þau á www.raudikrossinn.is.

-hs

● **VISSIR ÞÚ** að í landinu eru 700 lögreglumenn að störfum hjá fimmtán embættum? Þar af starfa 300 hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Ríkislögreglustjórinn fer með yfirstjórn lögreglumála í landinu í umboði dómsmálaráðherra. Hann starfrækir einnig almannavarnadeild og fjarskiptamiðstöð í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Þegar hringt er í 112 er langalgengast að beðið sé um aðstoð lögreglu. Kynntu þér þetta nánar á logregla.is.



Læra að treysta ö

Krakkarnir í unglingadeildinni Stormi á Kjalarnesi læra ýmislegt gagnlegt auk þess sem þau fara í skemmtilegar ferðir og eignast marga vini.

Unglingarnir Margrét Silfa Reynisdóttir og Gunnlaugur Gunnlaugsson hafa starfað með unglingadeildinni Stormi í rúm ár en deildin starfar innan vébanda björgunarsveitarinnar Kjalara á Kjalarnesi.

„Mér fannst þetta svo spennandi og langaði að prófa,“ segir Margrét Silfa um það af hverju hún gekk til liðs við Storm. Gunnlaugur hafði mestan áhuga á útivistinni sem er eitt aðaláhugamál hans. „Við hittumst einu sinni í viku og lærum heilmikið, til dæmis fyrstu hjálpar, allt um útivist og hvernig eigi að klæðast,“ útskýrir Gunnlaugur og Margrét Silfa tekur undir. „Við gerum svo ofboðslega margt og lærum hluti sem koma að góðum notum. Lærum til dæmis að hnýta hnúta og skipta um dekk,“ segir hún en ferðirnar sem unglingadeildin fer í eru krökkunum þó hugleiknastar.

„Maður kynnist mörgum krökkuum í svona ferðum,“ segir Gunnlaugur sem stefnir á að komast í björgunarsveit þegar fram líða stundir. „Ferðirnar eru rosalega skemmtilegar,“ segir Margrét Silfa og minnst sérstaklega ferðar sem Stormur fór í síðastliðið sumar í Gufuskála. „Þar var kennd fyrsta hjálpar og hnútar, og farið í gönguferðir,“ segir hún en félagslífið í slíkum ferðum blómstrar. „Svo vorum við líka sminkuð og okkur kennt að bregðast við þegar maður sér fólk með mismunandi áverka,“ útskýrir Margrét Silfa.

Um sjö krakkar mæta reglulega á fundi Storms. Það er því lítil og náinn hópur. „Við þekktumst öll áður en við höfum öll kynnst mikið betur. Maður lærir að treysta öðrum og láta aðra treysta á sig,“ segir Margrét Silfa sem er sjálf ekki búin að gera upp við sig hvort hana langi til að vera í björgunarsveit í framtíðinni þótt hún viðurkenni að það sé vissulega spennandi.

-sg



Líf, heilsa, umhverfi, eignir ábyrgð okkar allra

Er allt klárt á þínu heimili?

- Myndi fjölskyldan vakna tímanlega ef eldur kæmi upp?
- Vita allir hvernig þeir eiga að komast út úr brennandi húsi?
- Eru eldvarnateppi og handslökkvitæki til taks?
- Er innbú fjölskyldunnar tryggt?

Alltof algengt er að fólk harmi það eftir á að hafa ekki tryggt lágmarks eldvarnir á heimilinu. Láttu það ekki henda þig!

Brunamálastofnun og slökkviliðin í landinu stuðla að öryggi almennings með öflugum eldvörnum og viðbrögðum við eldsvoðum. Þar skipta líf og heilsa fólks mestu.

Starf okkar dregur þó ekki úr ábyrgð einstaklinga. Hver og einn getur gert meira en opinberir aðilar til samans til þess að tryggja öryggi sitt og sinna. Reykskynjarar og eldvarnateppi eru einfaldur og ódýr búnaður. Hann getur þó skipt sköpum um afdrif fólks og eigna þegar eldur kemur upp.

Brunamálastofnun

Skólagaata 21
101 Reykjavík
Sími 591 6000
Fax 591 6001
brunamat@brunamat.is
www.brunamat.is

Vegleg verðlaun í Eldvarna

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna efndi til árlegs eldvarnaátaks í nóvember 2008. Slökkviliðsmenn heimsóttu grunnskóla landsins, fræddu 8 ára börn um eldvarnir og öryggismál og gáfu þeim kost á að taka þátt í Eldvarnagetraun 2008. Nöfn 33 barna hafa verið dregin út. Verðlaun eru afhent víða um land í dag, á 112-daginn.

Þessir krakkar fengu vinning:

Grethe Björnsdóttir, Mýrarhúsaskóla Ísgerður Sandra Ragnarsdóttir, Hjalla-skóla Snædís Twinkle Snæbjörnsd., Smára-skóla Sindre Snær Sigurðarson, Flataskóla Kristín Helga Egilsdóttir, Hraunvalla-skóla Jóhannes H. Thoroddsen, Melaskóla María Elísabet Björnsdóttir, Mýrarhúsaskóla

Arnar Logi Ágústsson, Engjaskóla Oliver Sveinsson, Seljaskóla Sigurjón Grímsson, Hólabrekkuskóla Sandra Björt Árnadóttir, Hamraskóla Liveta Katkute, Vesturbæjarskóla Bergur Magnússon, Setbergsskóla Eiríkur Heiðarsson, Grunnskóla Grindavíkur Alexander Adam Ágústsson, Gerðaskóla, Garði Elísa Gunnur Samúelsdóttir, Varmárskóla Þór Llorens, Grundaskóla, Akranesi Kristján Guðmundsson, Grunnskólanum í Borgarnesi Gunnar Ingi Gunnarsson, Grunnskóla Grundarfjarðar Raket Anna Bouter, Grunnskóla Ísafjarðar Harpa Sól Guð-



Þrum



Margrét Silfa og Gunnlaugur hafa verið í unglingsdeild björgunarsveitarinnar Kjalur á Kjalarnesi í rúmt ár.

Umhuga.is – vefur um geðheilsu barna

Á nýjum fræðsluvef um geðheilsu barna, umhuga.is, er hægt að nálgast upplýsingar um helstu þætti í uppeldi og aðstæðum barna og unglunga sem hafa áhrif á geðheilsu þeirra. Upplýsingarnar eru ætlaðar börnum og unglingum sjálfum, foreldrum þeirra og þeim sem vinna með börnum og unglingum.

Miklar sviptingar hafa gengið yfir þjóðfélagið að undanförunu og valdið miklu álagi á marga foreldra. Samt er það mikilvæg skylda þeirra að missa ekki sjónar á framtíðinni og því sem styrk-

ir samfélagið í að búa yngstu þegnum landsins sem best þroskaskilyrði. Foreldrar þurfa á þessum tímum að gæta þess að hlúa vel að börnum sínum og láta umræður um fjármálaerfiðleika í samfélaginu ekki yfirgnæfa samverustundir fjölskyldnanna.

Umhuga.is er forvarnaverkefni á vegum Þjóðar gegn þunglyndi, sem starfrækt er hjá Landlæknisembættinu. Það er von þeirra sem standa að www.umhuga.is að efnið geti stuðlað að auknum skilningi á tilfinningalegum þörfum barna.

Umhuga.is er forvarnaverkefni á vegum Þjóðar gegn þunglyndi.



NORICPHOTOS/GETTY

Við styðjum verkefnið

VERNDARARAR BARNNA

Það er á okkar ábyrgð að vernda börnin!

Það eru engar auðveldar, algildar og gulltryggðar lausnir á þeim vandamálum sem tengjast kynferðisofbeldi á börnum. Bestu viðbrögðin í einum aðstæðum eru ekki endilega bestu kosturinn í öðrum.

Verndarar Barna námskeiðið mun gefa þér ógrynni upplýsinga sem munu auðvelda þér að finna þín eigin svör – hver svo sem tengsl þín við vandann eru.

Ein af hverjum fimm stúlkum og einn af hverjum tíu drengjum verða fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. Markmið okkar er að fyrirbyggja kynferðisofbeldi á börnum.

Við bjóðum þér að slást í lið með okkur.



Brynhildur Guðjónsdóttir

Atti Rafn Sigurðarson

Kynntu þér verkefnið **Verndarar barna** inn á: www.blattafram.is

BLATT ÁFRAM!

getrauninni

mundsdóttir, Grunnskólanum á Blönduósi
Pálmi K. Baltasarsson, Grunnsk. austan Vatna, Hofsósi
Jóna Marín Þórisdóttir, Síðuskóla, Akureyri
Ágúst Máni Ágústsson, Hrafnagilsskóla
Birna Kristín Kristbjörnsdóttir, Dalvíkurskóla
Svanur Freyr Jóhannsson, Fellaskóla
Sæunn Lilja Aðalsteinsdóttir, Nesskóla
Hekla Natalia Sigurðardóttir, Nesjaskóla
Harpa Rós Jónsdóttir, Grunnskólanum Ljósaborg
Margrét H. Harðardóttir, Grunnsk. Hveragerði
Stefán Orri Gíslason, Grunnskólanum á Hellu
Gísli Snær Guðmundsson, Grunnskóla Vestmannaeyja
Sérverðlaun v. BÖRN, Barnablað Mbl.
Ýmir Franz Guðnason, Reykjavík

GLITNIR Velferðarsjóður barna

Glitnir og Velferðarsjóður barna eru stoltir bakbjargar "Verndarar barna"

Ert þú í öruggum höndum?

– gátlisti fyrir krakka á öllum aldri

Krakkar geta haft áhrif á sitt eigið öryggi og annarra. Þeir geta passað upp á margt sjálfir og þeir geta líka hvatt foreldra sína og kennara til að laga ýmislegt ef á þarf að halda.



Hér eru nokkur atriði sem við biðjum þig að skoða:	já	nei
• Þekkja allir á heimilinu neyðarnúmerið?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Hefur farið fram rýmingaræfing í skólanum þínum?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Kunna pabbi, mamma, afi og amma skyndihjálpi?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Notarðu alltaf hjálm þegar þú hjólar?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Eru nógu margir virkir reykskynjarar heima hjá þér?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Er slökkvitæki heima hjá þér?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Notar öll fjölskyldan bílbelti, alltaf?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Er skyndihjálpi kennd í skólanum þínum?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Er unnið gegn einelti í skólanum þínum?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Ferðu nógu varlega í samskiptum við aðra á Netinu?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Þekkirðu símanúmer Hjálparsíma Rauða krossins?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Ef þú hefur svarað öllum spurningunum játandi ertu bara í býsna góðum málum. Hafirðu svarað einhverjum spurningum neitandi hvetjum við þig til þess að ræða þær við foreldra þína eða kennara.

Nælonkjólar í eldsmat

„Það var fyrir hreina heppni að nýr reykskynjari lá í hillu herbergis míns, en hann hafði ég unnið í eldvarnagetraun Borgarbyggðar skömmu eftir að slökkvistjóri Borgarness hafði heimsótt skólann minn og frætt okkur um eldvarnir,“ segir Hanna Laufey Jónasdóttir, 16 ára nemandi við Fjölbrotaskóla Vesturlands, sem sýndi snarræði á 11. árinu þegar eldur braust út í herbergi hennar á bænum Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi í jólamánuðinum 2002.

„Litla bróður mínum, þá fimm ára, hafði verið bannað að leika sér með kerti en laumaðist þó með kerti og kveikjara inn í fataskápinn minn. Þar hengu sparikjólar úr eldfimur efnun og fyrstur til að sviðna undan hitanum var nælon-undirskjól. Fljótlega barst eldur í hin fötin og kom þá litli bróðir hlaupandi inn í stofu og faldi sig undir borði, en á sama tíma byrjaði reykskynjarinn á hillunni að pípa,“ segir Hanna Laufey sem hljóp með móður sinni í herbergið. „Þá liðaðist reykur úr skápnum, sem mamma opnaði, en við það varð mikil súrfeinissprenging með þeim afleiðingum að gluggatjöld og veggir tóku að sviðna og úr varð heilmikið bál. Mamma virtist



Hanna Laufey Jónasdóttir sýndi kunnáttu og útsjónarsemi við slökkvistarf í desember 2002, þá tíu ára gömul.

ráðalaus og ég fraus í fyrstu en hugsaði svo: Við eigum ekkert slökkvitæki og notum því vatn. Fann því næst þvottabala sem ég fyllti af eins miklu vatni og eldinn. Þetta endurtók ég nokkrum sinnum meðan mamma kom bræðrum mínum út úr húsi en þegar hún kom inn aftur og sá hvað eldurinn hafði rénað, róaðist hún og lauk slökkvistarfinu,“ segir Hanna Laufey sem fékk vægt áfall eftir atburðinn. „Ég skalf og var í miklu upp-námi á eftir, en var vísast stolt líka af viðbrögðum mínum og því að hafa komið í veg fyrir að húsið brynni til kaldra kola. Kjólasafnið var að vísu brunnið en það var allt í lagi; það voru jú að koma jól,“ bætir hún við brosmild.

-þlg



• **VISSIR ÞÚ** að neyðarverðir 112 svara árlega hátt í 200 þúsund neyðarsímtölum? Langoftast er beðið um aðstoð lögreglu og sjúkraflutninga en mjög oft er beðið um aðstoð slökkviliðs, lækna og björgunarsveita. Svo má ekki gleyma því að neyðarverðir 112 taka á hverju ári við hundruðum símtala vegna barnaverndarmála.

Þú getur kynnt þér þetta betur á 112.is.



Vaskir sveinar í starfskynningu á varðskipinu Tý. Frá vinstri: Alexander B. Þórolfsson frá Eskfirði, Kristinn D. Helgason úr Garðabæ, Jón M. Pálsson frá Vestmannaeyjum og Benedikt P. Jónsson úr Reykjavík.

MYND/SIGURDUR STEINAR

Hugurinn stefnir út á sjó

Á hverju sumri býður Landhelgisgæslan unglingum að sækja um starfskynningu á varðskipi. Samband íslenskra sveitarfélaga velur umsækjendur úr umsóknum frá grunnskólum landsins.

Jón Marvín Pálsson er nemandi í fyrsta bekk Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum. Þar er hann á náttúrufræðibraut og stefnir á sjávarlíffræði og vélfræði í framtíðinni. Síðastliðið vor fór hann í starfskynningu á Varðskipið Tý.

„Við vorum fjórir sem fórum og kynntumst störfunum um borð,“ segir Jón Marvín. „Mig langaði að komast eitthvað út á sjó en afi minn vann hjá Landhelgisgæsl-

unni og athugaði þetta fyrir mig. Ég fór svo frá Vestmannaeyjum upp á land og flaug austur á Egilsstaði en við fórum á sjóinn út frá Reyðarfirði.“

Jón vann ásamt félögum sínum í viku á skipinu við ýmis störf áður en varðskipið sigldi til Færeyja þar sem haldin var æfing á vegum Landhelgisgæslunnar. Jóni líkaði vistin vel um borð og fann ekki fyrir sjóveiki.

„Nei, ég hef aldrei orðið sjóveikur. Ég hef eitthvað farið á sjó áður og svo ferðast ég reglulega með Herjólfri. Mér fannst þetta mjög gaman og við prófuðum öll störf. Með messanum vorum við að vaska upp eftir matinn og í brúnni vorum við á vakt í útkíkni að fylgjast með skipaferðum. Í vélinni fengum við að smíða járnsmíði sem var mjög

gaman. Ég lærði helling af þessu, til dæmis eitthvað í siglingafræðinni og að binda alls kyns hnúta og svo almenn störf eins og viðhald og fleira. Á sjómanna daginn fengum við líka að fara út á gúmmítúrunni og taka myndir af skipunum sem var mjög skemmtilegt.“

Piltarnir stóðu allar vaktir og þurftu stundum að mæta klukkann fjögur að nóttu. Spurður hvort hann stefni á Landhelgisgæsluna í framtíðinni svarar Jón því til að hann gæti vel hugsað sér að vinna sem messagutti í sumar.

„Ég er með pungaprófið í siglingarétti svo það ýtir aðeins við manni að fara lengra með þetta. Mig langar síðan að fara eitthvað út að læra í framtíðinni, veit ekki alveg hvað það verður en jafnvel eitthvað tengt sjávarlíffræði.“ -rat

Markmið forvarnafræðslu

Árangur lögreglunnar í forvarnastarfi byggist á því að hún sé í góðum tengslum við íbúa í sínu umdæmi, hafi góða þekkingu á staðhættum og njóti trausts í samfélaginu. Einn þáttur í baráttu gegn afbrotum eru forvarnir og þar gegna skólarnir afar mikilvægu hlutverki. Gott samstarf lögreglu og skóla skiptir því miklu auk þess sem þverfaglegt samstarf við aðra aðila er einnig mikilvægt.

Lögreglan hefur um áraradír staðið

Lögreglan hefur staðið fyrir skipulagðri forvarnafræðslu í leik- og grunnskólum landsins.



fyrir skipulagðri forvarnafræðslu í leik- og grunnskólum um allt land. Áherslur lögreglunnar eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða börn á leikskóla eða í grunnskóla. Lögreglan leggur áherslu á að börn í 6. bekk geti gert greinarmun á eignum sínum og annarra. Mikilvægt er að nemendur á þessum aldri geri sér grein fyrir því að bannað er að stela og að lögreglan sé kölluð til þegar börn eða ungmenni eru tekin fyrir þjófnað. Lögreglan leggur áherslu á það að nemendur í 6. bekk viti hvað það er að vera heiðarlegur og að bera eigi virðingu fyrir eignum annarra.

Forvarnastarf lögreglunnar hjá börnum í 7. bekk hefur einblínt á að nemendur geri sér grein fyrir því að þeir hafi val þegar þeir taka afstöðu til vímuefnaneyslu, jafnvel undir þrýstingi frá jafnöldrum eða við hættulegar aðstæður. Markmið lögreglunnar er að nemendur segi afdráttarlaust NEI við ólöglegum fíkniefnum og að þeir viti að það hafi refsiverðar afleiðingar og skaðleg áhrif í för með sér. Þegar nemendur fara í 8. bekk þurfa þeir að vera meðvitaðir um að þeir hafi val um hegðun við ógnandi og hættulegar aðstæður.

Til þess að fækka afbrotum hafa stjórnvöld ákveðið að semja nýja markmiðsáætlan um afbrotavarnir m.a. til að bæta forvarnastarf lögreglunnar sem stöðugt þarf að vera í þróun og í takt við tíðarandann hverju sinni.

Pétur Berg Matthíasson
stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur
Embætti ríkislögreglustjóra.

72.75%



36.95%



Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er með 97% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft...

Vissir þú...



Í Björgunarmiðstöðinni er hægt að stjórna björgunar- og leitarstarfi um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

...**AD Í BJÖRGUNARMIÐSTÖÐ- INNI** Skógarhlíð í Reykjavík er samhæfingarstöð þar sem hægt er að stjórna öllu björgunar- og leitarstarfi um allt land? Þar koma saman lögreglan, slökkvilið, björgunarsveitir, Rauði krossinn og fleiri sem aðstoða þegar neyð skapast, til dæmis vegna óveðurs, jarðskjálfta og þegar fólk týnist eða fer sér að voða. Á síðasta ári var samhæfingarstöðin virkjuð 71 sinni, eða oftast en einu sinni í viku. Oftast var það vegna þess að leita þurfti að fólki en stöðin var líka oft virkjuð vegna óveðurs og hættu á flugslysum. Umfangsmesta aðgerðin sem samhæfingarstöðin þurfti að takast á við var jarðskjálftinn á Suðurlandi í maí.



Rauði krossinn safnar meðal annars fötum til neyðarhjálp.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

...**AD FÉLAGSMENN** í Rauða krossinum eru 19 þúsund í 50 deildum sem starfa um allt land? Um tvö þúsund manns eru sjálfboðaliðar Rauða krossins. Þeir aðstoða fólk með geðraskanir, flóttamenn og hælisleitendur, kenna skyndihjálpu, hjálpa einstaklingum í þrengingum, safna fötum til neyðarhjálp, heimsækja fólk sem býr við einsemd og einangrun og fleira. Ungmennahreyfing Rauða krossins er vettvangur fyrir ungt fólk sem vill vinna í anda mannúðar.

Skóðu þetta betur á raudikrossinn.is.



Slysavarnafélagið Landsbjörg er með um þrjú þúsund virka björgunarsveitarmenn um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

...**AD BJÖRGUNARSVEITIR** eru kallaðar út um það bil 1.500 sinnum á ári? Slysavarnafélagið Landsbjörg er með um þrjú þúsund virka björgunarsveitarmenn um allt land sem eru tilbúnir að koma til hjálpar hvenær sem kallið kemur. Félagsmenn í samtökunum eru miklu fleiri eða um 18 þúsund talsins.

Skóðu þetta betur á landsbjorg.is.

Eldur, allir út úr skólanum!

Brunamálastofnun telur mikilvægt að grunnskólar æfi reglulega með starfsfólki og nemendum hvernig eigi að standa að því að rýma skólann ef eldur eða annað neyðarástand kemur upp. Dæmi eru um að skólar hafi slíkar æfingar á hverju ári en hins vegar er alltof algengt að skólar æfi rýmingu sjaldan. Best er að æfa rýmingu í samráði við slökkviliðið á staðnum.

Miklar breytingar verða oft á starfsliði skóla milli ára og nemendur koma og fara. Því er mikil-

vægt að láta ekki líða of langan tíma milli æfinga. Enginn vafi leikur á að æfingarnar skila sér í skjótari og öruggari viðbrögðum ef til alvörunnar kemur. Þekkt dæmi eru um að æfingar hafi leitt í ljós alvarlega galla á eldvörnum skóla sem brýnt er að bæta úr ef ekki á að fara illa.

Slökkviliðið á staðnum veitir nánari upplýsingar. Upplýsingar um rýmingaráætlun og æfingar er einnig að finna á vef Brunamálastofnunar, www.brunamal.is.



Æfingar skila sér í skjótari og öruggari viðbrögðum ef til alvörunnar kemur.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEIÐUR

VIÐ FLYTJUM EFTIR TVO DAGA
OG BJÓÐUM AF ÞVÍ TILFNI ENN MEIRI

AFSLÁTT

NÚ STANDA YFIR LOKADAGAR Á RÝMINGARSÖLUNNI

MIÐVIKUDAGINN OG FIMMTUDAGINN **11-12 FEBRÚAR**

VIÐ ERUM MEÐ **ÚRVAL AF** HORNSÓFUM, TUNGUSÓFUM, STÖKUM SÓFUM, STÓLUM, BORDSTOFUSTÓLUM, BORDSTOFUBORÐUM, PÚÐUM OG FLEIRA. EINNIG BJÓÐUM VIÐ **ÍSLENSKA SÓFA** Á EINSTAKLEGA GÓÐUM AFSLÆTTI.

KOMDU VIÐ HJÁ OKKUR OG GERÐU **FRÁBÆR KAUP.**



sætir sófar



SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 534 1400 • FAX: 554 2453 • WWW.SETT.IS

OPNUNARTÍMI: FRÁ 11:00 TIL 18:00

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI



SUZUKI LIANA 1.6 Árgærd 2005. Ekinn 38 þ.km. Verð kr. 1290.000,



SUZUKI GRAND VITARA V6 Árgærd 2003. Ekinn 63 þ.km Verð kr. 1890.000.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



Toyota Land Cruiser 120 GX Árg 2003, 35" breyttur, ek 94 þ, Ssk, skoðar skipti á ód Verð kr 3.800.000

Lykilbílar ehf
Smiðjuvöllum 7, 300 Akranes
Sími: 445 7700
www.bilasalur.is/lykilbilar



FORD EXPLORER 4,0L V6 LIMITED
7 Manna ! . 2004 Árgærd . Ekinn 96þ. Km. Sjálfskiptur - Leður , sóllúga ofl . Fallegur jeppi ! Verð aðeins 2.190þ.



7 manna ódýr!
Hyundai Trajet 2.0 , 7 manna, nýskráður 10/02 , sjálfskiptur, einn eigandi , ek. 124þ.km, Rafm í rúðum og samlæsingum, hiti í sætum, kastarar, Nýlegir demparar ofl. Rúmgóður fjölnotabíll. Verð kr: 990þ.

Sparibill ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

bilaborg.is



FORD F150. Árgærd 2004, ekinn 80 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Tilboð 1990 þús 100 % lán



FORD E250 ECONOLINE CARGO VAN 100% LÁN. Árgærd 2004, ekinn 23 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Tilboð 1090 þús 100 % lán



HYUNDAI SANTA FE 4X4 100% LÁN. Árgærd 2005, ekinn 63 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Tilboð 1590 þús stgr 100 % lán



JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4. Árgærd 2004, ekinn 81 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Tilboð 1790 þús 100 % lán



HYUNDAI TUCSON 4X4. Árgærd 2007, ekinn 8 þ.km, DÍSEL, 6 girar. Verð 2.890.000. Tilboð 2690 þús 100 % lán



M.BENZ ML 500. Árgærd 2006, ekinn 35 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 6.980.000. Tilboð 6.3 millj 100 % lán



M.BENZ E 200 KOMPRESSOR E-200K (W211) 100% LÁN. Árgærd 2004, ekinn 96 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Tilboð 2090



MAZDA RX-8 100 % LÁN. Árgærd 2005, ekinn 36 þ.km, BENSÍN, 6 girar. Verð 2.890.000. Tilboð 2.480 þús 100 % lán



SUZUKI SWIFT 100% LÁN. Árgærd 2005, ekinn 54 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 1.390.000. Tilboð 1090 þús 100 % lán

Bilaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
<http://www.bilaborg.is>



Chrysler Town and Country (112579) 12/2007, bensín, ssk, ekinn aðeins 150 km, fjárst samlæs, cd, ofl... Asett verð 3.690 þús. Áhvilandi 3.290 þús. FÆST Á YFIRTÖKU!



Toyota Land Cruiser 120 GX (136204) 12/2007, dísel, ssk, ekinn 22 þús km, dráttarkr, filmur, spoiler, ofl... Asett verð 6.490 þús. Gott lán getur fylgt!



Toyota Land Cruiser 90 VX (136060) 4/2002, dísel, ssk, ekinn 190 þús km, leður, álfelgur, dráttarbeiði, ofl... Asett verð 2.490 þús. Áhvilandi 2.200 þús. FÆST Á YFIRTÖKU!



Toyota Land Cruiser 120 VX (112738) 2/2008, dísel, ssk, ekinn 22 þús km, 33" breyttur, leður, sóllúga, 8 manna, dráttarkr, ofl... Asett verð 7.690 þús. Áhvilandi 6.200 þús.



Óskum eftir MMC L200 Pallbílum frá árg 1997 til 2001 ! Erum með kaupendur.... ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND!



Óskum eftir Hiace bifreiðum frá árg 1990 til 2000. Helst Bensín en skoðum Dísel líka ! 4WD eða 2WD skoðum bæði ! Erum með kaupendur. Einnig óskum við líka eftir Land Cruiser 90 fyrir 700.000 krónur og minna og sömuleiðis Land Cruiser 60 1986 árg og yngri. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND !



Enn óskum við eftir Hilux bifreiðum frá 50.000 krónur og uppí 650.000 krónur. Bensín eða Dísel skoðum bæði ! Erum með kaupendur. Einnig óskum við líka eftir Land Cruiser 90 fyrir 700.000 krónur og minna og sömuleiðis Land Cruiser 60 1986 árg og yngri. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND!

Toyota Selfossi
Fosnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
<http://www.toyotasefossi.is>



Bilalíf.is
Bílasala Matthíasar
VILTU SELJA ??
STAÐGREIÐSLA Í BOÐI

STADGREIÐSLA Í BOÐI.
Óskum eftir að kaupa Toyota Corolla árg.'93 - '01 , ásamt fleiri tegundum af sömu árgærd. Upplýsingar í síma.562-1717 og 8673769 hjá Bilalíf,Kletthálsi 2. bilalif@bilalif.is



TILBOÐ 2.790.þ
VOLVO XC70 2.5T 4WD, ek 102.þ km, Sjsk 210 Hö, Leður, Magasin, Dolby Hljómkerfi, Filmur, Bakkskynjarar, Loftkæling,Asettverð 3.990.þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is



Land Rover Range Rover Supercharged, árg.2007, ek.21þús.km, sjálfsk, Einn með öllu!, Ný dekk!, Umboðsbíll í ábyrgð!, Flottur bíll á flotta verði!, Asett verð 12500þús.kr!!

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is



Bílar til sölu

Chrysler Stratus árg 2
Ek. 160.000, rafm. í rúðum, sætum og speglum. Þjófavörn og fjarst. Verð 250.000 Sími 615-2000.



Fjarstýrðir bensínbílar í úrvali. Tomstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is



Opel Safira '00 ek. 160 þús. sjsk. vél 1,8. V. 380 þús. S. 866 9238.



Mjög góður Ford Focus Caravan 1.6, 5g. Árg. '00. Ek. 130 þ.km. V. 390þ. S. 616 2597.



VW Golf árg. '00 1.6. 5 g., ek. 97km. Uppl. í s. 616 2597.



Ford Focus árg. 05 ek.64þ. v/ 1790þ. tilboð aðeins 1290þ. stgr. Eða 600 þ. út + yfirt. á 690þ. Gr. mán. 15þ. S. 697 3080.

VW Golf 4 '99 1.6. V. 349 þús. S. 861 7642.

0-250 þús.



Kia Sportage '99 ek. 138 þús. Nýskoðuð, 5 girar. Í toppstandi. Verð 240.000 S. 694 8187.



Land Rover Range Rover Supercharged, árg.2007, ek.21þús.km, sjálfsk, Einn með öllu!, Ný dekk!, Umboðsbíll í ábyrgð!, Flottur bíll á flotta verði!, Asett verð 12500þús.kr!!

SPARIBAUÐUR Á 155 ÞÚS
Suzuki Swift árg 97" 5gira skoðaður 2010 , ek 135þ vetrardekk uppl 894-6383



VW Vento '97, 1,6 beinsk. Sk. '09. Verð 230 þús. stgr. Uppl. í s. 898 2111.

VW Vento '98 sk. á góðum vetrardekkjum til sölu. V. 80 þús. S. 820 1825.

Ódýrir góðir nýsk!! BMW 316 '94 4d., ssk., ek.160þ. V. 140þ. Deawoo Nubira st 5g., ek.120þ. V. 95þ. S. 844 6609.

250-499 þús.



VW Golf 1,6 beinsk. árg. '99, 5 dyra, Gullfallgurur bíll. Sami eigandi frá upphafi. Ný tímareim og vatnsdæla. Upptekinn girkassi. Verð 420 þús. Uppl. í s. 898 2111.

1-2 milljónir



Til sölu dókkgrár Toyota Aygo árgærd 2006. Beinsk. Fór á götuna í janúar 2007. Keyrður 21.000 km. Frítt í staði í Reykjavík, Visthæfur bíll Lítil eyðsla eða um 5 á hundraði Yfirtaka á Íslensku láni sem stendur í 1.332.963,-kr. Afborgun um 27.000,-kr. á mánuði Nýr Aygo kostar 1.790.000,-kr. Upplýsingar gefur Svanhildur gsm. 699 3799.

2 milljónir +



Cadillac Escalade árg. 12/'07. Ekinn 15 þús. km. Með gjorsamlega öllum aukahlutum sem Cadillac býður upp á. Bara flottur! Verð 9.490 þús. Ath. Ól skipti eða góðir lánamöguleikar. Uppl. í s. 898 2111.



Dókkgrár Rav 4 GX til söluÁrgærd 2006 Sjálfskiptur. Keyrðum 30 þús km Skyggðar rúður, dráttarkúla,gúmmímotta í skotti og heilsársdekk.Verð 3.400.000,-kr. Skoðum uppistöku á ódýrari bíl. Upplýsingar í gsm 699 3799

Bílar óskast



Við stórlækkuðum sölukostnað!
Skráðu bílinn hjá okkur - frítt!
NETBÍLAR
www.netbilar.is

Nú er tími notaðra bíla
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900,- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

0-150þ.
Helst ekki eldri en árg. '98. Má þarfnast lagfæringar eða skoðunar. S. 860 6610.

Fjölskyldubíll óskast
Vantar station eða fjölskylduvænna bíl - Ekki eldri en 2001 og ekki keyrður meira en 120.000, verð allt að 400.000 kr. Hafid samband: oskar.ingi@gmail.com

Óska eftir ódýrum bíl 20-60 þús. allt kemur til greina. S. 699 3548.

VANTAR ÓDÝRAN
Vantar bíl helst yngri en '95 Má þarfnast smá lagf. Skoða allt. Má kosta 0-95 þús. S. 897 8779

!!! BÍLL ÓSKAST !!!
Vantar bíl fyrir allt að 100þús stgr , má þarfnast lagfæringa en ekki vera eldri en 1997 uppl 857-7245

Vil kaupa Toyota Yaris/Corolla 5d. Verðhugm. ca. 500 þús. Uppl. í s. 892 4214.

Óska e.a. kaupa gamla Toyota/Hyundai sendib.og Peugeot 504/505. Nán.uppl. í s. 661 2222.

Óskum eftir eftirfarandi bifreiðum til kaups:

Allt staðgreitt .Toyota Hi lux, Toyota hiace ,McC L-200 Toyota landcricer nissan pikkup nissan sunny Honda crv Árgærd Frá 1986-1997 Verð frá 15-400 þús Bílabankinn 588-0700 Avar@bilabankinn.is Bílarnir þurfa ekki að vera í topp standi, mega vera ryðgaðir og bilaðir.

Staðgreiðsla í boði. 200-500 þ.

Átt þú bíl/jeppa árg 2000 eða yngri, ek undir 140þ. Sem þú ert til í að láta fara töluvert undir gangverði? Endilega hafðu samband á BFS@VISIR.IS

TOPPBÍLAR

bilasala



FORD FIESTA AMBIENTE / FLAIR. Árgæð 2000, ekinn 123 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Nýskoðaður til 2010. Verð 350.000. Rnr.311592



TOYOTA AVENSIS WAGON TERRA. Árgæð 1998, ekinn 152 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 490.000. Rnr.311604



TOYOTA YARIS TERRA. Árgæð 2006, ekinn 19 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 1.520.000. Tilboð 1.290.000.- Rnr.311529



TOYOTA LAND CRUISER 90 GX 33". Árgæð 1999, ekinn 176 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 1.350.000. Rnr.320371



NISSAN MICRA GX/LX. Árgæð 1999, ekinn 152 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Nýskoðaður til 2010. Verð 350.000. Rnr.311599



MAZDA 3 S/D T. Árgæð 2005, ekinn 69 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 1.950.000. Tilboð 1.390.000.- Rnr.311370



FORD FOCUS TREND - TILBOÐ!!! Árgæð 2005, ekinn 43 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.950.000. Tilboð 1.390.000.- Rnr.241986



NISSAN TERRANO II 33". Árgæð 1996, ekinn 225 þ.km, DÍSEL, 5 girar. Nýskoðaður til 2010. Verð 490.000. Rnr.311609

Klettháls 2 - 110 Reykjavík
Sími 587 2000 - www.toppbilar.is
Opið virka daga 10-18

Jeppar

Excellent whole body massage for you. S.8411837

Vélsleðar

Til sölu ArticCat EXE 550 árg. 92. Gott eintak. Uppl. í s. 699 0983.

Kerrur



Eigum enn þá órfáar kerrur eftir á gamla verðinu kr 99.999 og 199.999 til sýnis og sölu hjá Hagkaup Garðabæ.

Hjólhýsi



Til sölu Renault Master '04 ek. 62þ. 7 manna. V. 2,3 m/vsk. Ath skipti á 4ra manna hjólhýsi. Uppl. í s. 893 2550.

Vinnuvélar



www.snjokedjur.is

Ath. erum fluttur! BETRI VERÐ! Snjókeðjur fyrir VINNUVÉLAR & VÖRUBÍLA. SKM ehf. Viðarhófa 2 - S. 517 8400.



Nýl. vöru og dráttarbílar til sölu 8x4, 4x4, 6x6. Einnig véla og flatvagnar. Ísl. fjárm. sk. mög. Uppl. s. 824 1840 Landsverk ehf.



Nýlegar ('07-'08) belta og hjólagrófur til sölu. 5-36 tonn. Vel búnað og í toppstandi. Uppitaka mög. Ísl. fjárm. Uppl. s. 824 1840 Landsverk ehf.

Traktor óskast!

Óska eftir að kaupa traktor, yfir 50 hestöfl. Má ekki vera breiðari en 130cm. Uppl. í s. 896 6151.

Til leigu vinnulyftur, lyftarar og krani. Góð tæki, gott verð. S. 660 1701 & 660 1704 Borgarfl.

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fánleg í netverslun Fleshlight.is

FLESHLIGHT.IS

Bílaþjónusta

NI

Þriggja ára ábyrgð á varahlutum.

Nýttu þér framúrskarandi þekkingu og þjónustu ásamt úrvalinu á stærsta varahlutalager landsins fyrir allar tegundir bíla.

Gerðu vel við bílinn þinn!

NI 440 1000 NI.15

Hjólbarðar

Jeppadekk

20%

WOLBARDA GRAFARVOGS FERKSTEDI

Gyflaföt 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468

Varahlutir

VARAHLUTIR AUKAHLUTIR

VIÐ SÉRÞÓNTUM Í ALLAR GERDIR AF BÍLUM FYRIR AMERIKUMARKAD

Bílaþjón Benna

Sími 590 2000 - www.bennia.is

Erum að rífa Benz S Class, VW Golf, Fiat Punto, Hyundai Getz, Bora, Polo, Passat, Caddy, Suzuki Swift, Honda Jazz, Toy. Avensis, Peugeot 206 & Boxer, Citroen Berlingo, Hyundai H1 diesel, MAN dráttarbil 2005 og margt fl. Kaupum einnig bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

Renault Megané '97-'08 Mazda 626 '97-'02 Cadillac Seville '93-'02
 Vélar, girkassar, sjálfskipting, boddylutir, felgur, innréttingar, airbag ofl. S. 772 6777 & 824 1919.

Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Atið
Þrif & Viheld

Hreingerningar • Flutningsþrif
Gólfbóun • Teppahreinsun
Húsgagnahreinsun

Sími: 662 0 662

Hreingerningajónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thevgillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þriffin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Garðyrkja

Trjáklippingar - garðyrkja.
 Klippi tré og runna og felli tré. Fljót og góð þjónusta. Látið fagmann vinna verkin.
Jóhannes garðyrkjumeistari s. 846 8643.

Trjáfellingar

Runnaklippingar, snyrting á trjágróðri. Eiríkur Sæland garðyrkjufraeðingur. S. 848 1723.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
 hsebokhald@hsebokhald.is
 Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.

Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

Fjármál

ATOZ

Gjaldprotaráðgjöf, líf eftir gjaldprot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s: 771 45 45.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðaflutningar Stór bíll. S. 692 7078

Millibíll S. 659 1047.
 Búslóða flutn., vörufl., pianó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !!

Húsviðhald

RemontMax ehf.
 Spörslum - Málum - Flísaleggjum - Þrif húsa. Góð tilboð/verð. Uppl. í s. 849 9301.
www.flisarogmalun.is

BROT BORTÆKNI

STEYPUSÖGUN KJARNABORUN MÚRBROT

567-7570

Parketslipun
 sölupallslipun | parketlagnir

SÍ 1308 / 890 5315
 gollist@gollist.is
www.gollist.is

list

Fagþjónusta - Allt á einum stað

Getum bætt við okkur í flísa-lögn, múrverki, pípuhlögn, málningu, parketlagn, glerisetningu og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. **Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

Byggingarfélag

Getur bætt við sig verkefnum bæði í nýbyggingum og viðhaldi. Úti sem inni, tilboð eða tímavinna. S.: 893 9722.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gölf. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Húsviðhald!

Pak- og utanhússklæðningar og allt húsviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Húsviðgerðir

Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrvíðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Stíflupjónusta

Stíflulosun Röramyndun

Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurtöllum. Röramyndavei til að staðsetja skemmdir í lögnum.

Skolphreinsun Ásgeirs sf.
 S.892 7260 & 567 0530

Stíflupjónustan ehf
 S. 554 2255 / 896 5800
 Stíflulosun-röramyndun
www.stiflutjonustan.is

Tölvur

Tölvuviðgerðir fyrir fyrirtæki og einstaklinga

@tt.is
 Allt tilkveðið á þetta vefi

Vandaðar tölvuviðgerðir
Gerir við allar tegundir. MEDION DELL ACER HP TOSHIBA IBM/LENOVO FUJITSU O.F.L. Rikharður - Miðnet ehf S. 615 2000

Nudd

Excelent whole body massage for you. S. 841 1837.
Excelent whole body massage for you. S. 841 1837.
Nudd Nudd Nudd Barbara. S. 616 2170.
Whole body massage. S. 841 8529.

Spádómar

Englaliós
S. 908 7000 & 863 1987
Tarot, miðlun, fyrirbærir
Opíð alla daga frá 12-01
VISA/EURO

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

Hanna S. 555 2927
visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbærir
Draumar
Tarot
Er við alla daga frá hádegi til miðnættis

www.ortagalinn.is
Örtaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opíð öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Símaspá-draumráðningar: 9086414, 553 5395 (Visa/MC), Símat. 10-24. Spák. Yrsa. Hringdu núna!

Ólöf spámiðill
Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarot ofl.

S. 901 5000 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna.

Spásíminn 908 5666. Stjórnspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og pening- ar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Iðnaður

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315

Rafvirkjun

Raf-fling
Raflagnabjónusta
Nýlagnir, endurnýjun eldri lagna
Bjóðum upp á skoðun á raflögnum, gerum tilboð í úrbætur, án skuldbindinga.
Löggitur rafverktaki.
S: 555 4030 • rafefl@mi.is

Raflagna og dyrasímabjónusta
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi.
Nýlagnir og endurnýjun raflagna.
Gerum verðtilboð
Rafneisti s. 896 6025
löggitur rafverktaki.
rafneisti@rafneisti.is

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð bjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
löggitur rafverktaki
www.raflagnir.is

Viðgerðir

Loftnets og símapjónusta
Viðgerðir og uppsetningar á loftnetum, diskum, heimabátum og flatskjám.
Loftnetstækni S. 894 2460.

KEYPT & SELT

Til sölu

Evrur og dollarar til sölu!
Evrur og dollarar til sölu, til afhendingar hérlendis eða erlendis.
Uppl. í s. 693 6445.



Stubbastandar
Burt með sóðaskapinn! Utanhúss öskubakkar, bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535 stubbastandar@gmail.com

Til sölu

Dyson Airblade
"Sá sem þurrkar strax á manni hendurnar"
80% minni rafmagnsnotkun. 5 ára ábyrgð
papco
s: 587 7788 www.papco.is



Útsala!
Vertu viðbúin! Fáðu þér þjófavörn sem hringir í síman þinn og tvö önnur símanúmer sem þú velur ef brotist er inn hjá þér. Nú fáanlegt fyrir aðeins 18.900.- kr Verð áður 29.900.- kr. Þráðlaus, einfalt í uppsetningu fyrir heimili og smærri fyrirtæki.



Útsala!
Robot ryksugurnar komnar! Vinnur 3 verk, ryksugar moppar og sóthreinsar, með UV innrauðu ljósi. Fer sjálf í hleðslu, hreinsar sjálfkrafa betur þar sem óhreinindi eru. Hreinsar allar gerðir gólfa. Íslenskur leiðarvísir. Verð áður 48.900.-kr verð nú 37.900.- kr.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarbjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bílað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Evrur óskast
Óska eftir að kaupa evrur og dollara.
Regent Accounts Ltd Uppl. gefur Sverris í s. 618-7001

Óska eftir að kaupa CD, DVD diska og vnipl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

Tölvur

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

Er tölvun biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarbjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Hljóðfæri

Planóstillingar Planóþjónustan Stefán Birkisson, yfir 20 ára reynsla. Sími 896-0222

Verslun



Allir öskudagsbúningar á 2.000 kall! Mikkið úrval. Partybúðin, Faxafeni 11.

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 790.-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Órugglega besta rakgelið!
Tökum að okkur heimakynningar.
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

Til bygginga



Vandaður tréstiigi úr beyki til sölu! Fallegur tréstiigi og handrúf til sölu. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 863 6373.

Brunaútsala!
20 feta gámur með kaffiaðst. og rafm. töflu. 200 fm. dokapl. 800 fm. 2"x4", 120 fm. 1"x6" 2 stk. átröppur 5 þrep, 2 álstigar. 4m, hjólapallar (1,8x2x0,6) og Pe Walt-veltisög. Allt nýtt eða nýlegt. Tilboðsverð 920 þús. Uppl. í s. 894 2523.

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

HEILSA

Heilsuvörur

LR kúrin er auðveldur og hraðvirkur. 8 kg. á 3 vikum og var „ekki“ í megrun. 699 7379 Anna.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskysrsla.is Rannveig iðjubjálfi/einkabj. s. 862 5920.

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð bjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Fæðubótarefni

„Ólafur Gaukur hringdi í mig og spurði hvort ég vildi taka eitt gigg með Sextettinum.“

Auðvitað sagði ég já og þurfti ekki einu sinni að gá í bókina. Ég hefði slaufað flestu fyrir þetta,“ segir KK sem segir mikla upphefð í að syngja með Sextettinum. „Maður er svo orðinn svo vanur þessari músík að maður þælir ekkert í

henni. Svo þegar maður kryfur hana er það bara vá! Það er svo mikið að ske. Ólafur Gaukur útsetti fyrir ýmsa fleiri og maður heyrir strax ef hann var að verki.“

Hæst reis frægðarsól Sextettsins þegar Ríkissjónvarpið sýndi þættina Hér gala Gaukar, sem gerðu Svanhildi og Rúnar landsþekkt á árunum 1968-69. „Það var verið að spara svo mikið að það var tekið yfir alla þættina nema einn,“ segir Svanhildur. „Þar fóru heimildir forgörðum.“



Í ALLTÖF LANGRI PÁSU Sextett Ólafs Gauks með Svanhildi og KK snýr aftur á föstudaginn. - drg

13 ÓSKARSVERÐLAUNA BESTA MYND

BRAD PITT CATE BLANCHETT
The Curious Case of Benjamin Button

BEAN WILLIAM SCOTT PAUL BURN
ROLE MODELS

SAMBIO.is

SAMBIO.is ALFABAKKA			SAMBIO.is SELFOSS		
BENJAMIN BUTTON	kl. 6:30 - 8 - 10	7	ROLE MODELS	kl. 8 - 10:10	12
BENJAMIN BUTTON	kl. 6:30 - 10		AUSTRALIA	kl. 8	12
HOTEL FOR DOGS	kl. 5:50	L	SAMBIO.is AKUREYRI		
BLOODY VALENTINE 3D	kl. 5:50(3D) - 11:10(3D)	16	BENJAMIN BUTTON	kl. 8	7
DOUBT	kl. 8 - 10:10	L	ROLE MODELS	kl. 10	12
ROLE MODELS	kl. 8 - 10:10	12	DOUBT	kl. 8	12
BEDTIME STORIES	kl. 5:50	L	SAMBIO.is KEFLAVÍK		
ROCKNROLLA	kl. 10:30	16	TRANSPORTER 3	kl. 8	16
CHANGELING	kl. 8	7	SEVEN POUNDS	kl. 8	L
YES MAN	kl. 5:50	7			
SAMBIO.is KRINGLUNNI					
BENJAMIN BUTTON	kl. 6D - 9:10D	7			
BLOODY VALENTINE 3D	kl. 8:10 - 10:20	16			
ROLE MODELS	kl. 8:10 - 10:20	12			
BEDTIME STORIES	kl. 6	L			
BOLT 3-D mysl. tali	kl. 6 DIGITAL-3D	L			

Heimsfrægt matargúru elskar íslenskt hrossakjöt

Einn þekktasti matgæðingur Bandaríkjanna lofsýngur íslenska veitingastaði í Wall Street Journal. Úlfar Eysteinnsson segir þetta jákvætt, sífellt fleiri ferðamenn snæði á íslenskum veitingastöðum og eyði meira fé en áður.



VISSI EKKI AF SOKOLOV Úlfar býst við því að hafa verið á kafi í pottunum þegar matarýninn Sokolov fer óvænt að garði. Greinina má lesa á vef Wall Street Journal, wsj.com. Best er að finna greinina með því að leita eftir fyrisögninni, „Icelandic Dining After the Collapse“.

„Við erum auðvitað alltaf fastir inni í eldhúsi og því fór hann fram hjá okkur. En við erum himinlifandi yfir viðbrögðum hans og ég er ekki hissa að honum hafi líkað hrossalundirnar,“ segir Úlfar Eysteinnsson veitingamaður á Þremur frökkum um dóm sem birtist á vef Wall Street Journal á sunnudaginn var. Guðspjallamaður bandarískrar matarrýni, Raymond Sokolov, fer þar fögrum orðum um íslenska veitingastaði en Sokolov þessi er einhver þekktasti matgæðingur Bandaríkjanna og var um langt skeið aðalveitingahúsarýnir bandaríska stórbladsins New York Times. Sokolov segir í grein sinni að hann hafi dvalið í Reykjavík helgina sem mótmælin náðu hátindi sínum og svaf því með heyrnartól á hótélherberginu en hótelið segir hann hafa verið staðsett rétt hjá þinginu.

Sokolov heimsótti Panorama, Vox, Sjávarkallarann, Þrjá frakka og Sægreifann, og hvetur þá sem hafa áhuga á að kynna heim borgaralegri útfærslu á framandi hræfni til að sækja Ísland heim. Veitingastaðirnir séu nefnilega „með útsölu fyrir þau okkar sem erum svo heppin að mæta með

dollara“. Hann lætur afar vel af stöðunum sem hann segir á heims-mælikvarða og telur það merki um heimsborgarahátt landans að í fluginu til Íslands hafi þjónn af veitingastaðnum Vox þekkt hann í sjón. Einu vonbrigðin hafi verið Sjávarkallarinn sem hann telur „snobbgildru“.

Sokolov bragðaði meðal annars lunda og hreindýr og á veitingastaðnum Þremur frökkum fékk hann hrossalundir og skyrútgáfu af crème brûlée og segist myndu panta sér hrossasteikina aftur en hann telur steikina hafa haft mikinn karakter og hreinlega vera ógleymanlega.

Úlfar segir að Sokolov hafi mætt á staðinn eins og alvöru rýnir, látið lítið fara fyrir sér og ekki

gert neitt vart um sig. Hins vegar hafi hann viku seinna hringt og beðið um að fá að senda ljósmyndara til að taka myndir af matnum sem hann fékk. „Hrossalundirnar eru mjög vinsælar hjá ferðamönnum enda segi ég þeim yfirleitt gamansögu af því að hestarnir séu nuddaðir í bak og fyrir, búnir að hanga í gufubaði og hlusta á tónlist,“ segir Úlfar. Honum þykir strauður ferðamanna hafa aukist á veitingastaðinn eftir hrunið. „Túristarnir eru líka að leyfa sér meira. Það þekktist ekki að þeir væru að panta sér koníak og irish coffee hér fyrir nokkrum mánuðum. Nú lifa þeir í vellýstingum og panta sér áfengi með öllum réttum. Þetta er allt öðruvísi.“

juliam@frettabladid.is

NÝTT Í BIÓ!

Frá leikstjóra The Hours og Billy Elliott

Frábær gamanmynd!
LÚXUS

BRIDE WARS

EINN MAÐUR HEFÐI GETAÐ BREYTT SÖGUNNI!

VALKYRIE

THE READER (LESARINN)

HOTEL-Dogs HUNDABÓTELID

VILTU VINNA MILLJÁRD?

SÓLSKINS DRENGURINN

SMÁRA BIÓ Sími 564 0000			REGNBÖGINN Sími 551 9000		
BRIDE WARS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L	BRIDE WARS	kl. 6 - 8 - 10	L
BRIDE WARS LÚXUS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L	UNDERWORLD 3	kl. 10.30	16
HOTEL FOR DOGS	kl. 3.40 - 5.45	L	SEVEN POUNDS	kl. 5.30	L
VALKYRIE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12	REVOLUTIONARY ROAD	kl. 5.30 - 8	12
SKÓGARSTRÍÐ 2	kl. 3.45	L	TAKEN	kl. 6 - 10.45	16
UNDERWORLD 3	kl. 10.45	16	AUSTRALIA	kl. 8	12
VILTU VINNA MILLJÁRD	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12	HES JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 8 MASTERCARD FORSYNING	L
SKOPPA OG SKRIFLA Í BIÓ	kl. 4	L			
HES JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 8 MASTERCARD FORSYNING	L			
HÁSKÓLA BIÓ Sími 530 1919			BORGAR BIÓ Sími 462 3500		
THE READER	kl. 5.40 - 8 - 10.20	14	BRIDE WARS	kl. 10.15	L
VALKYRIE	kl. 8 - 10.30	12	SKÓGARSTRÍÐ 2	kl. 6	L
VICKY CRISTINA BARCELONA	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L	UNDERWORLD 3	kl. 10.10	16
REFURINN & BARNIÐ / SL. TEXTI	kl. 6	L	VILTU VINNA MILLJÁRD	kl. 8	L
REVOLUTIONARY ROAD	kl. 8 - 10.30	12	SÓLSKINS DRENGURINN	kl. 6	12
SÓLSKINS DRENGURINN	kl. 5.30	L	HES JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 8 MASTERCARD FORSYNING	L

HVAD? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 11. febrúar

Tónleikar

12.30 Hádegistónleikar Háskóla Íslands í Norræna húsinu við Sturlugötu. Sigurlaug Eðvaldsdóttir, fiðla, Helga Þórarinsdóttir, víola, Bryndís Björgvinsdóttir, selló, og Valgerður Andrésdóttir, pianó, flytja pianókvartett eftir W. A. Mozart.

Tónlist

Myrkir músikldagar 6-13. febrúar. Nánari upplýsingar á www.listir.is/myrkir

20.00 Tónlistarhópurinn Stelkur í Hafnarborg við Strandgötu 34, Hafnarfirði.

Leiklist

20.00 Stoppleikhópurinn sýnir verknið „Brunað í gegnum Bólu-Hjálmar“ í Leikhúsinu við Funalind 2 í Kópavogi. Nánar á Stoppleikhopurinn.com.

Fyrirlestrar

12.05 Dr. Gunnþóra Ólafsdóttir flytur erindið: „Náttúrutengsl og upplifanir ferðamanna á Íslandi“ í húsaakynnum ReykjavíkurAkademíunnar við Hringbraut 121 (JL-húsið), 4. hæð. Allir velkomin.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Laganemar spenntir fyrir kokteil í Valhöll

„Okkur er boðið að koma í heim-sókn til þeirra og við bara þiggjum það með þökkum,“ segir Hulda Björk Jónsdóttir, formaður Lög-réttu – félags laganema við Háskólann í Reykjavík.

Nokkur stemning er nú meðal laganema vegna boðs frá Sjálfstæðisflokki um að mæta á föstudaginn og þiggja kokteil í Valhöll. „Kæru laganemar! Nú á föstudaginn ætlar Heimdallur að bjóða okkur laganemum í glæsilegan kokteil til sín í Valhöll! Sjö-tíu sæti eru í boði og um að gera að tryggja sér sæti sem fyrst! Eftir kokteilinn verður haldið á 101 og verða Pragma og Viðskiptaráð einnig á staðnum og trúbador að spila,“ segir í tilkynningu til laganema. Hulda Björk segir laganema við HR vera 375 og þeir sem hún hefur talað við hafi tekið boðinu vel og séu mjög spenntir. Því má búast við því að slegist verði um miðana en það kemur þó ekki í ljós fyrir



VALHÖLL Laganemar fá kokteil í boði Sjálfstæðisflokksins og ætla þá að skunda á 101, sjá trúbador og hitta félagá úr Viðskiptaráði og Pragma.

í dag þegar skráning hefst. Formaður Heimdallar segir reyndar hér um nokkurn misskilning að ræða. Boðið sé ekki á vegum Heimdallar heldur Sjálfstæðisflokksins. „Þetta er mjög hefðbundin. Við erum með kokkteila fyrir allar deildir háskóla nánast allan veturinn. Svokallaðar vísindaferðir, kynning og yfirleitt fáum við alþingismenn til að taka á móti hópunum. Þetta hefur tíðkast lengi,“ segir Fanneý.

- jbg

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BIÓMIÐANN Á midi.is FÁÐU 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BIÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

TORFI G YNGVASON

ER HAGFRÆÐINGUR AÐ MENNT. HANN REKUR FYRIRTÆKIÐ THE ARCTIC RAFTING ADVENTURE COMPANY OG STARFAR JAFNFRAMT SEM LEIÐSÖGUMAÐUR. HANS HELSTU ÁHUGAMÁL ERU FLÚÐASIGLINGAR, KLIFUR, FARA Á SNJÓBRETTI, SIGLA Á KAYAK OG HELLASKOÐUN SVO EITTHVAÐ SÉ NEFNT.

2JA LAGA JAKKI: RAGNAR

2JA LAGA BUKUR: RAFN

ULLARBOLUR: GUNNAR

ULLARBUKUR: LANGBRÓK



CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVÍK, S. 517 8088

CINTAMANI LAUGAVEGI 94
101 REYKJAVÍK, S. 552 8090

WWW.CINTAMANI.IS

> Aðeins tvö prósent leikmanna vilja spila á sunnu- eða mánudögum

Á vefsíðunni fótbolta.net í gær var vitnað í niðurstöður mastersritgerðar Guðna Erlendssonar, sem ber heitið Úttekt á starfsumhverfi knattspyrnumanna. Þar kemur fram að aðeins tvö prósent þeirra leikmanna sem léku í úrvalsdeild karla á síðasta sumri vilja spila á sunnudögum eða mánudögum en 64 prósent leikja síðasta tímabilsins fóru fram á þeim dögum. Samkvæmt fyrstu drögum að næsta tímabili mun 71 prósent leikja fer fram á sunnudögum og mánudögum en aðeins 14 prósent leikja hafa verið sett á fimmtudaga en 62 prósent leikmanna deildarinnar vildu spila á þeim degi.

sport
sport@frettabladid.is



BALDUR SIGURÐSSON KNATTSPYRNUKAPPI: SÉR EKKI EFTIR ÆVINTÝRINU Í NOREGI OG SKOÐAR STÖÐUNA

Vil helst spila áfram með liði erlendis

Mývetningurinn Baldur Sigurðsson hefur eins og kunnugt er gengið frá starfslukasamningi við norska félagið Bryne. Framtíðin er óráðin hjá Baldri sem var á leið til fasteignasala í Stafangri í gær enda þarf hann að setja húsið sitt á sölu.

„Þetta hefur verið í vinnslu í nokkurn tíma enda er allt í velli hérna hjá félaginu. Menn hafa verið að taka á sig launalækkningar og þeir hafa verið að hóta uppsögnum sem eru þess utan ólöglegar. Leikmannasamtökin eru komin í málið og ástandið ekki gott. Við höfum til að mynda aðeins verið tíu á æfingum síðustu vikur,“ sagði Baldur nokkuð léttur enda hálfveginn að þessu máli sé öllu lokið.

„Jú, ég er þannig séð feginn að komast bara í burtu. Ég fékk ekki mikið að spila heldur og við þjálfarinn áttum ekki samleið þannig að þetta er finasta niðurstaða.“

Baldur hefur ekki tekið neina ákvörðun um framhaldið. Honum stendur til boða að semja við sterkustu félag Íslands en sjálfur hefur hann hug á að spila áfram erlendis. „Ég er að skoða einn möguleika í Skandinavíu sem

stendur. Það er ekki komið langt og því óþarfi að tala mikið um það. Ég ætla að fara bara yfir málin í rólegheitum og ekki ana að neinu. Ef ekkert kemur upp þá reikna ég með að koma heim til Íslands og spila. Eðlilega er ég samt spenntari fyrir því að vera áfram úti og það vinnur með mér að vera laus allra mála,“ sagði Baldur og bættir við að komi hann heim sé allt opið með hvaða liði hann spili.

„Ég mun hugsanlega semja við eitthvert íslenskt lið með þeim fyrirvara að ég geti farið fritt út aftur ef tilboð kemur fyrir lok mars. Ef ekki þá spila ég með því liði bara. Það er einn af þeim möguleikum sem ég er að skoða.“

Baldur sér ekki eftir því að hafa farið til Bryne þó svo að hlutirnir hafi ekki gengið eins vel og hann hefði viljað.

„Þetta er búinn að vera lærdómsríkur tími og ég sé alls ekki eftir þessu. Ég tel mig hafa haft gott af þessu og tel mig vera sterkari leikmann eftir þessa reynslu þó svo að ég hafi viljað spila meira.“



FJÖR Í DALNUM Karlalandsliðið spilar fjóra leiki í Laugardal. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Áttundi landsleikur ársins klár:

Mæta Georgíu

FÓTBOLTI Knattspyrnusambönd Íslands og Georgíu hafa komist að samkomulagi um að karlalandsliði þjóðanna leiki vináttulandsleik á Laugardalsvelli 9. september en þar með eru landsleikur ársins orðnir átta talsins.

Þetta verður fjórði vináttuleikur liðsins á árinu 2008. Liðið mætti Liechtenstein í gær, spilar við Færeyjar í Kórnum 22. mars og spilar síðan við Slóvakíu á Laugardalsvelli 12. ágúst. - 66j


Allt stefnir í að Guus Hiddink taki við stjórnstöðu Chelsea til loka tímabilsins:

Hefði sagt nei við öll önnur lið

FÓTBOLTI Það lítur allt út fyrir að Hollendingurinn Guus Hiddink, núverandi þjálfari rússneska landsliðsins, muni taka við stjórnstöðu Chelsea af Luiz Felipe Scolari sem var rekinn á mánudag.

Á heimasíðu Chelsea kemur fram að félagið hafi fengið leyfi til að gera Hiddink tilboð en hann mun þá einungis stjórna Chelsea-liðinu fram á vor. Flestir fjölmiðlar í Bretlandi búast við að gengið verði frá málinum fyrir helgi.

Hinn 62 ára gamli Hiddink og Roman Abramovich, eigandi Chelsea, eru miklir mátar. „Ef þetta hefði verið eitthvert annað lið þá hefði ég sagt strax nei. Málið lítur öðruvísi út í tilfelli Chelsea því ég er í góðu sambandi við eigandann og vil hjálpa félaginu ef ég get,“ sagði Hiddink í gær. Hann ætlar ekki að fórna starfi sínu með



VIRTUR Guus Hiddink hefur náð frábærum árangri með sín lið. NORDICPHOTOS/GETTY

landliði Rússlands „Ég mun ekki hætta með rússneska landsliðið. Ég tók við liðinu með langtíma- verkefni í huga og ég ætla ekki að hætta áður en ég hef náð að klára það,“ sagði Hiddink sem ætlar sér

að koma Rússum á HM 2010.

Næsti leikur Chelsea er gegn Watford í ensku bikarkeppninni á laugardaginn og svo gæti vel farið að Hiddink væri kominn í brúna fyrir þann leik. - 66j

ÚRSLITIN Í GÆR

Vináttulandsleikir

Brasíla-Ítalía	2-0
1-0 Elano (13.), 2-0 Robinho (27.). 31. sigur Brasílu í 44 leikjum undir stjórn Dunga. Fyrsta tap Ítala undir stjórn Marcelo Lippi síðan 2004.	
Slóvakía-Ukráina	2-3
Róbert Vittek (44.), Marek Hamsik (69.) - Sergej Valjajev (11.), Jevjen Seleznov (48.), Artem Milevskij, víti (83.)	
Kýpur-Serbía	0-2
Milan Jovanovic (26.), Danko Lazovic (42.)	

Þýski handboltinn

Magdeburg-Kiel	32-34
Kiel vann sinn 30. leik í röð í öllum keppnum þar af 19. leikinn í röð í deildinni. Kiel er nú með 39 af 40 mögulegum stigum og 10 stiga forskot.	
Gummersbach-Flensburg	27-24
Róbert Gunnarsson skoraði 4 mörk fyrir Gummersbach sem er í 7. sæti 15 stigum á eftir Kiel.	
Melsungen-Nordhorn	24-29

Enska C-deildin í fótbolta

Crewe-Bristol Rovers	Frestað
Það gengur illa hjá lærisveinum Guðjóns Þórðarsonar að spila leiki í kuldanum í Bretlandi.	

Fjölskyldur fá ...

Skilvísir viðskiptavinir í Fjölskylduvild SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2008. Fjölskylduvild SPRON stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar og er án endurgjalds.

Endurgreiðsla ársins 2008 samanstendur m.a. af:

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar, erlendra lána eða víxla.
- 50% endurgreiðslu af kreditkortargjöldum.

Skráðu fjölskylduna á spron.is og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

Nánari upplýsingar

Þjónustuver 550 1400 | spron.is





FRÁBÆR Helgi Jónas Guðfinnsson stýrði Grindavíkurlíðinu eins og herforingi í fyrsta tapi KR í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Tapleikur KR-inga í Grindavík:

Metið frá árinu 1990 hélt velli

KÖRFUBOLTI Karlalið KR hefur verið duglegt að endurskrifa sögu félagsins í úrvalsdeildinni en tapið í Grindavík á mánudagskvöldið þýðir að því mistókst að bæta félagsmetið yfir flesta deildarsigra í röð á einu tímabili.

KR var búið að vinna alla sextán deildarleiki sína fyrir Grindavíkurlíkinn en Íslandsmeistaralið KR frá 1989-1990 náði því að vinna 17 deildarleiki í röð á því tímabili.

Sigurganga KR-liðsins fyrir nítján árum endaði í lokadeild deildarkeppninnar sem var á heimavelli gegn Njarðvík. Friðrik Ragnarsson, núverandi þjálfari Grindavíkur, skoraði 10 stig fyrir Njarðvík í þeim leik en Njarðvík vann 99-97.

KR-liðið svaraði þessu tapi með því að vinna alla fimm leiki sína í úrslitakeppninni og vinna fyrsta Íslandsmeistaratitil félagsins í ellefu ár. - óó

FLESTIR DEILDARSIGRAR KR-INGA Í RÖÐ Á EINU TÍMABILI*:

17	5.nóv.1989 - 15. mars 1990
16	16.okt 2008 - 9. feb. 2009
8	29. jan. - 12. mars 1998

*í úrvalsdeild (frá 1978/79)

Ég geri kröfu um sigur

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari segir að með eðlilegum leik þar sem leikmenn leggi sig fram eigi Ísland að vinna Liechtenstein. Íslenska landsliðið á harma að hefna eftir háðulega útreið í síðasta leik liðanna.

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið fær kjörið tækifæri til þess að bæta orðspor sitt í Liechtenstein í dag þegar liðið mætir landsliði dverg-ríkisins í vináttulandsleik á La Manga.

Íslenska liðið reið ekki feitum hesti í viðureignum sínum við Liechtenstein í undankeppni EM 2008. Gerði jafntefli á heimavelli, 1-1, og var svo niðurlægt á útivelli í Vaduz, 3-0. Er það ein mesta niðurlægning sem íslenska knattspyrnu-landsliðið hefur mátt þola frá upphafi.

„Allir leikmenn eru heilir heilsu og eiga að vera klárir í leikinn. Ég hef nú ekkert verið að minnst á þessa síðustu leiki við strákana. Við erum að einbeita okkur að okkar málum. Erum að fara vel yfir þá hluti sem við höfum verið að gera og viljum vinna áfram á. Nægir þar að nefna að þora að halda bolta og finna leiðir til þess að komast í gegnum varnarlínuna. Það er því ekkert nýtt undir sólinni í þeim efnum,“ segir Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari.

Ólafur segir aðstæður í La Manga allar hinar bestu. Fallegt og gott gras í bland við um 25 stiga hita.

„Það er ekki yfir neinu að kvarta og engin afsökun fyrir því að við eigum ekki að geta spilað ágætán fótbolta. Ég geri ráð fyrir því að flestallir fái að spila ef ekki allir. Ég mun reyna það að minnsta kosti.“

Ólafur segir landslið Liechtenstein ekki algalið. Það geti haldið bolta vel og spili ágætlega fái það tíma til þess.



EKKERT VANMAT Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari segir Ísland ekki hafa efni á því að vanmeta lið Liechtenstein. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þegar við spilum við svona þjóðir þá eigum við að fara inn á völlinn með því hugarfari að ekkert annað en sigur komi til greina. Það er því eðlileg krafa af minni hendi um að við vinnum þennan leik. Ef menn leggja sig fram og gera það sem fyrir er lagt eigum við að vinna þennan leik,“ segir landsliðsþjálfarinn sem hefur þó enga trú á því að íslenska liðið vanmeti andstæðinginn enda hafi það ekki efni á því. „Það er orðið þannig í alþjóðlegum fótbolta að það getur enginn leyft sér að van-

meta andstæðinginn og þá allra síst við Íslendingar. Það er bara ávísun á að tapa leik. Ég vona að það verði ekki og trúi því bara ekki.“

Ólafur segir að fólk megi ekki búast við neinu óvæntu í leiknum. „Ég er búinn með mína tilraunastarfsemi og núna erum við að vinna í okkar leik. Þróa hann alltaf aðeins meira. Við höfum alltaf leikið sama kerfi og nú er að vinna í því sem hægt er hverju sinni,“ segir Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari. henry@frettabladid.is



GOTT ÁR Bergur Ingi, Silja og Björgvin með verðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Viðurkenningar FRÍ fyrir 2008:

Bergur Ingi var maður ársins

FRJÁLSAR Bergur Ingi Pétursson FH hefur verið valinn frjálsíþróttamaður ársins 2008 en stjórn FRÍ veitti viðurkenningar í tengslum við Meistaramót Íslands sem fram fór um síðustu helgi.

Bergur Ingi þrífætti Íslandsmetið í sleggjukasti, fór með það úr 70,30 metrum upp í 74,48 metra og hefur bætt metið um 4,18 metra á árinu.

Björgvin Víkingsson úr FH vann óvæntasta afrekið þegar hann bætti 25 ára gamalt Íslandsmet í 400m grindahlaupi og Kári Steinn Karlsson úr Breiðabliki fékk framfaraverðlaun fyrir að bæta 32 ára gamalt Íslandsmet í 10.000 metra hlaupi um 42 sekúndur.

Silja Úlfarsdóttir úr FH fékk Jónsbikarinn fyrir besta afrek í spretthlaupum (24,52 sek. í 200 metra hlaupi) og Helga Margét Þorsteinsdóttir úr Ármanni vann besta afrek 20 ára og yngri 2008 þegar hún náði 5.524 stigum í sjöþraut og setti Íslandsmet. - óó



...endurgreiðslu!



> Jack Osbourne

„Ég átti ekki von á því að líf mitt yrði eins og það er í dag en þar sem ég var í neyslu þá var ég heldur ekkert að plana fram í tímann.“ Osbourne er einn Hollywood-stjarnanna sem sinna löggæslustörfum í bænum Muncie í raunveruleikþættinum *Armed and Famous* sem sýndur er á Stöð 2 Extra í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HLUSTAR Á FÆRIBANDIÐ

Bubbi breytist í Jónas Jónasson

Þeir ætla að endast lengi hamirnir sem Ásbjörn Kristinnson Morthens geymir í skápnunum sínum og margir eru þeir. Samband hans við hljóðnemann hefur alltaf verið magnað, ekki síður en samband hans við þjóðarsálinu. Nú er hann orðinn „radio-host“ og þótt hlustandi hafi verið spennur að heyra hann velja diska undir geislan þá reynist prógrammið hans, Færibandið, miklu frekar vera innhringipáttur en lagaval með eintali sálarinnar – Bubbi hugsar upphátt.

Því var lagt við hlustir á mánuðagskvöld að Bubbi átti von á Jóni Ásgeiri, en það varð ekki. Þess í stað átti hann spjall við karla og konur úr öllum landshornum. Hann reynist vera þægilegur útvarpsmaður, er fljótur að ná fólki í einlæggar samræður, treður sér ekki um of fram þótt hann taki stakar rispur og leggur sig fram um að þróa samtalið við hlustendur í átt að einhvers konar niðurstöðu. Þetta er þrýðilega gert hjá honum – mætti huga að aðeins víðfeðmara lagavali

milli símtala. Kveðjan hans minnti á mánuðag harla mikið á léttvænar kveður Jónasar Jónassonar undir nóttina.

KK er líka kominn í útvarp – rás 1 – og er mikið gaman að heyra hvert hann leitar eftir tónlist – soldið mikið amerískt en för hans inn í safnið er rétt hafin og það er tilhlökkun að ferðast með honum milli 8 og 9 virka morgna. Þó er eftirsjá að unnum samtölum þessa klukkustund og óskiljanlegt að þau í Efstaleitinu megni ekki að halda uppi tveggja tíma þætti þegar þau Heimir og Kolla rulla upp. Slá hjörtun svo misjafnlega í Efstaleiti og Skaftahlíð? Eða er vaninn þess valdandi að ríkisstarfsmennirnir geta minna svona á morgnana en einkareknu kraftarnir?



MIDVIKUDAGUR



▶ 20.00 *Gossip Girl* STÖÐ 2



▶ 20.15 *Bráðavaktin (ER)* SJÓNVARPIÐ



▶ 20.50 *Spánn - England* STÖÐ 2 SPORT



▶ 21.50 *CSI: Miami* SKJÁREINN



▶ 22.00 *Burn Notice* STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

16.35 *Leidarljós*

17.20 *Táknmálsfréttir*

17.30 *Ofurþjarkinn og apahersveitin* (48:52)

17.55 *Gurra grís* (75:104)

18.00 *Disneystundin* Sjúkni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða.

18.54 *Víkingalottó*

19.00 *Fréttir*

19.30 *Veður*

19.35 *Kastljós*

▶ 20.15 *Bráðavaktin (ER)* (12:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.

21.00 *Svipmyndir af myndlistarmönnum - Vesa-Pekka Rannikko* (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008. Sýningin var sett upp í átta borgum í sjö löndum, þar á meðal á Íslandi.

21.10 *Kiljan* Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitgjafar þáttarins. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrágerð.

22.00 *Tíufréttir*

22.20 *Silfurdrengirnir* Þáttur um handboltalandsliðið og glæsilega framgöngu þess á Ólympíuleikumum í Peking. (e)

23.50 *Kastljós* (e)

00.30 *Dagskrárlok*

BÍÓ

08.15 *Pokemon*

10.00 *A Little Thing Called Murder*

12.00 *Accepted*

14.00 *The Holiday*

16.15 *Pokemon*

18.00 *A Little Thing Called Murder*

20.00 *Accepted* Gamanmynd um latan en úrræðagóðan unglingsdreng sem allir háskólar hafna. Hann leggur ekki í að færa foreldrum sínum slæmu fréttirnar svo hann setur á laggimar sinn eigin platháskóla sem að sjálfsgöðu tekur honum fagnandi.

22.00 *Break a Leg*

00.00 *Munich*

02.40 *Hellraiser. Inferno*

04.20 *Break a Leg*

06.00 *Thelma and Louise*

STÖÐ 2

07.00 *Barnatími Stöðvar 2* Áfram Diego Afram!, Refurinn Pablo, Dynkur smáeðla, Doddi lítli og Eyrnastór, Ævintýri Juniper Lee.

08.15 *Oprah*

08.55 *Í fínu formi*

09.10 *Bold and the Beautiful*

09.30 *La Fea Más Bella* (250:300)

10.15 *Wipeout* (2:11)

11.00 *Ghost Whisperer* (30:44)

12.00 *Grey's Anatomy* (13:17)

12.45 *Neighbours*

13.10 *Sisters* (25:28)

13.55 *E.R.* (23:25)

14.45 *The O.C.* (2:27)

15.40 *Beyblade*

16.03 *Leðurblökumaðurinn*

16.23 *Íkornastrákurinn*

16.48 *Ruff's Patch*

16.58 *Gulla og grænjaxlarnir*

17.08 *Bold and the Beautiful*

17.33 *Neighbours*

17.58 *Friends* (12:24)

18.23 *Veður*

18.30 *Fréttir Stöðvar 2*

18.47 *Íþróttir*

18.54 *Ísland í dag*

19.35 *The Simpsons* (6:22) Hómer verður skyndilega frægur þegar hann nær fullkomnum leik í keilu, hann fær mikla athygli frá fjölmiðlum en á erfitt með að taka því þegar frægðin fer að dvína.

▶ 20.00 *Gossip Girl* (2:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þar snúast áhyggjur unga fólksins fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartí.

20.45 *Grey's Anatomy* (12:24)

21.30 *Ghost Whisperer* (61:62) Melinda Gordon er gædd er sjötta skilningarvitinu og í nánú sambandi við hina framliðu.

22.15 *Weeds* (6:15)

22.40 *Sex and the City* (6:12)

23.05 *E.R.* (23:25)

23.50 *Blue Murder* (2:4)

01.00 *Saving Milly*

02.25 *Must love dogs*

04.00 *Grey's Anatomy* (12:24)

04.45 *Friends* (12:24)

05.10 *Fréttir og Ísland í dag*

SPORT

besta sætið

16.00 *Gillette World Sport 2009* Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.

16.30 *NFL-deildin* Þáttur þar sem Rich Eisen og Deion Sanders skoða hverja umferð í NFL-deildinni í bak og fyrir.

17.00 *PGA Tour 2009* Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

18.00 *Spænsku mörkin* Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.

18.30 *Atvinnumennirnir okkar* Fyrsti þátturinn í þáttaröð þar sem skyggst er inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar. Í þessum þætti fá áhorfendur að kynna Loga Geirsyni sem leikur með Lemgo í Þýskalandi.

19.10 *HSG Wetzlar - Lemgo* Bein útsending frá leik HSG Wetzlar og Lemgo í þýska handboltanum.

▶ 20.50 *Spánn - England* Bein útsending frá vináttulandsleik sem fram fer á Spáni.

22.55 *NBA tilþríf* Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþríf vikunnar í NBA-körfuboltanum.

23.25 *HSG Wetzlar - Lemgo* Útsending frá leik í þýska handboltanum.

00.45 *Spánn - England* Útsending frá vináttulandsleik sem fram fer á Spáni.

SPORT 2

enski boltinn

16.50 *WBA - Newcastle* Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.30 *Premier League World* Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

19.00 *Coca Cola-mörkin 2008* Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðuð í þessum magnaða markaðsið.

19.30 *Premier League Review* Allir leikirnir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðuðar. Öll mörkin og öll bestu tilþríf á einum stað.

20.25 *4 4 2* Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

21.35 *Portsmouth - Liverpool* Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

23.15 *Man. City - Middlesbrough* Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

06.00 *Óstöðvandi tónlist*

08.00 *Rachael Ray* (e)

08.45 *Káta maskinan* (2:9) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna. (e)

09.15 *Vörutorg*

10.15 *Óstöðvandi tónlist*

17.35 *Vörutorg*

18.35 *Rachael Ray* Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.

19.20 *Top Design* (6:10) Ný, bandarísk raunveruleikasæria þar sem efnilegir innanhúshönnuðir keppa til sigurs. (e)

20.10 *90210* (6:24) Bandarísk unglingsæria sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Annie er á allra vörum eftir frammi-stöðuna í skólaleikritinu en Adrianna neitar að viðurkenna að hún eigi við vandamál að stríða. Naomi reynir að koma foreldrum sínum aftur saman á tiskusýningu þar sem allt fer úr böndunum.

21.00 *Britain's Next Top Model* (5:10) Bresk raunveruleikasæria þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Kynnir þáttanna og yfirdómari er breska fyrirsætun Lisa Snowdon.

▶ 21.50 *CSI: Miami* (18:21) Bandarísk sakamálasæria um Horatio Caine og félagga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Maður lætur lífið þegar vegurinn gefur sig undan bíl hans. Þegar vettvangurinn er kannaður finnast göng sem leiða að banka en þetta er ekkert venjulegt bankarín.

22.40 *Jay Leno* Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

23.30 *Law & Order* (18:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. (e)

00.20 *Vörutorg*

01.20 *Óstöðvandi tónlist*

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 *Að norðan* Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

TILBOÐ

Á ÍSLENSKRI FRAMLEIÐSLU

50%
AFSLÁTTUR
AF HEILSUKODDUM

Íslensk rúm

allt að

30%

afsláttur

Rúm
Gott

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.45

Grey's Anatomy

Vinsælasti dramapáttur í heimi snýr aftur eftir stutt hlé. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarfnast gagnberra endurbóta til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins. Í kvöld vill fangi á leiðinni í rafmagnsstólinn gefa líffæri sín þannig að þau nýstist dauðvona sjúklingi.



VIÐ MÆLUM MED Weeds

Stöð 2 kl. 22.15

Ekkjan úrræðagóða, Nancy Bowden, ákvað að hasla sér völl sem eiturfjalsali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu. Hún sá það þá ekki fyrir hversu hættulegur hinn nýi starfsvettvangur hennar gæti verið og til að flækja málin enn meira er hún nú kolfallin fyrir lögreglumanni í fíkniefnadeildinni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfreginir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Auðlindin
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfreginir
- 10.13 Trío
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfreginir
- 13.00 Vitt og breitt
- 14.03 Á tónsviðinu
- 15.03 Útvarpssagan: Svörtu hestarnir
- 15.30 Seiður og hélog
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfreginir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Pipar og salt
- 21.10 Út um græna grundu
- 22.07 Veðurfreginir
- 22.12 Lestur Passíusálma
- 22.18 Bak við stjómurnar
- 23.10 Krossgötur
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (122:260)
- 16.30 Hollyoaks (123:260)
- 17.00 Seinfeld (11:24)
- 17.30 Armed and Famous (4:6)
- 18.15 Chubby Children (5:6)
- 19.00 Hollyoaks (122:260)
- 19.30 Hollyoaks (123:260)
- 20.00 Seinfeld (11:24) Kærasti Elaine býður Jerry afspymugóð kjör í bílakaupum.
- 20.30 Armed and Famous (4:6) Nýstárlegur raunveruleikapáttur um hóp af Hollywood-stjörnum. Þær eru settar í lögregluskóla og síðan er fylgst með þeim þar sem þær sinna lögreglustörfum í bænum Muncie í Indiana. Það eru Erik Estrada, Jack Osbourne, La Toya Jackson ásamt fleirum sem koma fram í þessum stórskemmtilegu þáttum.
- 21.15 Chubby Children (5:6) Paul Gately er sérfræðingur í ofþyngd og offitu barna. Hann heimsækir eina fjölskyldu í hverjum þætti þar sem markmið hans er að breyta hugsunarhætti og lífsmunstri þeirra svo að börnin fái heilbrigðari og bjartari framtíð.
- 22.00 Burn Notice (10:13) Njósnaarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda.
- 22.45 Rescue Me (9:13) Fjórdá serían um Tommy Gavin og félagan hans á slökkvistöð 62 í New York.
- 23.30 Réttur (4:6)
- 00.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

- 20.00 Lífsblómíð í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Rætt er um nudd og heilsufar.
- 21.00 Kolfinna Baráttukonan ætlar í fylkingarbjóst vinstri manna og tekur vikulega á málum. Hún býður til sín gestum og ræðir þjóðmálin.
- 21.30 Líf og land Auðkúlubóndinn Valdemar Ásgeirsson ræðir við Jón Bjarnason þingmann um nýja ríkisstjórn og viðhorf til landbúnaðar.

DR 1


- 12.05 Aftenshowet 2. del
- 12.30 Kender du typen
- 13.00 Det lille hus på prærien
- 13.50 Nyheder på tegnsprog
- 14.00 DR Update - nyheder og vejr
- 14.10 Boogie Mix
- 15.00 Pigerne Mod Drengene
- 15.30 Braceface
- 15.55 Oggy og kakerlakkerne
- 16.00 Svampebob Firkant
- 16.25 F for Får
- 16.30 SVV
- 17.00 Aftenshowet
- 17.30 TV Avisen med Sport
- 18.00 Aftenshowet med Vejret
- 18.30 Hvad er det værd?
- 19.00 Tæt på. En mors marendt
- 20.00 TV Avisen
- 20.25 Penge
- 20.50 SportNyt
- 21.00 Taggart
- 23.10 OBS
- 23.15 Onsdags Lotto
- 23.20 Godt arbejde

NRK1

- 12.00 NRK nyheter
- 12.05 Berlin, Berlin
- 12.30 Verdensarven
- 12.45 VM alpint
- 14.00 NRK nyheter
- 14.05 Par i hjerter
- 14.55 V-cup hopp
- 16.40 Oddasat - nyheter på samisk
- 16.55 Nyheter på tegnspråk
- 17.00 Lille Prinsesse
- 17.10 Ugler i mosén
- 17.35 Yokoi Jakamoko! Toto!
- 17.40 Distriktsnyheter
- 18.00 Dagsrevyen
- 18.30 Forbrukerinspektørene
- 18.55 E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag
- 19.25 Redaksjon EN
- 19.55 Distriktsnyheter
- 20.00 Dagsrevyen 21
- 20.30 VM-kveld
- 20.40 Sporløst forsvunnet
- 21.20 Vikinglotto
- 21.30 Migrapolis
- 22.00 Kveldsnytt
- 22.15 Lydverket
- 22.45 Lov og orden. New York
- 23.25 Life on Mars

SVT 1

- 12.05 Öga mot öga
- 12.45 Alpint
- 14.00 Förtvívans grans
- 15.00 Rapport
- 15.05 Gomorron Sverige
- 15.55 Alpint
- 16.55 Sportnytt
- 17.00 Rapport med A-ekonomi
- 17.10 Regionala nyheter
- 17.15 Go'kväll
- 18.00 Kulturnyheterna
- 18.15 Regionala nyheter
- 18.30 Rapport med A-ekonomi
- 19.00 Uppdrag Granskning
- 20.00 Sommer
- 21.00 The Tudors
- 22.00 Kulturnyheterna
- 22.15 Stormen
- 23.15 Måstarnas måstare
- 00.15 Sändningar från SVT24



BROS SEM BERST Á HVERU ÁRI

Þessa dagana berast brosandir ávísanir til tjónlausra viðskiptavina í Stofni og 20 þúsund íslenskar fjölskyldur fá glaðning inn um lúguna.

Til að spara Stofnfélögum sporin í bankann er einnig boðið upp á nýja og rafræna endurgreiðsluleið á sjova.is.

ÞÚ ÁTT MÖGULEIKA Á AÐ TVÖFALDA ENDURGREIÐSLUNA

Þeir viðskiptavinir sem kjósa að ráðstafa í gegnum vefinn fara í pott og eiga möguleika á að tvöfalda endurgreiðsluna.

Allar upplýsingar um Stofn endurgreiðslu er að finna á sjova.is eða í síma 440 2000.

RAFRÆN ENDURGREIÐSLA – ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI



STOFN

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Mér finnst gott að fara á Krúa Thai og líka á Búlluna. Þar fæ ég mér einn lítinn borgara.“

Ragnheiður Ágústsdóttir, myndlistarmaður og hönnuður.

Spilar fyrir milljónir Þjóðverja

Tónlistarmaðurinn Pétur Ben kemur fram í vinsælasta tónlistarþætti Þýska ríkissjónvarpsins, WDR, í lok næsta mánaðar. Milljónir manna horfa á þáttinn í hverri viku og því er um sérlega góða kynningu að ræða fyrir Pétur.

Hann segist ekki hafa þorað öðru en að taka þessu boði því ekki veiti af frekari kynningu þar í landi. „Ég er ekki búinn að vera það duglegur að spila í Þýskalandi. Ég hef farið í túr um Þýskaland svona tvisvar en bara í míflugumynd,“ segir hann og ætlar að nýta ferðalagið og halda þar fleiri tónleika.

Pétur mun spila ásamt hljómsveit sinni í heilar 75 mínútur fyrir framan hóp sjónvarpsáhorfenda og þarf því að vera í hörkuformi þegar

stóra stundin rennur upp. „Ég þarf að vera ansi vel búinn undir þetta,“ viðurkennir hann og hlakkar til verkefnisins.

Þátturinn, sem heitir Rockpalast, verður tekinn upp eins og um beina útsendingu sé að ræða en hann verður þó ekki sýndur beint, heldur um tveimur vikum seinna.

Pétur hefur annars í nógu að snúast hér heima. Hann tekur þátt í uppfærslu Íslenska dansflokksins á verkinu Velkomin heim auk þess sem hann er önnur kafinn við upptökur á nýrri plötu með Ellen Kristjánsdóttur sem er væntanleg fyrir jólin. Eftir að henni lýkur ætlar hann að taka upp sína aðra sólóplötu, sem einnig kemur út fyrir jólin ef allt gengur að óskum. - fb



PÉTUR BEN Tónlistarmaðurinn Pétur Ben kemur fram í einum vinsælasta tónlistarþætti Þýskalands í lok mars.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. ryk, 6. óhreinindi, 8. sjór, 9. kvk. nafn, 11. komast, 12. tími, 14. þráttá, 16. tímaeining, 17. angan, 18. auð, 20. hljóm, 21. málmhúða.

LÓÐRÉTT

1. kvenflík, 3. kringum, 4. skordýr, 5. bar, 7. andstaða, 10. for, 13. andmæli, 15. formóðir, 16. stefna, 19. í röð.

LAUSN

amna, 16. átt, 19. mn.
5. krá, 7. meðhöfði, 10. áur, 13. nei, 15. LÓÐRÉTT: 1. píls, 3. um, 4. sandfíli, ilm, 18. tóm, 20. óm, 21. tína.


LÁRÉTT: 2. kuski, 6. ím, 8. mar, 9. lóa, 11. ná, 12. títund, 14. þrefa, 16. ár, 17.

VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Sigurbjörn Bernharðsson
- 2 Tíbeta
- 3 Tzipi Livni utanríkisráðherra

TOPP 10:



DALAI LAMA Í HÖLLINI Í JÚNÍ En hver mun hita upp?

Ólíkleg upphitunaratriði fyrir Dalai Lama

1. Forsetinn mærir útrásina á ensku. Frábært grín og glens, fullt af misskilningi.
2. Flick flakk og heljarstökk með íþrótaálfnum.
3. Best of Goldfinger í boði Geira.
4. Mercedes Club kombakk og nú með Silvíu Nótt!
5. Hinn glæsilegi Hólmsteinn með skyggusýninguna Svona getur Ísland orðið ríkasta land í heimi.
6. „Hagfræðingarnir þrír“ syngja upp úr nýjstu skýrslu sinni.
7. Leonie frumflytur nýtt lag: Icelanders suck bigtime.
8. Hljómsveitin Gyllinæð rokkar upp mannskapinn.
9. Ástþór hinn snjalli leysir málin í jólasveinabúningi.
10. Hinir engum líku Klemenzsynir hreyta vel völdum fúkyrdum frá síðustu öld í áhorfendur.

BALTASAR KORMÁKUR: FRÁBÆRT AÐ FÁST VIÐ GERPLU OG VÍKINGAÖLD

Jói sem Þorgeir Hávarsson

„Þetta er náttúrulega frábær bók og betra að gera þetta á sviði en í bíó. Það má skoða síðar. Þetta er víðeð saga og áttak verður að koma henni á svið,“ segir Baltasar Kormákur leikstjóri sem mun leikstýra næstu jólasýningu Þjóðleikhússins. Það er sjálf Gerpla eftir Halldór Laxness sem til stendur að setja á svið – snilldarverk Halldórs Laxness sem lagði á sig óheyrliga vinnu í samvinnu við Jón Helgason prófessor við að ná orðfæri Íslendingasagna, studdist þá við Fóstbræðrasögu og dregur svo hetjusöguna sundur og saman í nöpru háði.

Baltasar segist hafa verið fenginn til að taka þetta verkefni að sér og hann hafi jánkæð því þótt hann hafi ýmis stórverkefni í pípunum á sviði kvikmyndagerðar, svo sem víkingamynd og Grafarþögn sem byggist á krimma Arnaldar Indriðasonar auk þess sem hann er nú að ljúka gerð myndarinnar Inhale. Baltasar er nýlega kominn heim frá Berlín þar sem hann var að kynna myndina og skoða samstarf við ýmsa um að koma að framleiðslu risavaxinnar víkingamyndar sem tekin verður hér á landi og á Írlandi. Þar var Baltasar nýverið að skoða töku-staði.

En að Gerplu. Baltasar segir glæsilegt að geta hent sér í víkingatímabilið. Handrit sé ekki tilbúið, hann kjósi að vinna undirbúningsvinnu með leikhópnum og leikgerðin sé svo unnin út frá því. Það vinnulag sníður verkið að möguleikum leikhópsins. „Kemur meira leikhús út úr því. Þetta er

BALTASAR KORMÁKUR Hyggst vinna með leikhópnum áður en til þess kemur að setja saman leikgerð sem byggist á Gerplu.



JÓHANNES HAUKUR Þótt hann hafi túlkað Geir Haarde afbragðsvel er þetta í fyrsta skipti sem hann fæst við persónu úr bókmenntasögunni að stærðargráðu Þorgeirs Hávarssonar.

vinnuáferð sem mér huggast best. Ná inntakinn frekar en sögunni.“


Undirbúningur er sem sagt þegar hafinn og Jóhannes Haukur Jóhannesson, sem margir muna meðal annars sem frábæran Geir H. Haarde í Áramótaskaupinu, verður í hlutverki hins sævintýrlega þrjúska Þorgeirs Hávarssonar. Hann er þegar lagstur í lestur Gerplu og Fóstbræðrasögu auk þess sem Jóhannes gluggar í ýmar ritgerðir um þessa bók sem svo margir bókmenntaáhugamenn elska. „Það er ágætt að skoða það sem menn hafa sett niður. Ég er ekkert hræddur við það sérstaklega, ekki með þessa leiksögn sem maður fær frá Baltasar. Hann veit hvað hann er að gera. Þegar maður tekur að sér svona ögrandi verkefni er gott að vita til þess að það er hann sem stýrir þessu

HALLDÓR LAXNESS Gerpla varð ekki síst til þess að hann hreppi Nóbelsverðlaunin en hann lagði gríðarlega vinnu í að ná orðfæri Íslendingasagna áður en hann tók til við að draga hetjusöguna sundur og saman í háði.

en ekki til dæmis... nei, úbbs,“ segir Jóhannes.

Lítlegra verður það Björn Thors sem leikur Þormóð Kolbrúnarskáld, fóstbróður Þorgeirs. En það er þó ófrágengið. „Ég neita því ekki að það er búið að tala við mig. Já, já, að sjálfsögðu höfðar verkefnið til mín. Stórvirki í bókmenntasögulegu sambengi og spennandi að setja það á svið. Engum blöðum er um það að fletta,“ segir Björn.

jakob@frettabladid.is



FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarkonan Ólöf

Arnalds lætur ekki sitt eftir liggja í kreppunni því hún hefur að undanfögnu staðið fyrir svokölluðu samstöðueldhúsi á heimili sínu. Þar býður hún þeim

sem hafa lítið á milli handanna vikulega upp á heimilismat gegn því að þeir leggi tvö hundruð krónur í púkk. Uppátækið hefur mælst afar vel fyrir og þykir Ólöf standa sig með miklum sóma í gestgjafahlutverkinu.



Baðstofan í World Class Laugum

hefur lengi þótt einhver fínasta sturtuðstaða á landinu, enda kostar nærri því þrisvar sinnum meira að þvo sér þar eftir átökin en í venjulegu sturtunum. Auðvitað fá baðstofugestir alls konar fineri með, baðsloppa, handklæði og aðgang að ýmsum konar sauna. Bjóssi og Dísu í World Class höfðu nú til útlendinga og auglýsa svokallað baðstofudekur. Útlendingarnir klóra sér þó líklega í hausnum því stafsetningarvilla hefur slæðst með í auglýsinguna. Auglýst er „spa treatment“.

Rústað, sem Borgarleikhúsið sýnir um þessar mundir, er með ofbeldisfyllri leikverkum sem hér hafa verið sett upp. Þar er boðið upp á misþyrmingar, nauðganir og eitt-hvað þaðan af verra og þykja Björn Thors og Ingvar E. Sigurðsson fara á kostum sem ofbeldismaðurinn og fórnarlambið. Áhorfendum finnst nokkuð óþægilegt að sjá hrottaskapinn í návígi og það bregst ekki að nokkrir áhorfendur yfirgefa salinn á hverri sýningu. Þeir sem hafa tekið verkið mest inn á sig hafa meira að segja farið ælandi út.

- fb, drg

Borð fyrir vini Davíðs vekur kátínu

„Ég skil ekkert í þessu. Af hverju eru allir svona á móti Davíð? Ekki er ég á móti honum. En þetta er ágætur húmor hjá pípurunum,“ segir Carl J. Johanesen matreiðslumeistari.

Í Borgartúni er staður Carls, Veislusetrið, og er þar þétt setinn bekkurinn í hádeginu. Nokkrir píparar eru fastagestir og þeir náttúrulega ræða mál mállanna sem er Davíð Oddsson seðlabankastjóri, hvort sem mönnum líkar betur eða ver. Pípararnir höfðu með sér mynd af Davíð og á borðinu er orðsending: Frátekið fyrir vini Davíðs. En þótt mikið sé að gera á Veislusetrinu í hádeginu þá er það sjaldan eða aldrei sem menn setjast við þetta borð. Carl

skilur ekkert í þessu því sjálfur telur hann sig til vina Davíðs. En þetta uppátæki hefur fallið í kramið meðal gesta staðarins og kallað fram kátínu.

Í sama húsi við Borgartún er gamla Rúgbrauðsgerðin – veislubjónusta ríkisins – og þar starfaði Carl áður. Hann þekkir því hvernig er að elda ofan í Davíð. „Ég hef oft eldað ofan í hann. Hér áður fyrr. Það var gott að „servera“ Davíð. Mjög skemmtilegur maður. Og gaman að gefa honum að borða. Og mikill húmoristi. Menn eru svo fljóttir að gleyma,“ segir Carl sem man ekki hvað það var sem Davíð vildi helst borða. „Davíð er ekki matvandur, enginn gíkkur heldur alvörumáður.“ - jbg



PÍPARARNIR BRJÓTA ODD AF OFLÆTI SÍNU Carl J. Johanesen og gestir hans. Pípararnir sáu að við svo búið mátti ekki standa og settust sjálfir við borðið sem annars hefur verið autt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BONUS BONUS BONUS BONUS



**KJÖTFARS, FERSKT
FRÁ KJARNAFÆÐI
10% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 442 KR./KG**

**EINIBERJAKRYDDAÐ
LÚXUS LAMBALÆRI
FRÁ KJARNAFÆÐI
1.455 KR./KG.
MERKT VERÐ 2.425 KR./KG.**

**SPARHAKK
FRÁ KJARNAFÆÐI
498 KR./KG.**



**NÝTT KJÖTFARS
- GAMALT VERÐ**

398

**40%
AFSLÁTTUR**

**HAGKVÆMT
FYRIR HEIMILIÐ**

498



**40%
AFSLÁTTUR**

**UNGHROSSASTROGANOFF
PRE-PACK FRÁ KJARNAFÆÐI
598 KR./KG.
MERKT VERÐ 998 KR./KG**



1.349

**VÍKINGASTEIK, BEINLAUS
FRÁ KJARNAFÆÐI
10% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 1.499 KR./KG**



**30%
AFSLÁTTUR**

**HROSSASALTKJÖT ÚRB.
FRÁ KJARNAFÆÐI
465 KR./KG.
MERKT VERÐ 664 KR./KG**



**40%
AFSLÁTTUR**

**BRAUÐSKINKA, PAKKAR
FRÁ KJARNAFÆÐI
1.019 KR./KG.
MERKT VERÐ 1.699 KR./KG**

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: FÖSTUD: 10:00 TIL 19:30. LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00



BAKÞANKAR
Kolbeins
Óttarssonar Proppé

Samvinnan

Það er athyglisvert að fylgjast með þeirri breytingu sem orðið hefur á högum þingmanna, allmargra þeirra í það minnsta. Tuttugu og fimm þingmenn sem áður voru í stjórn eru nú í stjórnarandstöðu og öfugt gildir um níu nýja stjórnarþingmenn. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem þetta gerist; eðli lýðræðisins er þannig að menn eiga að skiptast á að ráða eftir því hvernig almenn-ingur kýs og stjórnámálönnum semst að loknum kosningum. Þó er langt síðan jafnsnögg umskipti urðu á meirihluta á þingi og nú.

ÞAÐ sést gjörla á þingmönnum nú að það getur verið erfitt að vakna upp einn daginn í nýrri stöðu. Stjórnarandstæðingar sem allt í einu eru komnir til valda skilja lítt í kröfum núverandi stjórnarandstöðu um að tillit sé tekið til hennar. Sömu menn heimtuðu kannski manna hæst að tillit yrði tekið til minnihlutans, jafnvel minni minnihlutans, ekki bara stærri minnihlutans sem væri sammála meirihlutunum í þessu máli. Og þeir sem áður virtu ekki viðlits skoðanir þeirra sem ekki tilheyrðu meirihluta, telja það brot á góðum og gildum síðum að fara ekki í einu og öllu eftir því sem minnihlutinn leggur til.

ÞETTA er kannski bara mannlegt. Til eru dæmi um að minnihlutamenn í stjórnnum sveitarfélaga hafi lagt fram mál sem voru augljóslega hin bestu; flestum ef ekki öllum til hagsbóta. Þá hefur það stundum gerst að málinu er frestað og á næsta fundi kemur meirihlutinn með sama mál í nýjum búningi og kynnir sem sitt. Eins hefur minnihlutinn setið hjá eða greitt atkvæði gegn þjóðþrifamálum, aðeins vegna þess að þau komu frá meirihlutunum. Það var með öðrum orðum ekki hægt að samþykkja góð mál nema þú kæmir með þau sjálfur. Annað gæti gagnast andstæðingum.

Í aðdraganda fjárhagsáætlanagerðar sýndi fjöldi sveitarstjórna hins vegar þá ábyrgð að leggja slíka vitleysu til hliðar. Saman unnu minni- og meirihlutar að því að koma sveitarfélaginu sem best úr því áfalli sem nú hefur riðið yfir. Auðvitað ætti þetta alltaf að vera svona, að hagar fólksins væri ofar öllu, líka eigin atkvæðafjöldi.

VONANDI sjást svona vinnubrögð á þingi og vonandi er þetta komið til að vera. Samvinna er jú betri en sundurlyndi.



GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 11.
febrúar, 42. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.36	13.42	17.49
Akureyri	9.30	13.27	17.25

Heimild: Almanak Háskólans

Starfsfólk Glitnis svarar fyrirspurnum í dag milli kl. 17 og 21 í síma 440 4000



Starfsfólk Eignastýringar Glitnis, Almenna lífeyrissjóðsins og Glitnis Fjármögnunar svara spurningum viðskiptavina ásamt ráðgjöfum Glitnis.

Á glitnir.is getur þú einnig pantað fjármálaviðtal þar sem við bjóðum þér að setjast niður með okkur og fara ítarlega yfir stöðuna.